


AUÐUR KRISTÍN PÁLMADÓTTIR

*Fór með syni sínum og vinkonu til Bahama*

• á ferðinni • nám • bækur

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

BOGI OG NARMON

*200 milljóna króna tilboð dregið til baka*

Sjá fram á að missa veitingastaðinn sinn

FÓLK 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. desember 2008 — 338. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Með tærnar upp í loft



Sölvi Tryggvason fréttamaður heldur upp á þrítugsafmælið fyrir norðan, fjarri glaumi borgarinnar.

TÍMAMÓT 18

### Tónlistarmenn í hart



Gylfi Blöndal og fleiri ungir tónlistarmenn íhuga stofnun nýrra hagsmunasamtaka.

FÓLK 24

### Stóri bróðir enn á kreiki

„Frá ómunatíð hafa yfirvöld reynt að njósna sem vendilegast um þegna sína, sett á stofn leyniþjónustur ýmislegar," skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 16

### Meistaradeild Evrópu



Síðustu þrjú félögin komust áfram í 16-liða úrslitin í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING** Í fyrstu verður stíf sunnanátt við suður- og austurströndina annars hægari. Þurrt á Vestfjörðum fyrir hádegi annars rigning. Suðaustan 13-18 í kvöld með mikilli rigningu S- og V-lands.

VEÐUR 4

# Tíunda hver fjölskylda með yfir 80 prósenta veðsetningu

**Hópur húseigenda gæti verið á leið í nokkurs konar átthagafjötra vegna lækkandi húsnæðisverðs og hárra lána. Hagfræðingur ASÍ vill að skuldir þeirra verst settu verði færðar niður svo þeir ráði við afborganir.**

**EFNAHAGSMÁL** Veðsetningarhlutfall um það bil sextán prósenta lána Íbúðalánasjóðs til einstaklinga er yfir 80 prósentum. Gangi spár eftir um lækkandi fasteignaverð er hætt við að eignir fólks í eigin húsnæði brenni upp.

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði er veðsetningarhlutfall 7.746 fasteigna sem sjóðurinn hefur lánað til meira en 80 prósent. Kjarnafjölskyldur í landinu eru um 75 þúsund talsins, og því lætur nærri að tíunda hver fjölskylda skuldi svo hátt hlutfall.

Um helmingur íbúðalána er hjá Íbúðalánasjóði, annað eins er hjá bönkunum. Samkvæmt samantekt

**VEÐSETNINGARHLUTFALL**

| Veðsetning | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Undir 30% | 16.781 | 34,5% |
| 30 til 60% | 14.637 | 30,1% |
| 60 til 80% | 9.542 | 19,6% |
| 80 til 100% | 7.742 | 15,9% |
| **Samtals** | **48.706** | **100%** |

Heimild: Íbúðalánasjóður

Seðlabankans var tæplega tíunda hvert lán viðskiptabankanna með yfir 90 prósenta veðsetningu í árslok 2007.

Sigurður Geirsson, forstöðumaður innra eftirlits Íbúðalánasjóðs, segir tölur sjóðsins ekki gefa vísbendingar um afleiðingar kreppunnar. Of skammt sé liðið til að tölur endurspegli það.

Almennt þarf ekki að hafa áhyggjur þótt eigið fé í fasteignum fólks lækki og veðsetningarhlutfall hækki, segir Sigurður. Það breyti litlu þótt fólk skuldi meira en andvirði húsnæðisins ef það ætli sér að búa áfram í húsnæðinu, og ráði við afborganir.

„Fari skuldin upp fyrir verðmæti eignarinnar takmarkar það mjög hvað fólk getur gert og bindur það við að vera í sínu húsnæði. Það má líkja því við nokkurs konar átthagafjötra," segir Sigurður.

Staða þeirra sem skulda meira en andvirði húsnæðisins er grafalvarleg, segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.

Hann kallar eftir sértækum aðgerðum fyrir skuldsettasta hópinn sem ekki geti staðið undir afborgunum lengur. Enginn hagnist á fjöldagjaldþrotum.

„Íbúðaverð var orðið óeðlilega hátt svo kaupmáttur stóð ekki undir því. Að því leyti er lækkandi húsnæðisverð kannski eðlilegt," segir Ólafur Darri. Hann segir ákveðinn létti að sjá hversu stórt hlutfall lána hjá Íbúðalánasjóði sé með lágt veðsetningarhlutfall.

Þó alltaf sé slæmt að tapa eigninni, hafi það hækkað mikið á síðustu árum, segir Ólafur Darri. - bj



**ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI** Nakti apinn og V-Dagurinn hafa tekið höndum saman í tilefni af sextán daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Efnt hefur verið til hönnunarstofu í Nakta apanum og bolirnir sem þar verða til verða seldir fyrir jólin V-deginum til stuðnings. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðrún Eva Mínervudóttir:

## Þýskir slógust um Skaparann

**FÓLK Handagangur varð í öskjunni á réttindaskrifstofu Forlagsins í síðustu viku þegar þrjú stór þýsk forlög börðust hatrammri baráttu um útgáfuréttinn á bók Guðrúnar Evu Mínervudóttur, Skaparanum. Að endingu var það þýska forlagið btb sem stóð með pálmann í höndunum.**



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR

**„Þetta er einhver harðvítugasti slagur sem við höfum orðið vitni að um íslenska bók," segir Jóhann Páll Valdimarsson hjá Forlaginu. Umrætt forlag er afar virt og gefur meðal annars út bækur Murakami. Samningur Guðrúnar Evu gefur vel í aðra hönd.**

- fgg / sjá síðu 30

Töluverður kostnaður lendir líklega á Íslendingum vegna Icesave þrátt fyrir eignir:

# Milljarðatugir þótt eignir dugi

**EFNAHAGSMÁL** Ætla má að íslenskur almenningur þurfi að greiða upp undir eitt hundrað milljarða króna vegna Icesave-reikninga Landsbankans enda þótt eignir bankans í Bretlandi og Hollandi dugi fyrir innistæðutryggingum þegar upp er staðið.

Kostnaðurinn er fólginn í vöxtum af yfir 600 milljarða króna láni til að endurgreiða innistæðutryggingar, en ekki er gert ráð fyrir að eignir verði seldar upp í skuldir fyrr en að þremur árum liðnum.

Svo virðist sem íslensk stjórnvöld hafi gefið sér það sem forsendu að íslenska ríkið ábyrgðist Icesave-innistæður, frá upphafi bankahrunsins.

Ellefta október, fáum dögum eftir setningu neyðarlaganna, var tilkynnt um samkomulag við Hollendinga. Þá virðist vera gert ráð fyrir því að ríkið ábyrgðist Icesave í bréfi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þriðja nóvember.

Skömmu síðar sagði forsætisráðherra að Íslendingar myndu ekki láta kúga sig til þess að taka á sig þessar skuldbindingar, en þá virtist ætla að verða dráttur á aðstoð AGS, nema Íslendingar ábyrgðust innlán Landsbankans ytra. - ikh / sjá Markaðinn









## SPURNING DAGSINS



*Álfheiður, er þetta allt að fara í handaskolum hjá strákunum?*

„Já, þetta er allt að fara í handaskolum hjá þeim. Það er bara spurning hver á að þurrka upp eftir þá!“

Álfheiður Ingadóttir, þingmaður VG, hefur sagt fjármálaráðherra þvo hendur sínar af rekstri nýju bankanna. Hún býst við svipaðri frammistöðu frá viðskiptaráðherra.

Allsherjarnefnd vill gera breytingar á frumvarpi um sérstakan saksóknara:

# Rannsaki fyrir og eftir hrun

**ALÞINGI** Allsherjarnefnd Alþingis vill að sérstakur saksóknari, sem til stendur að annist rannsókn á refsiverðri háttsemi í aðdraganda bankahrunsins, fái einnig heimildir til að rannsaka atburði í kjölfar þess að neyðarlög voru sett.

Í áliti nefndarinnar kemur fram að hið svokallaða uppljóstraraákvæði í lögunum á sér ekki hliðstæðu á Norðurlöndunum. Þar kveður á um að komi starfsmaður fyrirtækis upplýsingum um ólöglegt athæfi á framfæri sé heimilt að falla frá því að sækja viðkomandi til saka.

Allsherjarnefnd vill raunar víkka ákvæðið út svo það taki einnig til fyrrverandi starfsmanna og annarra sem upplýsingar kunni að hafa. Hagsmunir af því að fá brot upplýst geti verið mun meiri en að viðkomandi uppljóstrari verði sóttur til saka. Þó telur nefndin rétt að það komi fram í dómum sé ákvæðinu beitt.

Rétt er að birt verði opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign og önnur tengsl sérstaks saksóknara og fólks í viðskiptalífinu sem tengist honum, segir í nefndarálitinu. Nauðsynlegt sé að upplýsa um slíkt til þess að saksóknarinn njóti almenns trausts.

Þá leggur nefndin til að saksóknarinn fái heimild til að fá upplýsingar um stöðu mála hjá réttarvörslu- og eftirlitsstofnunum. - bj



**ALLSHERJARNEFND** Nefndin leggur til að birt verði opinberlega tengsl saksóknarans við viðskiptalífið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Rannsókn KPMG á Glitni:

# Ráðherra vissi af rannsókninni

**EFNAHAGSMÁL Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, segist hafa vitað um rannsókn KPMG á Glitni. Kastljós hélt öðru fram í gær.**

**„Þetta er galin frétt, að sjálfsögðu vissi ég alltaf um rannsóknir endurskoðunarskrifstofanna á bönkunum. Í gær frétti ég af hagsmunaárekstrum KPMG og hafði samband við formann skilanefndar og Fjármálaeftirlitið. Það gefur augaleið að þeir geta ekki rannsakað bankann.“**

**Aðspurður segir hann að auðvitað hefði átt að rannsaka hagsmunina strax, það hafi ekki komið upp fyrr en nú.** - kóp

Könnun á trausti til stofnana:

# Átta af tíu vantreysta FME

**KÖNNUN** Fjármálaeftirlitið (FME) kom verst út úr nýrri könnun á trausti almennings til stofnana og fyrirtækja. Alls sögðu 80,2 prósent aðspurðra að þeir treystu FME frekar eða mjög lítið. Könnunin var unnin af markaðsrannsóknafyrirtækinu MMR.

Aðspurðir sagðist 80,1 prósent bera lítið eða mjög lítið traust til bankakerfisins. Litlu fleiri sögðust vantreysta Seðlabankanum, 74,1 prósent.

Samkvæmt könnuninni bera 54,8 prósent frekar eða mjög lítið traust til Alþingis, og 61,4 prósent treysta ekki ríkisstjórninni.

Mests trausts njóta Háskóli Íslands, Fréttastofa Sjónvarps og lögreglan. - bj

Formaður Framsóknarflokks:

# Þjóðstjórn ekki komið til tals

**STJÓRNMÁL „Varla eru þeir að mynda þjóðstjórn án þess að ég sé með en það er ekki gott að segja hvað þetta táknar,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, starfandi formaður Framsóknarflokksins.**



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

**Hún var spurð um fréttir af einkafundi Össurar Skarphéðinssonar og Ögmundar Jónassonar um helgina. Skýrt var frá fundinum í blaðinu í gær og sagði Ögmundur að þeir hefðu verið að ræða „sitt af hverju“ en ekki um stjórnarmyndun.**

**„Ég hef ekki verið á neinum leynifundi. En það er ekki gott að segja hvort það er eitthvað að gerast,“ segir Valgerður.** - kóp

# Engin svör um dótturfélög í Lúxemborg

**Skattrannsóknarstjóri fær ekki aðgang að upplýsingum um dótturfélög bankanna í Lúxemborg. Segir skilanefnd Kaupþings gefa út villandi upplýsingar í yfirlýsingu í gær. Forsætisráðherra segir embættið verða að geta unnið sín störf.**

**EFNAHAGSMÁL** Skilanefndir bankanna þriggja neita að upplýsa skattrannsóknarstjóra um málefni dótturfélaga sinna í Lúxemborg. Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri telur hættu á að rannsóknin gefi ekki rétta mynd vanti þessar upplýsingar.

Skattrannsóknarstjóri vill ekki upplýsa um hvaða félag ræðir, en það er skráð í Lúxemborg og hefur embættið ástæðu til að ætla að það tengist einhverjum bankanna þriggja. Bryndís segir fyrirspurn um hvort hver banki, útibú hans eða dótturfélag hefði komið að stofnun eða átt í viðskiptum við félagið með einhverjum hætti. Allir bankarnir svöruðu hvað varðar höfuðstöðvar hérlendis, en ekki dótturfélög.



BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

Skilanefnd Kaupþings sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna fréttar RÚV um málið. Þar segir að nefndin hafi veitt allar þær upplýsingar sem nefndinni eru tiltækar og óskað hafi verið eftir. Kaupþing banki hf. hafi ekki haft neina aðkomu að því félagi sem var tilefni fyrirspurnarinnar.

Bryndís segir þetta villandi upplýsingar. Þar segir að ekki sé fallist á að íslensk skattyfirvöld geti lagt þá skyldu á íslenskt hlutafélag að „annast um söfnun, úrvinnslu eða miðlun upplýsinga varðandi viðskipti eða samskipti erlends dótturfélags við þriðja aðila. [...] Samkvæmt ofangreindu getur Kaupþing ekki veitt umbeðnar upplýsingar að því marki sem beiðnin varðar erlend dótturfélög bankans“.

Skilanefnd Glitnis vísaði í sínu svari til umsjónarmanns sem yfirvöld í Lúxemborg hafi skipað með dótturfélagi bankans. „Skilanefnd Glitnis hefur þar af leiðandi ekkert með málefni dótturfélags í Lúxemborg að gera á þessu stigi og getur þar af leiðandi ekki hlutast til um þær upplýsingar sem beðið er um í erindinu varðandi það félag sem um ræðir.“

Bryndís segist ekki geta skilið það með öðrum hætti en að skattyfirvöld séu ekki með aðgang að neinum gögnum í dótturfélögum bankanna í Lúxemborg.

kolbeinn@frettabladid.is



**BANKARNIR ÞRÍR** Skattrannsóknarstjóri fær ekki upplýsingar um eignarhald dótturfélaga bankanna í Lúxemborg. Rannsókn embættisins geti gefið ranga mynd af þeim sökum.

## FORSÆTISRÁÐHERRA SPURÐUR Á ÞINGI

Steingrímur J. Sigfússon spurði forsætisráðherra á þingi í gær hvort ríkisstjórnin ætlaði að láta það gerast að mikilvæg rannsóknargögn töpuðust við sölu dótturfélaga.

Geir H. Haarde svaraði því til að mikilvægt væri að gögnum yrði ekki spillt og skattrannsóknarstjóri eigi að geta unnið sín störf. „Mér er tjáð að hægt sé að koma eignum Kaupþings í Lúxemborg í verð í samstarfi, það hlýtur að vera háð því að Ísland afsali sér í engu möguleikum á að afla rannsóknargagna.“



**ELDSVOÐI** Engar skemmdir urðu á listaverkum sem voru í forvörsludeild Listasafnsins þar sem eldur kom upp í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bruni í Listasafni Íslands:

# Kviknaði í neyðarljósinu

**SLYS** Eldur kom upp í ljósabúnaði sem nýverið hafði verið komið upp á forvörsluverkstæði Listasafns Íslands í gær. Deildin er til húsa á Laufásvegi 14.

Ólafur Ingi Jónsson varð eldsins var og brást hárrétt við. Honum tókst að slökkva eldinn áður en Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bar að garði. Minniháttar reykjarslæða var í húsinu og var það reykræst. Ekki er útlit fyrir að nokkrar skemmdir hafi orðið vegna brunans.

Eldurinn kom upp í neyðarljósi og brann plastið í kringum ljósið. Forvarnardeild slökkviliðsins rannsakar nú hvers vegna kviknaði í ljósinu. - kóp

## NORÐURLÖND

### Styrkja íslensk börn

Norrænu félögin hafa gefið út vináttumerkið „Norrænir vinir Íslendinga“ sem er nú komið í sölu. Tekjurnar fara allar í að styrkja íslensk börn og unglinga til að taka þátt í norrænu samstarfi á næsta ári.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ekið á tvö hreindýr í Lóni

Tvö hreindýr urðu fyrir vörubíl við Laxá í Lóni aðfaranótt þriðjudags. Dýrin drápust við áreksturinn en bílstjórann sakaði ekki og óverulegt tjón varð á bílnum.






Í tilefni af ummælum Kristins H. Gunnarssonar á Alþingi í gær:

# Athugasemd ritstjóra

Í umræðum um Ríkisútvarpið á Alþingi í gær vék Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, þessum orðum að Fréttablaðinu: „Fréttablaðið kastaði sínum trúverðugleika út um gluggann þann dag sem að eigandinn tók það í sínar hendur að stýra því hvaða greinar birtust og lét birta grein eftir sjálfan sig sama dag og gagnrýni á hann birtist í Morgunblaðinu. Fréttablaðið er ekkert annað en áróðurssnepill eiganda síns og einskis verður sem fréttamiðill um þessar mundir.“

Af þessu tilefni vilja ritstjórar Fréttablaðsins taka eftirfarandi fram: Greinin sem Kristinn vísar til var eftir Jón Ásgeir Jóhannesson, aðaleiganda útgáfufélags Fréttablaðsins. Hún var andsvar Jóns við skrifum í sunnudagsblað Morgunblaðsins, sem þrátt fyrir nafnið kemur út laust eftir hádegi á laugardögum. Grein Jóns birtist í sunnudagsblaði Fréttablaðsins, sem kemur út á sunnudögum. Ólíkt Morgunblaðinu kemur Fréttablaðið út alla daga vikunnar og nýtur þess í samkeppni blaðanna. Rétt er að benda á að sama grein Jóns birtist eða var til umfjöllunar í helstu fréttamiðlum landsins á laugardagskvöldinu.

Grein Jóns birtist í þeim hluta Fréttablaðsins, sem meðal annars er tekinn frá fyrir aðsent efni. Það er hversdagsleg aðgerð að aðsendum greinum sé hnikað þar til. Sama gildir um slíkar greinar og annað efni blaðsins. Þær greinar sem þykja varpa ljósi á líðandi atburði fá forgang.

Þess má geta að sömu helgi var grein eftir bankastjóra Seðlabanka Íslands tekin til birtingar með jafn stuttum fyrirvara og grein Jóns. Tveimur dögum þar á undan var skapað pláss fyrir langa aðsenda grein eftir Kára Stefánsson með skömmum aðdraganda.

Allar þessar greinar áttu sameiginlegt að vera áhugaverð lesefni um málefni sem var í brennidepli. Þær eiga það líka sameiginlegt að koma fréttaflutningi blaðsins ekki við, fremur en annað aðsent efni, eins og Kristni H. Gunnarssyni á að vera fullkunnugt um.

*Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson, ritstjórar Fréttablaðsins.*



# Jóla glaðningur



1.932 kr.

**Mabeline maskarakassar**
Blandaðar gjafaöskjur með Mabeline möskurum og girnilegum glossum.




2.889 kr.

**Puma I´m going**
Puma i´m going gjafakassi fyrir herra.
Edt 25 ml, sturtugel 50 ml og svitalyktareyðir 50 ml.




2.995 kr.

**L´Oréal Revitalift gjafaaskja**
L´Oréal Revitalift andlitskrem sem vinnur gegn fínum línum og andlitshreinsir sem hentar öllum húðgerðum.




7.749 kr.

**Zirh**
Age Defying Duo frá Zirh.




9.730 kr.

**Omron M2 Compact**
Alsjálfvirkur blóðþrýstingsmælir fyrir upphandlegg.
Góður mælir á góðu verði.



1.489 kr.

**Weleda**
Askja með 4 tegundum af sturtusápum.




2.347 kr.

**Decubal snyrtitaska**
Decubal sturtusápa, baðolía, 100 ml krem og svampur í sturtuna.




**Gjafakort á heilsufarsmælingar - jólatilboð!**
Við mælum blóðfitu, blóðþrýsting, blóðsykur, beinþéttni og öndun. Fæst í Lágmúla og Smáratorgi.

Jólatilboð
3.890 kr.

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 44380 12/08

## GENGIÐ 09.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,43 | 111,97 |
| Sterlingspund | 165,11 | 165,91 |
| Evra | 143,36 | 144,16 |
| Dönsk króna | 19,241 | 19,353 |
| Norsk króna | 15,653 | 15,745 |
| Sænsk króna | 13,661 | 13,741 |
| Japanskt jen | 1,202 | 1,209 |
| SDR | 166,16 | 167,16 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
190,7223

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eigandi húss við Laugaveg tapaði 40 milljónum vegna svikinna loforða banka:

# Fjármagnsskortur tefur framkvæmdir

**SKIPULAGSMÁL** „Ég gaf húsið bara, yfirtók skuldir og tapaði 40 milljónum á þessu,“ segir Óli Þór Barðdal, fyrrverandi eigandi húss við Laugaveg 46.

Óli Þór keypti húsið í október á síðasta ári en þá hafði það staðið autt um nokkurn tíma og höfðu útigangsmenn gert sig heimakomna í húsinu. Hann áætlaði að gera húsið upp svo það yrði sem líkast því sem var árið 1905, þegar það var byggt. Hönnun endurbóta var lokið auk þess sem deiliskipulagsbreytingar höfðu fengist samþykktar.

Óli Þór segist hafa fengið munnleg loforð um framkvæmdalán og því hafi hann hafist handa við skipulagningu og grenndarkynningu. „Bankinn sveik svo það sem áður var lofað svo það var ekkert hægt að gera,“ segir Óli Þór. Hann segist hafa beðið í hálft ár eftir framkvæmdaláni. „Ég gat bara ekki beðið lengur þar sem ég hafði ekki efni á að borga milljón á mánuði í ekki neitt,“ segir Óli Þór. Hann hafi því neyðst til að láta húsið frá sér í október síðastliðnum.

Sigurður Jensson, fjármálastjóri Sola Capital ehf. og núverandi eigandi hússins, segir að enn standi til að færa húsið til þess útlits sem það var í þegar það var byggt. „Götumyndin verður óbreytt en forskalning verður tekin af húsinu auk þess sem viðbygging verður aftan við húsið,“ segir Sigurður. **- ovd**



**LAUGAVEGUR 46** Lítill sómi er að húsinu þar sem það stendur lokað við Laugaveg en vonast er til að framkvæmdir við endurgerð þess hefjist von bráðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

LHÍ þarf að vísa frá nemum:

# Fjölgar mjög í kennaranámi

**MENNTUN** Mun fleiri sóttu um að komast inn á vorönn í kennaranám fyrir listamenn við Listaháskóla Íslands en á sama tíma í fyrra.

Alls bárust 47 umsóknir og getur skólinn ekki orðið við þeim öllum. Í fyrra bárust átta umsóknir, að sögn Álfrúnar G. Guðrúnardóttur, kynningarstjóra LHÍ.

Arkitektar, hönnuðir og myndlistarmenn eru meðal umsækjanda í námið.

Um miðjan mánuðinn verður ljóst hverjir fá inngöngu í námið, en þeir verða um tuttugu talsins. **- kóp**



**KLIPPUR** Beita þurfti klippum til að ná farþegum úr fólksbílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rúta og fólksbíll skullu saman:

# Fjórir meiddust á árekstri

**SLYS Harður árekstur fólksbíls og lítillar rútu varð við gatnamót Kringlumýrar- og Suðurlandsbrautar í Reykjavík á ellefta tímanum í gærmorgun.**

**Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu beitti klippum til að ná tveimur farþegum úr fólksbílnum og voru þeir fluttir á slysadeild ásamt tveimur farþegum rútunnar. Ekki fengust upplýsingar um líðan þeirra þar sem læknir á slysadeild neitaði í gær að ræða við fjölmiðla.**

**Bílarnir voru báðir töluvert skemmdir og fjarlægðir með kranabíl. Rútan er sérbúin fyrir flutninga með hjólastóla. - kóp**

## ÁRÉTTING

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær að Jón Ásgeir Jóhannesson væri eini eigandi Sýnar ehf., sem á 365 miðla ehf. Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir að Jón Ásgeir eigi ríflega 70 prósenta hlut í Sýn. Hann segir Pálma Haraldsson vera næststærsta hluthafann í Sýn, en sagði ekki tímabært að upplýsa hverjir aðrir eigi í félaginu. Ari segir unnið að því að fá inn nýja hluthafa, og vonir standi til þess að hægt verði að tilkynna um það fyrir jól. Markmiðið sé að Jón Ásgeir og félög honum tengd eigi innan við 40 prósent í 365 miðlum, eins og raunin hafi verið með 365 hf., nú Íslenska afþreyingu.

# Hagræðingin bitnar ekki á fréttum RÚV

**Til greina kemur að ríkið yfirtaki lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins og kaupi hús þess. Margir þingmenn lýsa áhyggjum af stöðu RÚV og vilja endurskoða rekstrarformið. Menntamálaráðherra telur fréttaflutningi ekki ógnað.**

**ALÞINGI** Þingmenn allra flokka sögðu starfsemi Ríkisútvarpsins mikilvæga í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær.

Rætt var um málið að ósk Katrínar Jakobsdóttur, varaformanns VG, í ljósi rekstrarvanda fyrirtækisins og hagræðingaraðgerða. Lýsti hún áhyggjum af fréttaflutningi RÚV í ljósi þess að fækkað hefur um 25 starfsmenn á fréttasviði þess á árinu. Furðaði hún sig jafnframt á háum launum útvarpsstjóra.

Þá spurði Katrín menntamálaráðherra hvort til greina kæmi að ríkið tæki yfir lífeyrisskuldbindingar RÚV og dró í efa að rekstrarformið, opinbert hlutafélag, væri hið rétta.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra benti á að aðstæður í efnahagslífinu hefðu valdið öllum fjölmiðlafyrirtækjum búsifjum, ekki bara Ríkisútvarpinu. Auglýsingamarkaðurinn hefði dregist saman um 40 prósent og allur rekstrar- og fjármagnskostnaður stóraukist. Tugum hefði verið sagt upp störfum á öllum fjölmiðlum. Þorgerður sagði rekstrarform RÚV ekki skipta máli í þessu sambandi, nema þá hugsanlega til góðs.

Hún sagði athugandi hvort ríkið gæti aflétt lífeyrisskuldbindingum RÚV og hvort það ætti að kaupa Útvarpshúsið við Efstaleiti. Þá sagði hún það sitt mat að hagræðing fyrirtækisins bitnaði ekki á fréttaflutningi þess. Þorgerður ítrekaði þá skoðun sína að takmarka beri svigrúm RÚV á auglýsingamarkaði.



**RÍKIÐ LÉTTI BYRÐARNAR** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Katrín Jakobsdóttir eru sammála um að skoða beri hvort ríkið eigi að yfirtaka lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins ohf. Rætt var um RÚV utan dagskrár á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tekjutapi vegna slíkra aðgerða yrði þó að mæta með auknum framlögum.

Höskuldur Þór Þórhallsson Framsóknarflokki, Katrín Júlíusdóttir Samfylkingunni og Kolbrún Halldórsdóttir VG sögðu rétt að endurskoða rekstrarform RÚV og Grétar Mar Jónsson, Frjálslynda flokknum, sagði að hætta ætti öllum auglýsingum í Ríkisútvarpinu.

Einar Már Sigurðarson Samfylkingunni benti á að einhugur hefði ríkt um hagræðingaraðgerðirnar í stjórn Ríkisútvarpsins. Í stjórninni ættu fleiri en stjórnarflokkarnir sæti.

Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins ohf. nema um þremur milljörðum króna og vegna þeirra þarf fyrirtækið að greiða um 300 milljónir króna á ári.

**bjorn@frettabladid.is**

Þingfararkaup lækkar brátt:

# Borgarfulltrúar lækka í launum

**REYKJAVÍK Borgarfulltrúar koma til með að lækka í launum í hlutfalli við fyrirhugaða launalækkun alþingismanna, en laun þeirra eru 80 prósent af þingfararkaupi.**

**„Þetta er ólíkt launum í flestum öðrum bæjarfélögum því þetta gerist bara sjálfkrafa,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.**

**Spurður hvort til greina hafi komið að ganga enn lengra og lækka launin frekar, segir Kjartan að ýmsar hugmyndir hafi verið uppi um launalækkanir: „En fæst orð bera minnsta ábyrgð.“**

**Bæjarfulltrúar í Bolungarvík lækkuðu laun kjörinna fulltrúa um allt að 20 prósent nýlega. - kóp**

Tilkynnir afstöðu sína í janúar:

# Samherji útilokar ekki ESB

**SJÁVARÚTVEGUR** Forsvarsmenn útgerðarfyrirtækisins Samherja útloka ekki aðild að Evrópusambandinu. Þetta sögðu þeir Þorsteinn Már Baldvinsson forstjóri og Kristján Vilhelmsson útgerðarstjóri í fréttum Stöðvar 2 í gær.



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON**

Þorsteinn segir mjög erfitt að reka útgerðarfélag í þeim gengisólgusjó sem nú sé. Umræða um málið fari fram í Samherja og dótturfélögum og verði tilkynnt um niðurstöðu hennar í janúar.

Fyrirtækið hefur rekið starfsstöðvar innan Evrópusambandsins og í Afríku og er erlend starfsemi um 70 prósent af heildarstarfsemi þess. **- kóp**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VATNSVEÐUR**
Í dag eru tvenn úrkomukerfi að störfum ef svo má að orði komast. Núna með morgninum verður víða rigning á landinu, síst þó á Vestfjörðum. Eftir hádegi kemur lægð upp að landinu með vaxandi vind og vætu. Má búast við 10-18 m/s á landinu með kvöldinu en hvassara á hálendinu. Samfara þessu má búast við mikilli rigningu sunnan til og vestan.




**Á MORGUN**
8-13 m/s en suðaustan stormur um kvöldið

**MÁNUDAGUR**
8-15 m/s hvassast sunnan og vestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 6° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 4° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | -6° |
| París | 3° |
| Róm | 14° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Mikið úrval
## af snyrtivöru gjafakössum






**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir herra
með andlitskremi, rakageli og hreinsigeli
í smart tösku.




**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir herra
með andlitskremi, sem gefur góðan raka
og hreinsigeli fyrir andlit.




**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir dömur
Collagen filler sem gefur fínum línum
fyllingu og góður maskari.




**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir dömur
með Revitalift andlitskremi sem vinnur
gegn fínum línum og andlitshreinsi.




**L´ORÉAL** gjafakassi fyrir dömur
með brúnkukremi sem gefur góðan raka
og maskara sem lengir og þykkir.




**Maybelline** gjafaaskja fyrir dömur
með XXL 2ja þrepa maskara með næringu
og girnilegu glossi.




**Maybelline** gjafaaskja fyrir dömur
með volume maskara, sem gefur augnhárunum
3x meira umfang og girnilegu glossi.




**Maybelline** gjafaaskja fyrir dömur
Sky High Curves maskari, sem gefur augnhárunum
fallega sveigju og aukna lengd og girnilegt gloss.




**Maybelline** gjafaaskja fyrir dömur
með Lash Stylist maskara og girnilegu glossi.

Ekki fáanlegt á Eiðistorgi, í Borgarnesi eða Njarðvík.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú fengið kartöflu í skóinn?*

| | |
|---|---|
| Já | 34% |
| Nei | 66% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú þá sem mótmæltu í Alþingishúsinu á mánudag, og við Ráðherrabústaðinn á þriðjudag?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Fjármálastofnanir óska þess að Íbúðalánasjóður yfirtaki íbúðalán þeirra:

# Yfirtekur lán á næstu vikum

**EFNAHAGSMÁL** „Nokkrar fjármálastofnanir hafa á síðustu dögum farið þess á leit við Íbúðalánasjóð að hann taki yfir íbúðalán þeirra,“ segir Ásta H. Bragadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs. Hún gefur hins vegar ekki upp að svo stöddu hverjar þær eru.

Að sögn Ástu hafa umsóknirnar ekki verið afgreiddar. Sjóðurinn hefur því enn ekki tekið yfir íbúðalán útgefin af bönkunum. Ásta á von á að það verði á næstu tveimur til fjórum vikum. Útfærslan muni skýrast betur á þeim tíma.

Með neyðarlögunum sem sett voru 6. október var Íbúðalánasjóði heimilað að taka yfir íbúðalán fjármálastofnana. Félagsmálaráðherra undirritaði reglugerð um málið 26. nóvember. Bankarnir þurfa hins vegar sjálfir að óska eftir yfirfærslunni. Það geta hvorki lántakendur né Íbúðalánasjóður gert.

Reglugerðin tekur bæði til verðtryggðra lána í krónum og lána í erlendum myntum. „Yfirtaka erlendu lánanna er öllu flóknari,“ segir Ásta. Engar reglur hafi verið gefnar út um hvernig standa eigi að yfirtöku þeirra. Því sé áhersla nú fyrst og fremst lögð á íslensku lánin.

Ekki hefur, að sögn Ástu, komið til tals að erlendum íbúðalánum verði breytt í íslensk við flutninginn yfir í Íbúðalánasjóð. **- hhs**



**ERLEND MYNT** Það gæti tekið Íbúðalánasjóð lengri tíma að taka yfir erlend lán heldur en íslensk, þar sem framkvæmdin er flóknari.

Athugun KPMG á Glitni:

# Vilja eftirlit óháðs aðila

**EFNAHAGSMÁL Endurskoðunarfyrirtækið KPMG hefur óskað eftir því við skilanefnd Glitnis að fenginn verði sérstakur óháður aðli til að tryggja að niðurstöður könnunar KPMG á aðdraganda bankahrunsins hjá Glitni verði hafnar yfir allan vafa.**

**Þetta kemur fram í tilkynningu sem send var fjölmiðlum í gær. Þar segir að starfsmenn KPMG hafi lagt sig fram um að framkvæma skoðunina á faglegum forsendum. KPMG starfaði fyrir stærstu hluthafa Glitnis fyrir bankakreppuna, og hefur það sætt gagnrýni að fyrirtækið taki að sér að rannsaka Glitni. - bj**




# Tíu þúsund fyrir að skipta um íþróttalið

**Umboðsmaður barna hefur óskað eftir gögnum frá ÍSÍ um hvernig staðið er að gjaldtöku fyrir félagaskipti ungmenna innan aðildarfélaga sambandsins. Íshokkísambandið krefur sextán ára dreng um tíu þúsund krónur vegna félagaskipta.**

**BÖRN** Umboðsmaður barna, Margrét María Sigurðardóttir, hefur óskað eftir upplýsingum frá Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) um hvernig sé staðið að gjaldtöku við félagaskipti ungmenna. Kveikjan að málinu er að Íshokkísamband Íslands rukkar sextán ára íshokkípilt um tíu þúsund krónur fyrir að skipta um lið.

Pilturinn hafði æft með Skautafélagi Reykjavíkur um árabil. Í haust skipti hann yfir í félagið Björninn en hann hefur ekki fengið að spila með liðinu enn, þar sem tíu þúsund krónurnar hafa ekki verið greiddar.

Móðir piltsins, Guðrún Ólafsdóttir, telur gjaldtökuna ólögmæta og leitaði skýringa hjá Íshokkísambandinu. Í svari til hennar kemur fram að eftir að einstaklingur hefur verið skráður einu sinni í félag tilheyri hann því félagi þar til hann óski eftir félagaskiptum. Reglunum sé ætlað að vernda hagsmuni félaganna þriggja innan ÍHÍ. Ákveðið hafi verið að sextán ára og eldri skyldu greiða fyrir félagaskipti.

„Félagaskiptin fóru fram utan keppnistímabilsins og við höfum aldrei skrifað undir samning með þessum skilmálum,“ segir Guðrún, sem ætlar ekki að sætta sig við gjaldtökuna. Hún sneri sér því til umboðsmanns barna. Í svari umboðsmanns til Guðrúnar segir að hvorki ÍHÍ, né einstökum félög innan þess, hafi heimild til að ákveða einhliða reglur sem eru íþyngjandi fyrir félagsmenn nema að fyrir liggi sérstakur samningur eða samkomulag.

Margrét María segir jafnframt vert að skoða hvernig stofnað er til krafna innan íþróttahreyfinganna. „Það má ekki beina kröfum að börnum, það er alveg ljóst,“ segir hún. Málið sé annars í farvegi og nú sé beðið svara frá ÍSÍ.

Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ segir að málinu hafi verið vísað til laganefndar ÍSÍ, sem hittist í vikunni og komi væntanlega með svör í kjölfarið. Lengi hafi tíðkast innan aðildarsamtaka ÍSÍ að tekið sé gjald fyrir félagaskipti, þó það sé óvenjuhátt í þessu tilfelli.

„Við viljum að sjálfsögðu fá úr því skorið á afgerandi hátt hvort þessi gjaldtaka stangist á einhvern hátt á við lög. Þegar úrskurður laganefndar liggur fyrir munum við óska eftir fundi með umboðsmanni barna þar sem málið verður útskýrt.“

**holmfridur@frettabladid.is**



**BARIST TIL SIGURS** Foreldrar sextán ára pilts neita að greiða tíu þúsund krónur fyrir félagaskipti sonar síns. Þau telja gjaldtökuna ólöglega. Myndin tengist ekki efni greinarinnar beint.

> Félagaskiptin fóru fram utan keppnistímabilsins og við höfum aldrei skrifað undir samning með þessum skilmálum.
>
> **GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR**
> MÓÐIR







**Neytendur:** Nikótíntyggjóið er ekki gefið

# *Rándýrt hjálpartæki*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Það er bráðdrepandi að reykja; alger vitleysa, eins og Rut Reginalds söng á sínum tíma. Til að losna við líkkistunaglana úr lífi sínu bregða margir á það ráð að japla á nikótíntyggjói daginn út og inn. Sumir verða háðir því í staðinn og japla jafnvel á gúmmíinu árum saman. Þó það sé skárra heilsunnar vegna kveinkar buddan sér. Sérstaklega um þessar mundir þegar íslenska krónan stendur illa.

*„Ég fór í Lyf og heilsu í Keflavík áðan og keypti 24 stykki af Nicotinell Lakrids 4 mg,“* skrifar Helga Erla. *„Þetta er álíka mikið magn og einn sígarettupakki fyrir reykingamanneskju. Pakkinn kostar um 660 kr. í dag. Mér blöskraði þegar ég greiddi rúmlega 1660 kr. fyrir pakkann af tyggjóinu. Í síðustu viku kostaði sami pakki rúmlega 1400 kr. en í haust rúmlega 800 kr. Það fannst mér meira að segja hátt verð þá. Þetta er rúmlega helmingshækkun á vörunni á tæpum fjórum mánuðum. Það er ansi letjandi að nota þetta hjálpartæki til að hætta að reykja þegar hægt er að kaupa tvo og hálfan sígarettupakka fyrir sama verð og einn tyggjópakka með 1-2 daga skammti.“*

Ódýrast er auðvitað að taka þetta bara á hnefanum. Vilji er allt sem þarf.



**EKKI GEFIÐ** Nikótíntyggjó.

OFURDAGUR BENSÍNORKUNNAR




FÁÐU ÞÉR ÖRSMÁAN LYKIL AÐ MIKLU MEIRI SPARNAÐI

## Í dag er Ofurdagur á Orkustöðvunum

# -5 kr.

## af dæluverði á öllum stöðvum fyrir handhafa Orkulykla

**Fáðu þér lykil að sparnaði**

**Alltaf 2 króna afsláttur**

af dæluverði Bensínorkunnar sem kannanir sýna að er lægra en hjá öðrum aftur og aftur og enn aftur!




**Vertu með og veldu sparnað.** Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum hann um hæl þér að kostnaðarlausu með innbyggðum **2 króna** afslætti og **5 króna** afslætti við fyrstu áfyllingu og á Ofurdögum Bensínorkunnar. **Vertu bleikari og fáðu ódýrara eldsneyti!**

Byrjaðu sparnaðinn á www.**orkan.is**

Á Ofurdögum gilda ekki aðrir afslættir. Viðskiptavinur fær ávallt þann afslátt sem hagstæðastur er hverju sinni.

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hver tók hús á Ögmundi Jónassyni á laugardag og ræddi við hann um stjórnmál, en þó ekki myndun ríkisstjórnar?*

2 *Hvað hlaut fyrrverandi sveitarstjóri í Grímsey langan fangelsisdóm?*

3 *Hvernig bíl ekur Bubbi Morthens?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Lögum verður breytt svo lækka megi laun þeirra sem heyra undir kjararáð:

# Hundruð milljóna gætu sparast

**ALÞINGI** Ljóst er að umtalsverðar fjárhæðir sparast við lækkun launa þeirra sem kjararáð úrskurðar um. Enn er þó óljóst hve mikill sparnaðurinn verður.

Mælt var fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um kjararáð í gær. Er í því kveðið á um að kjararáði beri, fyrir ármót, að ákveða 5 til 15 prósenta launalækkun þingmanna og ráðherra. Er hugsunin sú að þeir sem hæst hafa launin lækki hlutfallslega mest.

Jafnframt skal kjararáð lækka laun annarra sem undir það heyra með sambærilegum hætti.

Útreikningar fjármálaráðuneytisins sýna að launakostnaður ríkisins getur lækkað talsvert í kjölfar væntanlegs úrskurðar. Lækki laun þingmanna og ráðherra um fimm prósent sparast rúmar 35 milljónir á næsta ári. Lækki þau um 10 prósent sparast 68 milljónir en 102 milljónir sparast við 15 prósenta launalækkun. Fjármálaráðuneytið segir meiri óvissu ríkja um útfærslu á launalækkun fyrir aðra hópa sem heyra undir kjararáð. Þó er nefnt sem dæmi að ef lækkunin nemur að meðaltali fimm prósentum lækki launakostnaður ríkisins um um það bil 300 milljónir á næsta ári. Er sú fjárhæð viðbót við þann sparnað sem hlýst af lækkun launa þingmanna og ráðherra.

Lögin taka ekki til forseta Íslands enda er óheimilt að lækka laun hans á kjörtímabili samkvæmt stjórnarskrá. **- bþs**



**GEIR H. HAARDE** Vill lækka eigin laun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áfram í gæsluvarðhaldi:

# Viðurkennir sök á áverkum

**DÓMSMÁL Karlmaður sem viðurkennt hefur að hafa valdið manni höfuðáverkum sem drógu hinn síðarnefnda til dauða hefur verið úrskurðaður í Hæstarétti í gæsluvarðhald til 18. febrúar.**

**Atvikið átti sér stað þegar mönnunum varð sundurorða í samkvæmi í sumarbústað í Grímsnesi.**

**Rannsókn málsins, sem er í höndum lögreglunnar á Selfossi hefur miðað vel. Enn er þó beðið endanlegra skýrslna frá réttarlækni og tæknideild Þau alvarlegu sakarefni sem um ræðir á hendur manninum varða allt að ævilöngu fangelsi, teljist sök sönnuð.** **- jss**


Gorenje þvottavél



24 h
49 l
Carbo tech
33 cm
7 kg

A+ Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þeytivindu-afköst

1400 snúninga þvottavél
WA73140
Hljóðlát með íslensku stjórnborði og leiðarvísi.
7 kílóa hleðsla sérlega notendavæn.
Verð 146.280 stgr.

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR • SÍA • 82311


Niðurstaða rannsóknar:

# Neikvæðari í garð útlendinga

**SAMFÉLAG Íslendingar hafa á síðustu árum orðið almennt neikvæðari í garð útlendinga sem setjast hér að, samkvæmt skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst. Þó eru Íslendingar jákvæðari í garð innflytjenda en aðrar þjóðir.**

**Konur, yngra fólk og menntaðra er jákvæðara í garð útlendinganna, en karlar, aldraðir og minna menntaðir neikvæðari. Eins má greina neikvæðari afstöðu til útlendinga á landsbyggðinni en í borginni og á meðal iðnaðar- og verkamanna.**

**Stuðningsfólk Frjálslynda flokksins er neikvæðast í garð útlendinga en Vinstri græn jákvæðust.** **- kóþ**

## VINNUMARKAÐUR

### Bankamenn semja

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtök atvinnulífsins hafa skrifað undir kjarasamning. Launataxtar hækka um 20.500 krónur í upphafi og 14.000 krónur í byrjun 2010.

### Bæjarstarfsmenn hækka

Verkalýðsfélag Akraness hefur skrifað undir samning um framlengingu og breytingar á kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við Verkalýðsfélag Akraness. Gildistími er til 31. ágúst 2009 með fyrirvara. Launataxtar hækka um 20.300 krónur.



**BORGARALEG ÓHLÝÐNI** Mótmælendurnir komu sér fyrir á götunni og reyndu að hindra að lögreglumenn keyrðu á brott með mann sem „ekki hlýddi fyrirmælum“. Alls voru tveir kærðir fyrir þau sakarefni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lögreglumenn tókust á við mótmælendur

**Mótmælendur æptu að ríkisstjórninni fyrir utan Ráðherrabústaðinn, uns lögreglan handtók einn þeirra. Mótmælendurnir kvarta undan ofbeldi.**

**REYKJAVÍK** Lögreglan fór inn í hóp friðsamlegra en háværra mótmælenda við Ráðherrabústaðinn í gær og handtók ungan mann. Eftir það reyndi hópurinn að koma í veg fyrir að maðurinn yrði fluttur í burtu, og lauk því með átökum.

Mótmælendurnir höfðu reynt að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin gæti fundað í bústaðnum í gærmorgun. Með því vildi hópurinn stöðva „áframhaldandi valdníðslu ráðamanna,“ eins og sagði í tilkynningu frá þeim.

Á þriðja tug ungmenna tók þátt og gerði hróp að ráðherrum. Lögreglan var fjölmennari og ýtti mótmælendum upp að vegg, þegar ráðherrarnir voru komnir inn.

Seinna tóku fjórir til fimm lögreglumenn einn mótmælanda út úr þvögunni, settu hann í götuna og handtóku. Ekki lá í augum uppi hvað sá hafði gert af sér, en Stefán Eiríksson lögreglustjóri segist telja manninn hafa „farið ítrekað yfir lögregluborðann“ sem var settur upp til að afmarka svæði lögreglu. Stefán tekur þó fram að hann hafi ekki nákvæmar upplýsingar um þetta.

Eftir að fanginn var kominn inn í lögreglubíl, lögðust mótmælendur í götuna til að hindra að bíllinn kæmist í burtu og kröfðust þess að fanginn yrði látinn laus. Þá gengu aðrir lögreglumenn að þeim og reyndu að fjarlægja þá. Einn mótmælandi sagðist hafa verið laminn í höfuðið, annar að í sig hefði verið sparkað nokkrum sinnum. Lögreglustjóri hvetur fólk með slíkar ásakanir til að kæra athæfið til ríkissaksóknara.

Bíllinn komst að lokum í burtu og mótmælin lognuðust út af.

Alls voru tveir handteknir, þar sem „hvorugur þeirra hlýddi fyrirmælum lögreglu“ eins og það er orðað í stuttri tilkynningu frá lögreglu. **klemens@frettabladid.is**

## FREKAR BARSMÍÐAR EN ÓRÉTTLÆTI

Guðjón Heiðar Valgarðsson, einn mótmælenda, kom úr vinnunni til að taka þátt í aðgerðinni. Hann sagði að barsmíðar myndu ekki stöðva sig. Fólk hefði fullan rétt á að æpa á ríkisstjórnina.

„Ég mun frekar láta lemja mig en láta óréttlætið yfir mig ganga,“ sagði hann.

„Það hafa allir verið samhuga um að vera með friðsamleg mótmæli en það þýðir ekki að við þurfum að hlýða öllum lögum og skipunum, því borgaraleg óhlýðni snýst um að hlýða ekki óréttlátum lögum heldur standa fast á rétti sínum og láta ekki kúga sig. Og það er það sem við erum að gera þegar við stöndum fyrir framan lögreglubíl, með lögregluþjónum sem eru að standa að ólöglegri og óútskýranlegri handtöku.

Það sem hræddi mig mest var eftir það, þegar fólkið hafði sest í götuna, þá heyrði ég eina lögguna öskra inni í bílnum: „Gefðu bara í!“ Þetta stakk mig í hjartað.“



**GUÐJÓN HEIÐAR VALGARÐSSON**




# JÓLASPRENGJA BENNA

## 9,7% fastir vextir
**óverðtryggt**

**Fjöldi bíla á staðnum - Komdu í heimsókn**

**Ýmis lánakjör í boði - Tökum notaða bíla upp í notaða - Allt að 100% fjármögnun**



NISSAN MURANO SL 3/2005, ek. 58 þús. 5 dyra, ssk. álf, leður, topplúga, cruise og fl. Verð 5.300 þús. .

**JÓLAVERÐ 3.490 þús.** stgr.



RENAULT MEGANE SÉNIC RN 7/2002, ek. 95 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. dráttarbeisli. Verð 1.070 þús.

**JÓLAVERÐ 890 þús.** stgr.



M. BENZ ML 430 11/2000, ek 146 þús. 5 dyra, ssk. álf. leður , topplúga, loftkæling, filmur, cd. Verð 2.600 þús.

**JÓLAVERÐ 1.990 þús.** stgr.



HYUNDAI TUCSON CRDI 1/2005, ek. 72 þús. 5 dyra, ssk. álf. abs, dráttarbeisli, cd og fl. Verð 2.500 þús.

**JÓLAVERÐ 1.790 þús.** stgr.



FORD ESCAPE 3,0 LIMITED 1/2005, ek. 66 þús. 5 dyra, ssk. dráttarbeisli, leður, filmur, og fl. Verð 2.720 þús.

**JÓLAVERÐ 1.990 þús.** stgr.



CHEVROLET KALOS SE 3/2007, ek. 19 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, cd, 4 líknarbelgir og fl. Verð 1.500 þús.

**JÓLAVERÐ 1.290 þús.** stgr.



TOYOTA LANDCRUISER 100 4,7 6/2005, ek. 45 s. 7manna, 5 dyra, ssk. leður, topplúga, Verð 6.360 þús.

**JÓLAVERÐ 5.490 þús.** stgr.



RANGE ROVER SPORT SE 2700 DIESEL 3/2006, ek. 80 þús. 5 dyra, ssk. álf, topplúga, leður, cd og fl. Verð 8.250 þús. .

**JÓLAVERÐ 7.490 þús.** stgr.



CHEVROLET LACETTI CDX WAGON 6/2005, ek. 60 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, 4 líknarbelgir og fl. Verð 1.400 þús. .

**JÓLAVERÐ 1.190 þús.** stgr.



SSANGYONG KYRON M-200 XDI 10/2007, ek. 11 s. 5 dyra, ssk. lf. cd, kastarar og fl. Verð 3.600 þús.

**JÓLAVERÐ 3.190 þús.** stgr.



NISSAN PATROL ELEGANCE 10/2006, ek. 29 þús. 7 manna,5 dyra, ssk. leður, topplúga, o.fl. Verð 5.770 þús.

**JÓLAVERÐ 4.990 þús.** stgr.



VOLVO X/C 70 AWD 2,5 CROSS COUNTRY 8/2004, ek. 63 þús. 5 dyra, ssk. leður, topplúga og fl. Verð 4.100 þús.

**JÓLAVERÐ 3.190 þús.** stgr.



Honda CRV, 3/1998, ek. 195 þús. ssk, dráttarkrókur, fjarstýrðar samlæsingar. Verð 600 þús.

**JÓLAVERÐ 450 þús.** stgr.

## Glæsileg Íslensk matarkarfa, íslenskt jólatré og flugeldapakkinn TRAUSTI fylgir öllum bílum!




Íslensku jólatréin koma frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur - Heiðmörk. Allir geta valið sér annað hvort óhoggið tré í Heiðmörk að eigin vali eða tilbúið allt að 2 metra hátt tré. Þitt er valið.

Skógræktarfélag Reykjavíkur - Heiðmörk

# Bílabúð Benna
## Notaðir bílar

**Bíldshöfða 10 - 577 2800 og 587 1000 - notadirbilar@benni.is - www.benni.is**

Reykjanesbær: Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, - Sími 420 3300

Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og Laugardaga frá kl. 12 - 16.

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK






Prófkjör í Likud-flokknum dregur úr sigurlíkum Benjamins Netanyahu:

# Harðlínumenn í efstu sætum

**ÍSRAEL, AP** Harðlínumenn í Likud, hægriflokki Benjamins Netanyahus, verða í efstu sætum á lista flokksins til þingkosninga, sem haldnar verða 10. febrúar næstkomandi.

Þessi úrslit prófkjörs flokksins, sem haldið var í gær, draga væntanlega úr möguleikum hans á stórsigri í kosningunum. Netanyahu hafði fyrir prófkjörið hvatt flokksmenn til að velja heldur hófsamari einstaklinga til forystu í flokknum.

Fylgi Netanyahus og Likuds hefur í skoðanakönnunum undanfarið mælst meira en fylgi stjórnarflokksins Kadima, sem Tzipi Livni utanríkisráðherra veitir nú forystu.


**BENJAMIN NETANYAHU** Vildi hófsamari flokksfélaga í forystusveitina með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Netanyahu þótti líklegur til að taka við af Ehud Olmert sem forsætisráðherra, en Olmert þurfti að segja af sér vegna spillingarmála.

Netanyahu hefur sjálfur verið harður í afstöðu sinni gegn Palestínumönnum, en ætti líklega meiri möguleika á að höfða til almennra kjósenda ef hann hefði hófsamari félaga í forystusveit flokksins.

Meðal þeirra sem unnu sigur í prófkjörinu er Benny Begin, sonur Menahems Begins, fyrrverandi forsætisráðherra. Begin yngri sagði í útvarpi í gær að engir friðarsamningar takist við Palestínumenn í næstu framtíð. **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefni og þýfi á Álftanesi

Amfetamín og kannabis fundust við húsleit á Álftanesi í fyrrakvöld. Auk þess fannst þýfi. Karl á fertugsaldri var handtekinn.

### Grýtti lögreglumann

Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa kastað grjóti í lögreglumann við bensínstöð Olís við Suðurlandsveg í Reykjavík í apríl. Lögreglumaðurinn hlaut áverka.


**SILFURTORG** Rúmlega sjö þúsund manns búa á Vestfjörðum og af þeim búa tæplega fjögur þúsund í Ísafjarðarbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

# Fæstir án atvinnu á Vestfjörðum

**Rúmlega átta þúsund manns eru nú skráðir atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun. Atvinnuleysi mælist lægst á Vestfjörðum. Brottfluttir Vestfirðingar sækja nú aftur vestur í leit að atvinnu.**

**ATVINNUMÁL** „Vestfirðir hafa verið að taka út kreppuna á síðustu árum þar sem við höfum horft á eftir fólki flytjast frá svæðinu," segir Guðrún Stella Gissurardóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum.

Atvinnuleysi á Íslandi mælist nú lægst á Vestfjörðum. Guðrún Stella segir skýringa meðal annars að leita í að þenslan hafi ekki náð til Vestfjarða. Uppgangur í banka- og byggingarstarfsemi hafi ekki náð vestur og þá hafi Vestfirðingar ekki staðið í neinum stóriðjuframkvæmdum. Enn sem komið er séu sjávarútvegur og landbúnaður fyrirferðarmestu atvinnugreinarnar auk þess sem hlutur ferðaþjónustu fari stækkandi.

Guðrún Stella segir að áður fyrr hafi fólk, sem misst hafi vinnuna, flutt í burtu í stað þess að skrá sig atvinnulaust. „Vegna þess að það hafði öðru að hverfa en það hefur hins vegar breyst," segir Guðrún Stella. Hún segist finna fyrir því að fólk sæki nú aftur vestur. „Ég held að þetta sé meira fólk sem er héðan, hefur búið annars staðar um árabil og er að koma aftur vestur. Það er þessi nánd sem fólk sækist í og svo er að sumu leyti ódýrara að lifa hér fyrir vestan. Kannski er fólk líka að sækja í að komast nær ættingjum sínum," segir Guðrún Stella.

Hún gerir þó ráð fyrir að atvinnuleysi á Vestfjörðum fari vaxandi á næstunni. „Við höfum aðeins verið að finna þess merki en enn sem komið er hafa ekki verið nein stóráföll," segir hún og bætir við að mörg fyrirtæki hafi þegar brugðist við með aðgerðum, til dæmis með því að draga úr yfirvinnu. **olav@frettabladid.is**






Aldraður ítalskur elskhugi:

## Lögregla slökkti ástareldinn

**ÍTALÍA** Áttatíu og tveggja ára ítalskur karlmaður, sem tekið hafði inn stinningarlyfið Viagra, skelfdi eiginkonu sína svo mikið að hún hringdi í lögregluna.

Konan, hin 69 ára gamla Carla, óttaðist að maður hennar, Giovanni di Stefano frá Palermo, fengi hjartaáfall af æsingi. Hún sagði því lögreglunni að hún óttaðist að svo mikil ást hefði banvænar afleiðingar fyrir eiginmann hennar. Heimsókn lögreglunnar bar tilætlaðan árangur því ástaráhugi mannsins dvínaði snarlega við heimsóknina. - ovd

Bensín hefur lækkað um 12 krónur og dísilolía um 16 krónur hérlendis undanfarna daga:

# Meiri eldsneytislækkun í vændum

**NEYTENDAMÁL** Verð á eldsneyti hefur lækkað síðustu daga og búast má við að það lækki enn frekar, að mati Runólfs Ólafssonar, framkvæmdastjóra FÍB. Bensínið hefur lækkað um 12 til 13 krónur og dísilolían heldur meira, eða um 16 til 17 krónur, miðað við tölur sem fengust hjá FÍB í gærmorgun.

Útsöluverð á bensíni var í gær í sjálfsafgreiðslu á þjónustustöðvum að meðaltali 136,80 krónur og lítrinn af dísilolíu kostaði 163,40 krónur. Algengasta verð hjá sjálfsafgreiðslustöðvunum var 135,10 til 135,20 krónur á bensínlítrann og 161,80 eða 161,90 krónur á dísilolíulítrann.

Runólfur telur að í vændum sé enn meiri verðlækkun og segir að dísilolían mætti lækka um5 til 6 krónur á lítrann og bensínið mætti líka lækka um nokkrar krónur. Hann segir að álagning á dísilolíunni hafi aldrei verið jafnhá eins og upp á síðkastið. Álagningin hafi hækkað áberandi mikið frá því í haust.

„Frá því þessar verðlækkanir komu til í síðustu viku hefur kostnaðarverð á hvern dísilolíulítra lækkað um 19 krónur. Undirliggjandi eru því 5 til 6 krónur þannig að dísilolían gæti lækkað meira. Bensínlækkunin hefur verið nær kostnaðarverði en þar er samt enn undirliggjandi lækkun. Við megum því búast við frekari lækkunum,“ segir hann.

Runólfur segir að ástæðan fyrir lækkun eldsneytisverðs sé lækkun á heimsmarkaðsverði og styrking krónunnar síðustu daga. - ghs



**LÆKKANIR** Eldsneytisverð hefur lækkað síðustu daga vegna lægra heimsmarkaðsverðs og styrkingar krónunnar.

Umboðsmanni Alþingis mætt:

## Stoðum skotið undir gjaldtöku

**ALÞINGI Fjármálaráðherra vill breyta lögum um áfengisverslun og skjóta lagastoðum undir sérstaka álagningu ÁTVR á áfengi. Frumvarpi þess efnis var dreift í þinginu í gær.**

**Nýverið komst umboðsmaður Alþingis að því að sérstök álagning ÁTVR stæðist ekki lög og bregst fjármálaráðherra við með frumvarpi til lagabreytinga.**

**Jafnframt er í frumvarpinu heimild til ÁTVR til að innheimta gjald af heildsölum vegna kostnaðar sem fellur til þegar nýjar vörutegundir eru teknar í vínbúðir. Kemur hann til vegna „skráningar, könnunar og annarra nauðsynlegra ráðstafana,“ segir í greinargerð.** - bþs



**ROD BLAGOJEVICH** Ákærður fyrir spillingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjóri Illinois handtekinn:

## Bauð þingsæti Obamas til sölu

**BANDARÍKIN, AP** Rod Blagojevich, ríkisstjóri í Illinois, var handtekinn í gær fyrir að hafa ætlað sér að selja til hæstbjóðanda öldungadeildarþingsæti Baracks Obama, sem hverfur af þingi þegar hann verður forseti Bandaríkjanna í byrjun næsta árs.

Ríkisstjórinn var einnig ákærður fyrir að hafa hótað því að neita dagblaðinu Chicago Tribune um fjárstuðning frá ríkinu, nema því aðeins að úr ritstjórn blaðsins verði reknir þeir sem gagnrýnt hafa störf hans. - gb




Til leigu
iðnaðarhúsnæði
Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.
Upplýsingar í síma 480-0000







**SLÁTRUN Í LAHORE** Fjöldi fórnardýra var færður til slátrunar á fyrsta degi fórnarhátíðar múslima víða um heim í gær, eins og sjá má á þessari mynd sem tekin var í borginni Lahore í Pakistan. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjóri SGS gagnrýnir stjórnendur Bakkavarar fyrir framgöngu gagnvart launafólki erlendis:

# Segir Bakkavör á svörtum heimslista

**VINNUMARKAÐUR** Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, SGS, segir að útrásarfyrirtækið Bakkavör Group hafi „skipað sér á bekk illa þokkaðra fyrirtækja í Evrópu og á heimsvísu að mati launþegasamtaka“ í grein sem hann skrifar á vef SGS undir fyrirsögninni „Bakkavör á svörtum lista“.

Skúli segir að Bakkavör virðist eiga við fjárhagserfiðleika að stríða og stefni í uppsagnir um 2.000 af 14.000 starfsmönnum í Bretlandi. Bakkavör virðist ekki fara að lögum um evrópskt samstarfsráð í fjölþjóðlegum fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá hafi fyrirtækið ekki viljað undirgangast „þá eðlilegu kröfu að virða grundvallarréttindi launafólks og hafnar samstarfi við hina evrópsku og alþjóðlegu verkalýðshreyfingu.“ Skúli greinir frá því að Bakkavör hafi brotið á bak aftur tilraun starfsmanna til að stofna verkalýðsfélag í Bandaríkjunum og forystumönnum starfsmanna og verkalýðssinnum þar verið sagt upp eða hótað uppsögnum ef félag yrði stofnað.



**Á BEKK ILLA ÞOKKAÐRA** Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri SGS, segir að Bakkavör hafi „skipað sér á bekk illa þokkaðra fyrirtækja í Evrópu“.

Skúli segir að alþjóðasamtökunum hafi borist beiðni um aðstoð þar sem Bakkavör hafi ekki viljað semja við bandaríska starfsmenn og dregið í efa rétt þeirra til að stofna verkalýðsfélag. Samband hafi verið haft við SGS og haldinn fundur með Ágústi Guðmundssyni, forstjóra Bakkavarar, og síðar með öðrum stjórnanda fyrirtækisins. Hjá Bakkavör hafi komið fram að farið hafi verið að lögum í Bandaríkjunum þar sem ekki sé skylt að gera kjarasamning við starfsmenn. Félagið fylgi leikreglum um grundvallarréttindi launafólks en hafi þá stefnu að skrifa ekki undir viljayfirlýsingar.

Samstarfi „um úrbætur og aðstoð við að vinna hlutina rétt og lögum samkvæmt, var hafnað“, segir Skúli og bætir við að málefni Bakkavarar séu nú í skoðun hjá stéttarfélögum í Evrópu.

Ekki náðist í Ágúst og Lýð Guðmundssyni, eigendur Bakkavarar. - ghs


# SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR

**RÁÐSTEFNA UM MENNTUN FÓLKS Á VINNUMARKAÐI, FIMMTUDAGINN 11. DESEMBER, HÓTEL SÖGU**

**Í febrúar 2008 skrifuðu ríkisstjórn Íslands og aðilar vinnumarkaðarins undir yfirlýsingu um að stefna skuli að því að ekki verði meira en 10% fólks á íslenskum vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- og framhaldsskólamenntunar árið 2020.**

Á ráðstefnunni verða ræddar mögulegar aðgerðir og leiðir að þessu markmiði, hvernig unnt sé að efla mannauð á krepputímum, hlutverk fyrirtækja í eflingu starfshæfni og ný frumvarpsdrög um framhaldsfræðslu verða kynnt. Afurðir verkefna sem Menntaáætlun ESB hefur styrkt verða til sýnis á ráðstefnunni og í lok hennar verða veittar gæðaviðurkenningar til fyrirmyndarverkefna Leonardó starfsmenntaáætlunarinnar.

DAGSKRÁ

**Ráðstefnustjóri:** *Jón Sigurðsson, rekstrahagfræðingur*

9.00 **Nemendur úr Austurbæjarskóla flytja tónlist**

9.10 **Framtíðarsýn um menntunarþörf vinnumarkaðarins árið 2020**
*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra*

9.20 **How can industry contribute to enhancing employability ?**
*Jennifer Arcuni, yfirmaður alþjóðamála hjá Randstad vinnumiðlunni í Hollandi*

10.15 **Kaffi**

10.45 **Empowering human resources in times of financial crisis**
*Hanna Liski, forstjóri vinnumálaþjónustu Vinnumiðlunarinnar í Turku, Finnlandi*

11. 10 **Hópurinn sem um er að ræða?**
*Lárus Blöndal, deildarstjóri atvinnu- og félagsmáladeildar Hagstofunnar*

11.30 **Kynning á vinnu samráðshóps vegna erfiðrar stöðu á vinnumarkaði**
*Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins*

12.00 **Ný lög um framhaldsfræðslu á Íslandi - kynning á frumvarpsdrögum**
*Stefán Stefánsson, deildarstjóri símenntunardeildar menntamálaráðuneytis*

12.30 **Léttur hádegisverður**

13.30 **Hringborðsumræður og vinnustofur**
- Hindrun brotthvarfs úr framhaldsskólum
- Vinnustaðurinn sem námsumhverfi
- Símenntunarmiðstöðvar og tenging þeirra við framhaldsskóla
- Náms- og starfsráðgjöf til fólks á vinnumarkaði, raunfærnimat og frekara nám

15.30 **Kaffi**

16.00 **Samantekt úr vinnustofum og ráðstefnuslit** *Jón Sigurðsson, ráðstefnustjóri*

16.15 **Afhending gæðaviðurkenninga Leonardó starfsmenntaáætlunarinnar**

16.30 **Léttar veitingar og tónlist**

Ráðstefnugjald er 3.500 krónur.
**Skráning fer fram á heimasíðu Menntaáætlunar ESB, www.lme.is eða í síma 525 4900.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
Alþýðusamband Íslands
Starfsgreinasamband Íslands
Menntamálaráðuneytið
euroguidance
cedefop
SI
Education and Culture

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ




**TÁRAGAS Í AÞENU** Mótmælendur reyna að forðast táragas sem lögreglan í Grikklandi hefur beitt óspart síðustu daga. NORDICPHOTOS/AFP

# Vilja afsögn ríkisstjórnar

**Ekkert lát á óeirðum í Grikklandi. Jarðarför piltsins, sem lögregluþjónn skaut á laugardag, snerist upp í átök. Papandreou krefst afsagnar stjórnarinnar.**

**GRIKKLAND, AP** Framhald varð á átökum lögreglu við grísk ungmenni í gær þegar fimmtán ára piltur, sem lögreglumaður varð að bana á laugardag, var jarðsunginn.

Um sex þúsund manns mættu í jarðarförina. Skólar um allt land voru lokaðir og í miðborg Aþenu komu hundruð kennara og nemenda saman til að mótmæla stjórninni.

George Papandreou, leiðtogi Sósíalistaflokksins, krefst þess að Costas Karamanlis forsætisráðherra og ríkisstjórn hans segi af sér hið fyrsta og boðað verði til kosninga.

„Stjórnin er ófær um að takast á við þetta ástand og hefur glatað trausti þjóðarinnar,“ segir Papandreou. „Það besta sem hún getur gert er að segja af sér og láta þjóðina um að finna lausn,“ og bætti síðan við: „Við munum vernda almenning.“

Ríkisstjórn landsins hefur aðeins eins þingsætis meirihluta á 300 sæta þingi Grikklands. Stjórnarandstaðan segir að afskiptaleysisstefna stjórnarinnar eigi sök á óeirðunum, sem eru þær verstu sem orðið hafa í landinu í áratugi.

Mikil óánægja hefur verið í Grikklandi lengi vegna efnahagsástandsins, sem er erfitt. Nærri þriðjungur landsmanna er talinn vera við fátæktarmörk eða undir þeim. Ungmenni eiga erfitt með að fá vinnu, þótt yfirgnæfandi meirihluti þeirra sé vel menntaður.

> Þessi stjórn vill að hinir fátæku borgi fyrir öll vandamál þjóðarinnar, aldrei hinir ríku, og þeir halda þeim sem mótmæla í skefjum með lögreglukúgun.
>
> **PETROS CONSTANTINOU**
> STARFSMAÐUR SÓSÍALÍSKA VERKAMANNAFLOKKSINS

„Dauði þessa drengs var dropinn sem fyllti mælinn hjá okkur,“ segir Petros Constantinou, starfsmaður Sósíalíska verkamannaflokksins. „Þessi stjórn vill að hinir fátæku borgi fyrir öll vandamál þjóðarinnar, aldrei hinir ríku, og þeir halda þeim sem mótmæla í skefjum með lögreglukúgun.“

Óeirðirnar brutust út á laugardaginn eftir að lögregluþjónn skaut til bana fimmtán ára pilt, sem var í hópi ungmenna í miðborg Aþenu. Einn lögreglumaður hefur verið ákærður fyrir morð og bæði forseti landsins og félag lögregluþjóna hefur beðið fjölskyldu piltsins afsökunar.

Um allt land hafa ungmenni brugðist reið við þessu atviki og haldið út á götur dag eftir dag til að mótmæla. Innan um eru hópar, sem sýna hörku, kasta grjóti og eldsprengjum að lögreglunni, brjóta rúður og kveikja í verslunum og bifreiðum.

gudsteinn@frettabladid.is


THE BODY SHOP™
Hvað á að gefa í jólagöf?
Handa stóra bróður 3690 kr.
Fallegur kassi með "Of a Man"-hár- og sturtusápu og svitalyktareyði.
Hlýr og góður vanilluilmur 2690 kr.
Hátíðlegt umslag með borða. Inniheldur vanillusturtusápu og sams konar húðnæringu.
Dekraðu við elskuna þína 4290 kr.
Falleg askja sem inniheldur, auk baðlilju, sturtukremsápu, skrúbbkrem, "body butter"-húðnæringu og sápustykki, allt vörutegundir sem innihalda ilmgóða kókosolíu.
Ath. Einnig fást sams konar öskjur með mangó-, ólífu-, smjörtrésmauks- (þ.e. "shea) og moringa-vörutegundum.
Segðu það með jarðarberjailmi 4290 kr.
Falleg askja sem inniheldur, auk baðlilju, sturtusápu til daglegra nota, grófkorna sturtusápu til nota annað slagið, "body butter"-húðnæringu og sápustykki, allt vörutegundir sem innihalda olíu unna úr jarðarberjakjörnum og bera jarðarberjailm.
Ath. Einnig fæst sams konar askja með satsúma-vörutegundum.
Ilmur jólanna 8490 kr.
Nokkuð sem öllum kann að líka! Þessi glæsilega askja inniheldur, auk dumbrauðrar baðlilju, sturtugel, skrúbbkrem, "body butter"-húðnæringu, hýbýlailm og ilmstjörnu (til upphengingar t.d. á jólatréð), allt saman með jólalegum "Cranberry"-ilmi.
Ath. Í Body Shop© fást margar tegundir gjafa með þessum ilmi. Verð frá 2190 kr.
Verkfærataska? 5390 kr.
Falleg snyrtibudda með 5 vinsælustu farða-burstunum/penslunum frá Body Shop© : Andlits-farða-, kinnalitar- og svampbursta, augnskuggapensli og varalitar- & hyljarapensli.
Þessi gleður góða vinkonu 5470 kr.
Gjafakarfa sem inniheldur, auk baðhanska, vanilluilmandi dekurvörur: Sturtugel, húðnæringu, hörundsúða, sápustykki og 2 litlar baðolíukúlur.
Sigga litla systir mín 1990 kr.
Lítil gjafakarfa með satsúmasturtusápu, hindberjavarasalva og hárbursta.
Taska með góðgæti í 2990 kr.
Falleg taska sem inniheldur, auk rauðrar baðlilju, eftirfarandi vörutegundir með jarðarberjakjarnaolíu og jarðarberjailmi: Sturtusápu til daglegra nota, grófkorna sturtusápu til nota annað slagið og "body butter"-húðnæringu.
Gleðileg jól, Gunna mín! 1590 kr.
Lítill, snotur kassi með ilmgóðu kókosolíusturtukremi og sams konar húðnæringu.
Ath. Eins og myndin sýnir fást jafnframt sams konar kassar með White Musk®-, Neroli Jasmin-, Aqua Lily-, Cassis Rose-, mangó-, jarðarberja-, og smjörtrésmauks-vörutegundum.
KRINGLUNNI • SMÁRALIND • AKUREYRI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299
THE BODY SHOP ©




Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 669.920,-
~~Verð áður kr. 837.400,-~~



Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 171.920,-
~~Verð áður kr. 214.900,-~~



Senseo: Svefnsófi m. 140 heilsudýnu
Áklæði: Mikið úrval
Jólatilboð: Kr. 221.176,-



Porto: Lyftistóll
Áklæði: Microfiber
Jólatilboð: Kr. 149.900,-



www.betrabak.is

# Stillanleg jólatilboð




**Fylgir öllum rúmum !**

Bókin „Þú getur" eftir metsöluhöfundinn Jóhann Inga ásamt fleirum fylgir öllum rúmum frá Betra Baki fram að jólum.

# Jólagjafirnar fást hjá okkur

TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-
~~Verð áður kr. 9.926,-~~



Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur



Hágæða sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: 20% afsláttur



Betra BAK

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það þarf að endurreisa sjálfstraust þjóðarinnar.

## Vörumerkið Ísland

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Orðspor Íslands og Íslendinga er ekki sérlega beysið úti í heimi þessa dagana. Þetta er auðvitað vond staða. Mun verra er þó að sjálfstraust þjóðarinnar virðist vera sigið niður að sjávarmáli. Það er algjör óþarfi.

Vitaskuld hafa hremmingarnar í haust verið þungbærar. Fyrrverandi innistæðueigendur hjá Landsbanka og Kaupþingi í útlöndum hugsa örugglega ekki hlýlega til lands og þjóðar. Og það er rétt að skaðinn nær líka langt út fyrir raðir þeirra sem telja sig hafa verið svikna. Enda hefur hrun íslenska fjármálakerfisins verið til umfjöllunar í fréttamiðlum um allan heim.

Í þessum hörmungum öllum er nauðsynlegt að hafa bak við eyrað að trúverðugleiki fjármálafyrirtækja og banka hefur goldið afhroð á heimsvísu. Íslenskir bankar eru þar alls ekki einir á báti. Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, gengur svo langt að tala um að það þurfi að kúvenda bankastarfsemi og færa aftur til síns upprunalega hlutverks.

Áhugi erlendu pressunnar á Íslandi skapast ekki síst af því að íslensku bankarnir eru á vissan hátt tákngervingar alls þess sem fór úrskeiðis í bankakerfi heimsins. Hrunið þykir reyndar svo stórbrotið að erlendir sérfræðingar segja það muni rata inn í sögu- og kennslubækur sem sérstakt rannsóknardæmi.

Á vissan hátt er ákveðið skjól í því að það sem íslensku bankarnir ástunduðu var ekkert einsdæmi, afleiðingarnar voru bara hrikalegri vegna smæðar samfélagsins sem var bakhjarl þeirra. Þegar fram í sækir mun fjármálalíf landsins næsta víst rétta úr kútnum í sæmilega réttum hlutföllum við vaxandi traust almennt í fjármálalífi heimsins.

Það er verðugt umhugsunarefni að velta fyrir sér hvaða áhrif hrunið hefur á það sem má kalla vörumerkið Ísland. Sá sem hér skrifar telur það verða hverfandi þegar upp er staðið. Ýmsar ástæður eru þar að baki.

Fjármálasnilld varð ekki hluti af ímynd landsins fyrr en eftir einkavæðingu bankanna fyrir nokkrum árum. Sú snilld reyndist auðvitað tómur misskilningur. Það er reyndar spurning hvort hún hafi verið svo útbreidd annars staðar en í hugum okkar sjálfra?

Eftir stendur að Ísland hefur áratugum saman verið þekkt fyrir allt annað en bankastarfsemi. Þrír af hverjum fjórum erlendum ferðamönnum sem sækja landið heim segja að meginástæðan fyrir komu þeirra sé ósnortin náttúra landsins. Við þurfum að gæta hennar.

Góðar sjávarafurðir, sem fást með ábyrgum veiðum og sjálfbærri nýtingu af miðunum í kringum landið, hafa borið hróður Íslands víða.

Íslendingar eru í fremstu röð í nýtingu jarðvarma, eins og Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti talaði um á ráðstefnu á dögunum, og minntist ekki orði á banka.

Hér er enginn ólæs. Menningarlífið kröftugt. Fólk lifir lengur en víðast annars staðar. Stéttaskipting er hverfandi.

Við megum ekki gleyma að þetta er sú ímynd sem lifir. Og við getum öllum verið stolt af.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

BÆNDAFUNDIR HAUSTIÐ 2008

Íslenskur landbúnaður og Evrópusambandið

Bændasamtök Íslands boða til opins kvöldfundar í Sunnusal Hótels Sögu **miðvikudaginn 10. desember kl. 20:30.**

Frummælendur:

**HARALDUR BENEDIKTSSON**, formaður BÍ.
Hvernig horfir möguleg aðild að ESB við íslenskum landbúnaði?

**CHRISTIAN ANTON SMEDSHAUG**,
sérfræðingur um ESB og WTO hjá norsku bændasamtökunum Norges bondelag.
Reynsla norsks landbúnaðar af ESB-umræðunni þar í landi og ástæður þess að norskir bændur telja sig betur setta utan sambandsins.

Eftir erindin verða umræður.
Fundurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.
Veitingar verða í boði bænda.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Árans græðgi

Bubbi Morthens fékk Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri grænna, í skemmtilegt spjall til sín í þáttinn í fyrradag. Þar gerði Steingrímur grein fyrir viðhorfum sínum á greinargóðan hátt en einnig kom breyskleiki þáttarstjórnandans vel í ljós. Þeir töluðu um ástandið sem nú er uppi og undraði Bubbi sig á því hvernig fólk hafi eiginlega getað gleymt sér í græðginni og vellystingunum. Vitnaði hann í Biblíuna um það hversu óheillavænlegt það er að gleyma hinum góðu gildum. Því næst sagði hann frá glamúrnum þegar hann spilaði í fimmtugsafmælisveislu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, þar sem Elton John var einnig á meðal skemmtikrafta.

### Fjölmiðlar ákveða sig ekki

Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra er að velta fyrir sér upptöku evrunnar á heimasíðu sinni. Þar segir hann: „Hér skiptast fjölmiðlar á að kalla á innlenda hagfræðinga til að segja af eða á um einhliða gjaldmiðlaskipti. Þeir komast ekki að einróma niðurstöðu frekar en svo oft áður.“ Finnst ráðherranum svona bagalegt þegar bæði sjónarmið fá að njóta sín?



### Styr um Moggann

Sagt er að meðal Sjálfstæðismanna séu tveir sérstaklega áhugasamir um að Morgunblaðið, sem nú berst í bökkum, komist í „réttar hendur“. Þetta séu félagarnir Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, sem mun vera tíður gestur í Seðlabankanum þessa dagana.



Hinn þekkti fjárfestir Karl Wernersson er og sagður meðal hugsanlegra kaupenda að Morgunblaðinu. Hvort Davíð Oddsson hafi sérstaka velþóknun á honum er önnur saga, en Karl átti áður hlut í Glitni og í fyrirtækinu Dagsbrún, sem tengdust jú bæði honum Jóni Ásgeiri. En bent hefur verið á að Karl sé andsnúinn Evrópusambandsaðild. Ætli það dugi til að mega eignast Moggann? Karl hefur heitið því að láta Fréttablaðið vita hafi Davíð samband við hann.

**jse@frettabladid.is/ klemens@frettabladid.is**

## Stóri bróðir enn á kreiki



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Njósnir boðnar út

Frjálshyggjan hefur ýmsar ásjónur og sumar kannske nokkuð óvæntar. Frá ómunatíð hafa yfirvöld reynt að njósna sem vendilegast um þegna sína, sett á stofn leyniþjónustur ýmislegar og ráðið til þeirra menn með spæjarahæfileika. Hafa sumir fræðimenn fyrir satt að frá þeim sem voru kallaðir „agentes in rebus“ í rómverska keisaradæminu til KGB í ríki rauðu keisaranna hafi legið beinn þráður og snurðulaus, en að sjálfsögðu teygir hann sig mun lengur. Í Frakklandi voru leynilögreglumenn löngum kenndir við „rykfrakka“ og sagt að þeir þekktust á því. En nú þegar þarf að draga úr öllum ríkisafskiptum og einkavæða alla skapaða hluti, er ekki nema eðlilegt að njósnir verði líka einkavæddar og boðnar út.

Þetta uppgötvuðu franskir kennarar fyrir nokkru, þegar þeir voru einu sinni sem oftar að lesa Lögbirtingablaðið, því þeir rýna nú gjarnan í þetta tímarit til þess, eins og segir í alkunnu frönsku máltæki, „að vita í hvers konar sósu þeir verði étnir“. Þar gat nefnilega að líta að nú væri verið að bjóða út tvenns konar njósnastarfsemi, annars vegar um almenna kennara en hina um háskólakennara og fræðimenn, og fylgdi útboðinu að sjálfsögðu mjög ítarleg verklýsing. Hún var reyndar hin sama fyrir hvora starfsemina fyrir sig, en verðsmatið var hins vegar mismunandi: gert var ráð fyrir hundrað þúsund evrum á ári fyrir að njósna um kennara en hundrað og tuttugu þúsund fyrir að njósna um háskóla- og fræðimenn. Sýnir þetta að háskólar eru enn í nokkrum metum í Frakklandi, hvað sem hver segir.

Verklýsingin var mjög nákvæm. Starf þessara njósnara var ekki aðeins í því fólgið að fylgjast með heimasíðum stjórnmálaflokka, stéttarfélaga, samtaka af ýmsu tagi, baráttusamtaka, félaga áhugamanna um ýmis málefni og annarra, svo og „þeirra sem hafa áhrif á skoðanir“, heldur áttu þeir líka að rýna í „blogg“ og persónulegar síður einstaklinga, svo ekki sé minnst á alls kyns undirskriftalista og mótmælaskrár sem kynnu að vera í umferð á netinu. Það gleymdist vitanlega ekki að nefna myndefni af öllu tagi. Lögð var áhersla á nauðsyn þess að skoða grannt hvernig eitthvað gæti borist frá einni síðu eða „bloggi“ til annars, tengsl myndast og þar fram eftir götunum.

Þessu fylgdi svo að sjálfsögðu listi yfir allt það sem átti að grandskoða á þessum síðum, „bloggum“ o.s.frv. Fyrst og fremst átti að hafa upp á hverjum þeim sem hefði áhrif á skoðanir annarra, sem sé öllum hugsanlegum „leiðtogum“ og þeim sem birtu upplýsingar, og athuga hvaða tengsl kynnu að skapast milli þeirra. Jafnframt átti að finna uppruna þeirra orðræðna sem færu fram á netinu og kanna nákvæmlega hvernig þær breiddust út, og finna „þýðingarmiklar upplýsingar“, einkum og sér í lagi „veik merki“ (hvað sem það á að þýða). Svo var nauðsynlegt að koma tölum yfir þetta allt, telja hve margir heimsóttu „bloggsíður“, hve margir bættu við hugleiðingum frá eigin brjósti o.s.frv. En markmiðið með þessu öllu var svo að tengja þessar upplýsingar saman, túlka þær, skilgreina helstu rökin sem kæmu fram á öllum þessum netsíðum, og síðast en ekki síst „meta hættuna af smiti og kreppu“.

Naumast þarf að taka fram að kennarar sáu rautt þegar þeir lásu þetta, og í sumum skólum a.m.k. voru þessar síður í Lögbirtingarblaðinu ljósritaðar og hengdar upp á vegg í kennarastofum. Blaðamaður við blaðið „Libération“ hafði samband við talsmann fyrirtækis eins sem hafði að sögn unnið störf af slíku tagi, en hann vildi sem minnst úr þessu gera og virtist einna helst líta á þetta sem e.k. málvísindalegar rannsóknir. Kennarar voru hins vegar mjög á öðru máli, þeir litu á þetta sem upphaf á einhvers konar skoðanaofsóknum, og nefndu dæmi um að kennari hefði þegar verið tekinn á beinið fyrir eitthvað sem hann átti að hafa sagt á sinni prívatsíðu. „Libération“ hafði líka sem fyrirsögn: „Big Darcos (en það er menntamálaráðherrann) is watching you“.

En annað gramdist kennurum líka: að það skyldi vera hægt að snara svona út, eins og ekkert væri, tvö hundruð og tuttugu þúsund evrum, þegar það eitt er nú á dagskrá að spara sem allra mest á öllum sviðum skólakerfisins. Á þessu skólaári hafa ellefu þúsund kennarastöður verið lagðar niður við franska skóla, boðað er að þrettán þúsund stöður verði lagðar niður næsta haust, og þannig áfram. Þessar tvö hundruð og tuttugu þúsund evrur hefði auðveldlega verið hægt að spara líka, sögðu kennarar, það hefði verið hægðarleikur fyrir menntamálaráðherra að komast að því hvað þeir hugsuðu og vildu, hverjar væru skoðanir þeirra, kröfur og annað, ef hann hefði þegið þau boð sem honum hafa þráfaldlega verið send – nú síðast eftir eins dags kennaraverkfall - um að koma á þeirra fund, ræða við þá og hlusta á þá. En það hefur hann aldrei viljað gera.

## Mannréttindayfirlýsingin 60 ára

**UMRÆÐAN**

Guðrún D. Guðmundsdóttir skrifar um mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna



**GUÐRÚN DÖGG GUÐMUNDSDÓTTIR**

Árið 1948, í kjölfar voðaverka heimsstyrjaldarinnar síðari, samþykkti alþjóðasamfélagið skjal sem ætlað var að leggja hornsteininn að nýrri heimsskipan. Í heimi sem skipt var upp af nýlenduherrum og markaðist af kynþáttaaðskilnaði var mannréttindayfirlýsingin ótrúlegt þrekvirki því í henni felst fyrsta alþjóðlega viðurkenning þess að mannréttindi og frelsi sé réttur allra manna, alls staðar og með því markar hún þáttaskil í sögunni. Með yfirlýsingunni var lagður grundvöllur að uppbyggingu hins alþjóðlega mannréttindakerfis og hún hefur með árunum orðið leiðarljós þeirra sem vinna að eflingu og virðingu mannréttinda.

Mannréttindayfirlýsingin áréttar göfgi og gildi mannsins og byggir á því að allir hafi sömu óafsalanlegu mannréttindi. Við krefjumst öll jafnra tækifæra og mannsæmandi lífskjara, og höfum þörf fyrir fæði, klæði og húsaskjól. Við viljum geta haft áhrif á samfélag okkar og fá tækifæri til að njóta gæða þess.

Í mannréttindum felst einnig vernd gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er og þau grundvallast á virðingu fyrir einstaklingnum.

Mannréttindayfirlýsingin hefur ómælda þýðingu fyrir heimsbyggðina en áhrifa hennar gætir í lögum og stjórnarskrám um víða veröld. Lögin nægja þó ekki ein og sér; til þess að sækja rétt sinn og virða rétt annarra verður fólk að vita hvað felst í mannréttindum. Útbreiðsla yfirlýsingarinnar og þekking á ákvæðum hennar er því mikilvæg forsenda mannvæns samfélags þar sem fólk nýtur mannhelgi, jafnréttis, borgaralegra og pólitískra réttinda og er öruggt um líf og afkomu. Nú þegar syrtir í álinn má ekki slá af kröfum um mannréttindavernd. Brýnt er að viðbrögð við efnahagskreppunni ógni ekki réttaröryggi borgaranna og þeim mannréttindum sem hafa áunnist á síðustu 60 árum. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna byggist á hugsjón um samfélag mannhelgi, réttlætis og jafnra tækifæra fyrir alla. Látum þessa hugsjón varða leiðina að hinu nýja Íslandi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVISS.IS


# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...


Vistvæna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 10. desember 2008 – 48. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir


**Guðmundur Arnar Guðmundsson**
Markaðsstjórar athugið!
6



**Alþingi og Icesave**
Upphaflega áætlunin samþykkt



4 - 5

**Schrader snýr aftur**
Gömul heilræði í fullu gildi


HEILRÆÐI
FYRIR UNGA MENN
Í VERZLUN OG VIÐSKIFTUM
GEORGE H. F. SCHRADER

5



**DUMBUNGUR YFIR FÆREYJUM**
Fjárfestar hafa fengið undanþágu frá gjaldeyrisreglum til að kaupa hlutabréf í færeysku félögunum sem skráð eru hér.

## Fjárfest á undanþágu

Seðlabankinn hefur ákveðið að veita undanþágu frá gjaldeyrisreglum vegna viðskipta með hlutabréf í færeysku félögunum fjórum sem hér eru á markaði.

Vafamál var hvort leyfi væri fyrir fjárfestingum í félögunum eftir að Alþingi samþykkti reglur Seðlabankans um gjaldeyrishöft fyrir tæpum hálfum mánuði.

Skýrt var á um það kveðið í fyrstu grein gjaldeyrisreglnanna að fjárfesting í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingasjóða, peningamarkaðsskjölum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum með erlendum gjaldeyri væri óheimil. Hlutabréf færeysku félaganna eru í dönskum krónum. Söluandvirði vegna viðskiptanna verður eftir sem áður skilaskylt, líkt og reglurnar kveða á um. - jab

## Innlausn sjóða enn frestað

„Þar sem tímabundin stöðvun viðskipta með alla fjármálagerninga útgefna af SPRON er enn í gildi, er innlausnum hlutdeildarskírteina í tveimur sjóðum gamla Glitnis áfram frestað," segir í tilkynningu bankans.

Um er að ræða Sjóð 1 - skuldabréf og Sjóð 11 - fyrirtækjabréf. Fram kemur að frestun innlausnar sjóðanna sé gerð á grundvelli laga um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. - óká

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Erlent bílalán |** Ekki er útilokað að bílaframleiðendurnir General Motors og Chrysler fái 15 milljarða dala neyðarlán um miðjan mánuðinn til að keyra sig í gegnum efnahagslægðina. Gangi það ekki eftir er hætta á að þeir stefni allir í gjaldþrot með ófyrirsjáanlegum afleiðingumm fyrir bandarískt efnahagslíf.



**Rýr Nóbel |** Nóbelssjóðurinn, sem stendur á bak við Nóbelsverðlaunin, hefur tapað 650 milljónum norskra króna, jafnvirði tíu milljarða íslenskra, það sem af er ári. Útlit er fyrir að árið verði sjóðnum jafn erfitt og fyrir sex árum en þá gufuðu upp 21,4 prósent af eignum Alfreds gamla Nobel.

**Blásið í framkvæmdir |** Bandarískir fjárfestar eru vongóðir um að Barack Obama, sem tekur við forsetastólnum á nýju ári, muni takast að reisa efnahagslífið við. Á borði hans liggja drög að vegalagningu, byggingastarfsemi á vegum hins opinbera og uppbygging háhraðanettenginga um landið endilangt.

**Brunaútsala |** Allar vörur í rúmlega 800 verslunum Woolworths voru seldar með fimmtíu prósenta afslætti eftir að athafnamaðurinn Theo Paphities hætti við að kaupa keðjunna. Lokafrestur tilboða í eigur Woolworths rann út um miðja vikuna. Baugur á um tíu prósent í móðurfélagi keðjunnar.

# Kauphöllin líkust því sem var 1994

**Úrvalsvísitalan hrundi um 40 prósent með falli Existu og Straums í gær. Úrvalsvísitalan hefur ekki verið lægri í 14 ár.**

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Við höfum staðið af okkur jarðskjálftann og dregið líkin út úr flökunum. Nú er mikilvægast að koma hlutabréfamarkaðnum aftur á rétt ról. Það verður að gerast eins fljótt og auðið er," segir William Fall, forstjóri Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka.

Hann var ánægður með það í gær þegar viðskipti hófust á ný með hlutabréf félagsins í Kauphöllinni. Viðskiptin séu hluti af bataferlinu. Og hann er bjartsýnn á framhaldið.

Félagið landaði erlendri fjármögnun upp á 133 milljónir evra á föstudag auk þess sem það hefur greitt upp 200 milljarða evra sambankalán, sem var á gjalddaga í gær.

Fjármögnunin er sú fyrsta sem íslenskt fjármálafyrirtæki hefur dregið í hús erlendis frá. Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardag tengist hún ekki hluthöfum fjárfestingabankans. Á uppgjörsfundi bankans fyrir hálfum mánuði reiknaði Fall með því að viðskipti hæfust aftur með bréf bankans þegar sambankalánið væri að baki. Sú von varð að veruleika í gær. Gjalddagi á næsta sambankaláni er um mitt næsta ár upp á rétt um 70 milljónir evra og aftur í mars á þarnæsta ári upp á 330 milljónir evra. „Það er langur tími," segir Fall.

Eins og fram kemur í Markaðnum í dag voru hlutabréf Existu tekin úr saltinu ásamt Straumi í gær en þar hefur Fjármálaeftirlitið geymt þau í níu vikur, eða frá bankahruninu í byrjun október. Eftir ríkisvæðingu bankanna situr nú Spron eitt eftir í salti Fjármálaeftirlitsins.

Þegar viðskipti voru stöðvuð með bréf Straums fyrir níu vikum stóð gengi bréfa bankans í sjö krónum á hlut. Það féll niður í 2,5 krónur. Þetta jafngildir rúmlega 64 prósenta falli. Gengið jafnaði sig nokkuð yfir daginn og sveiflaðist í kringum þrjár krónurnar áður en það endaði í 2,91. Á sama tíma hrundi Exista úr 4,62 krónum í 14 aura á hlut.

Talsverðar breytingar hafa orðið á samsetningu Úrvalsvísitölunnar á þessum níu vikum. Bréf viðskiptabankanna þriggja eru horfin úr henni auk þess sem Atorka var afskráð á föstudag í síðustu viku. Þá kveður Exista sömuleiðis eftir lokun viðskiptadags á föstudag.

Þessar breytingar hafa haft veruleg áhrif á vísitöluna. Hún fór hæst í 9.016 stig 18. júlí í fyrra um svipað leyti og gengi hlutabréfa snerti hæstu hæðir. Eftir það tók hún að gefa verulega eftir. Eftir bankahrunið skall hún niður í rúm 670 stig, eða um tæp áttatíu prósent. Með falli Existu og Straums féll hún svo um rúm 40 prósent og fór til skamms tíma í gærmorgun undir 400 stig. Hún var síðast á svipuðum slóðum seint í desember árið 1994.

## Íslendingar kveðja Wyndeham Press

Breski fjárfestingasjóðurinn Walstead Investments hefur keypt bresku Wyndeham-prentsmiðjuna. Þar með er afskiptum Íslendinga af prentsmiðjunni lokið.

Dagsbrún, nú 365, sem meðal annars gefur út Markaðinn, keypti prentsmiðjuna á vordögum 2006. Kaupverð nam 80,6 milljónum punda, jafnvirði tíu milljarða króna á þávirði.

Prentsmiðjan setti tap í bækur félaga sem Dagsbrún ól af sér eftir uppskiptingu. Þau afskrifuðu eignarhlut sinn hægt og bítandi.

Breska dagblaðið Financial Times segir prentsmiðjuna hafa verið í eigu Landsbankans á endanum og var kaupanda leitað. Það hafi verið erfitt og útlit fyrir að hún færi í þrot þegar Walstead Investments knúði dyra.

Kaupverðið nú nemur hins vegar sautján milljónum punda, jafnvirði 2,8 milljarða króna á núvirði. Í því felst yfirtaka skulda upp á 95 milljónir punda. Hlutafé í prentsmiðjunni hefur hins vegar verið afskrifað. - jab



FLOTT GLERAUGU FYRIR JÓLIN
Úrval af umgjörðum – ný sending
Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 2,6% | -43,7% |
| Atorka | 75,0% | -92,9% |
| Bakkavör | 26,4% | -93,9% |
| Eimskipafélagið | 0,8% | -96,2% |
| Exista | -97,0% | -99,3% |
| Icelandair | 1,1% | -52,3% |
| Kaupþing | 0,0% | -100,0% |
| Marel | 5,7% | -20,5% |
| SPRON | 0,0% | -79,2% |
| Straumur | 58,9% | -80,7% |
| Össur | 8,2% | 0,0% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær. Úrvalsvísitalan OMXI15 403.*

# Reglurnar hömluðu samkeppni

Evrópureglur hafa á stundum hamlað samkeppni hér á landi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins.

Eitt dæmi er tilraun Iceland Express til að hefja samkeppni við Icelandair í áætlunarflugi til Ameríku og reglur um afgreiðslutíma á flugvöllum, en þær gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. „Samkeppniseftirlitið telur að beiting þessara reglna hér á landi feli í sér talsverðar aðgangshindranir fyrir nýja keppinauta,“ segir í kafla skýrslunnar um flugmarkað.

Að auki fjallar Samkeppniseftirlitið í skýrslunni um uppbyggingu markaða í kjölfar bankahrunsins. Margar tillögur eru lagðar fram og óskað eftir fleirum.

Eftirlitið bendir á að úrlausnarefni séu víða. Sveitarfélög hafi til að mynda sjaldnast mótað skýra stefnu um áhrif skipulags á samkeppni, eins og fjallað hefur verið um í Markaðnum. Þá er nefnt að stjórnvöld setji oft lög eða reglur sem gangi gegn markmiðum samkeppnislaga og skaði samkeppni.



**VIÐ INNRITUN Í LEIFSSTÖÐ** Í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins er fjallað um samkeppni hér á landi á víðum grundvelli. Meðal annars um samkeppni á flugmarkaði. MARKAÐURINN/PJETUR

Samkeppniseftirlitið bendir einnig á að nýjum keppinautum á viðskiptabankamarkaði hafi reynst erfitt að fá aðild að reiknistofu bankanna.

Enn fremur nefnir eftirlitið verðstefnu Bónuss, sem geti dregið úr samkeppni, búvörulög sem ekki geri ráð fyrir að mjólkurvinnsla geti verið annars staðar en innan hins ríkisstyrkta kerfis, mögulega sameiginlega markaðsráðandi stöðu tryggingafélaga og sameiginlega ráðandi markaðsstöðu Lyfju og Lyfja og heilsu. Í henni felist meðal annars hætta á því að fyrirtæki utan keðjanna geti búist við grimmri samkeppni, sem þó ríki ekki keðjanna á milli. **- ikh**

# Árni verstur í bankaheimi?



**ÁRNI MATHIESEN**

Árni Mathiesen fjármálaráðherra vermir toppsætið á lista bandaríska netmiðilsins Huffington Post yfir versta bankamann í heimi.

Af athugasemdum við könnunina að dæma virðast lesendur, jafnt innlendir sem erlendir, þó almennt sammála um að Árni verðskuldi ekki veru á listanum. Nær hefði verið að Davíð Oddsson seðlabankastjóri keppti þar við kollega sinn fyrrverandi, Alan Greenspan, sem situr í öðru sæti listans með rúmlega helmingi færri atkvæði en Árni. Nú eða Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra, sem hefur bankamálin á sinni könnu.

Reyndar var starfsfélagi Árna vestanhafs, Hank Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, í fjórða sæti listans í gær.

Hvorki náðist í Árna vegna málsins í gær né í fyrradag. **- jab**

**KÖNNUNIN***

| Nafn | Atkvæðahlutfalll |
|---|---|
| Árni Mathiesen *(fjárm.ráðherra ÍSL)* | 41,3% |
| Alan Greenspan *(bandaríski seðl.)* | 16,95% |
| Richard Fuld *(forst. Lehman)* | 10,52% |
| Hank Paulson *(fjárm.ráðherra BNA)* | 9,33% |
| Vikram Pandit *(forst. Citigroup)* | 4,73% |
| Fred Goodwin *(forst. RBS)* | 4,54% |
| James Cayne *(forst. Bear Stearns)* | 3,96% |
| Alan Fishman *(forst. WaMu)* | 3,19% |
| Chris Cox *(forst. bandaríska fjármálaeftirlitsins)* | 2,24% |

** Staðan fyrir hádegi í gær*

# Lánuðu sjálfum sér

Nítján svonefndar stórar áhættuskuldbindingar voru hjá stóru bönkunum þremur, um síðustu áramót. Heildarfjárhæð þessara skuldbindinga var ríflega 930 milljarðar króna og um 95 prósent af eiginfjárgrunni bankanna.

Þetta kemur fram í fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabankans sem gefin var út í vor. Þar segir enn fremur að stórum áhættuskuldbindingum hafi fjölgað um fjórar frá árinu áður, en fjárhæðin yfir 380 milljarða króna.

Aukningin skýrðist „að nokkru leyti af hækkun á fyrirgreiðslu við einstaka viðskiptamenn“ og tengda aðila sem myndi stórar áhættuskuldbindingar í fleiri en einum banka. Dæmi væru um að hinir sömu væru jafnframt meðal stærstu hluthafa bankanna, sem var áhyggjuefni að mati Seðlabankans.

Stór áhættuskuldbinding er, samkvæmt skilgreiningu, skuldbinding fyrirtækis vegna viðskiptamanns eða fjárhagslega tengds aðila sem nemur tíu prósentum eða meira af eiginfjárgrunni fyrirtækis.

Seðlabankinn benti líka á að ríflega þrettán prósent heildarútlána samstæðna viðskiptabankanna væru með veði í hlutabréfum. Þá nam lánsfjárhæðin tæplega 970 milljörðum króna. Tæp 40 prósent bréfa til tryggingar útlánum voru skráð í Kauphöll Íslands og námu hátt í fimmtungi af markaðsverði allra skráðra bréfa um síðustu áramót. **- ikh**

# Bakkabræður forðuðu þroti Existu

## Viðskipti hófust með bréf Existu í gær. Félaginu var forðað frá þroti í síðustu viku þegar stórt lán var á gjalddaga.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Allir núverandi hluthafar Existu fá að vera með í forgangsréttarútboði félagsins á næsta ári. Heimild til hlutafjáraukningar verður lögð fyrir hluthafafund félagsins fyrir áramót.

Eins og fram kom á sérstökum hluthafafundi Existu í lok október, þar sem stjórn félagsins fékk víðtækar heimildir til björgunaraðgerða, ríkir óvissa um eigna- og skuldastöðu félagsins. Það var stærsti hluthafi Kaupþings þegar bankinn hrundi. Eignin, sem var óveðsett, gufaði upp. Þá sitja tugir milljarða króna af inneignum og afleiðusamningum fastar í þrotabúum gömlu bankanna. Viðræður standa yfir um innlausn samninga.

Forgangsréttarútboðið kemur í framhaldi af kaupum Existu á eignarhaldsfélagi Bakkabræðra, Kvakki. Kaupin fela í sér að bræðurnir leggja Existu til einn milljarð króna í aukið hlutafé, eldsneyti sem tryggði að félagið gat greitt lán á gjalddaga á fimmtudag í síðustu viku upp á einn milljarð evra. Hefði greiðsla fallið á gjalddaga er hætt við að Exista hefði farið í þrot, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Eftir viðskiptin eiga félög bræðranna tæp 88 prósent í Existu.

Óvíst er með fjárhagslega burði stærstu hluthafa Existu nú. Á eftir Bakkabræðrum, sem nú sitja á 45 prósentum hlutafjár, er fjárfestingafélagið Kista næststærst. Það er í eigu Spron, Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Mýrasýslu, Sparisjóðs Svarfdæla, Eyraeldis, dótturfélags Sparisjóðs Vestfirðinga, og Þrælsfells, dótturfélags Sparisjóðs Húnaþings og Stranda. Þá er Spron skráð fyrir 2,4 prósentum til viðbótar. Gift, eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga, er meðal stærstu hluthafa. Ljóst er að félagið hefur ekki burði til þátttöku í hlutafjáraukningu en skuldir þess hlaupa á milljörðum umfram eignir.

Eftir bankahrunið í október voru viðskipti stöðvuð með hlutabréf Existu í Kauphöllinni. Þá stóðu þau í 4,62 krónum á hlut. Þegar viðskipti hófust á ný í gær hrundi gengið um rúm 97 prósent, eða undir tíu aura þegar verst lét.

Nýja Kaupþing sagði í fyrradag leitað allra leiða til að hindra gjörning Bakkabræðra enda hafi bankinn unnið að því að taka Existu yfir og verja hagsmuni bankans. Í gær barst svo tilkynning þess efnis að félögin ætluðu ekki að taka á málinu í fjölmiðlum heldur leysa ágreininginn sín á milli. Hvorugur aðila tjáði sig um málið í gær.

Harla lítið er eftir af eignasafni Existu samanborið við stöðuna í september. Skömmu eftir hrunið gerðu Bakkabræður samkomulag um að kaup á hlut Existu í Bakkavör fyrir 8,4 milljarða króna. Viðræður við lánadrottna Bakkavarar og Existu í tengslum við kaupin standa enn yfir.

Þá seldi félagið hluti sína í sterkustu fjármálafyrirtækjum Norðurlanda, í Sampo og Storebrand. Eftir standa nú í Existu 100 prósenta eign í Skiptum, móðurfélagi Símans, eignaleigufyrirtækið Lýsing, vátryggingafélagið VÍS og líftryggingafyrirtækið Lífís. Þá eru ótaldir smærri hlutir, svo sem helmingshlutur í Öryggismiðstöðinni og rúmur fjórtán prósenta hlutur í bresku íþróttavöruversluninni JJB Sports.

Ljóst er að tak stjórnar Existu er lítið eftir hremmingar síðustu vikna, enda róinn lífróður. Líklegra er, miðað við stöðuna, að þar haldi erlendir kröfuhafar um taumana.



**BAKKABRÆÐUR RÝNA Í TÖLURNAR** Lýður og Ágúst Guðmundssynir, stærstu hluthafar Existu, ætla ekki að sitja einir að félaginu þegar birtir til á fjármagnsmörkuðum. MARKAÐURINN/GVA

ELSKA AÐ GERA SAMA HLUTINN AFTUR OG AFTUR, ALLAN DAGINN

Ljósritunarvélarnar frá Konica Minolta eru einfaldar, hagkvæmar í notkun og krefjast lítils viðhalds. Þær prenta fyrir þig með miklum hraða og í fyrirtaksgæðum – og ólíkt öðrum á skrifstofunni eru þær alsælar með endurtaka sig allan daginn.

Konica Minolta
REKSTRARVÖRUR
Alltaf til á lager

KONICA MINOLTA



BIZHUB C10
Litur: Já
Afköst: 20 bls./mín. í svarthvítu, 5 bls./mín. í lit
Pappírsstærðir: A5–A4
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritun, prentun, skönnun, fax og e-mail



BIZHUB 131F
Litur: Nei
Afköst: 13 bls./mín.
Pappírsstærðir: A6–A4
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritun, prentun, skönnun, fax og e-mail



BIZHUB 163
Litur: Nei
Afköst: 16 bls./mín.
Pappírsstærðir: A6–A3
Tengi: USB, Ethernet
Aðgerðir: Ljósritun, prentun, skönnun, fax og e-mail

KJARAN EHF. · SÍÐUMÚLA 12-14 · 108 REYKJAVÍK · S: 510-5520 · WWW.KJARAN.IS · KJARAN@KJARAN.IS

KJARAN TÆKNIBÚNAÐUR




# Þegar ekkert má fara úrskeiðis

**Skyggnir færir þér hagkvæmni og áreiðanleika í rekstri tölvukerfa**

Örugg og skjót þjónusta skiptir öllu máli í rekstri tölvukerfa. Þjónustumiðstöð Skyggnis er mönnuð sérfræðingum og opin allan sólarhringinn, alla daga ársins. Fjöldi íslenskra fyrirtækja og stofnana, af öllum stærðum, getur vitnað um öfluga þjónustu Skyggnis. Þeirra á meðal eru Icelandair, Eimskip, Fljótsdalshérað, Kaffitár og Brimborg.  Hafðu samband og fáðu að heyra hvað við getum gert með þér.

| **Alrekstur** | **Hagræðing** |
|---|---|
| · Engir bakreikningar | · Greining og ráðgjöf |
| · Meira öryggi | · Úrbætur |
| · Aukin hagkvæmni | · Minni kostnaður |

Fíton / SÍA

Skyggnir

Skyggnir sérhæfir sig í rekstri tölvukerfa og lausnum sem auka áreiðanleika, lækka kostnað og bæta eiginleika upplýsingakerfa.
Skyggnir býður enn fremur upp á öfluga þjónustu í net- og samskiptalausnum sem auka framleiðni og efla þjónustu fyrirtækja og stofnana.

Urðarhvarf 6 | 203 Kópavogur | Sími 516 1000 | skyggnir.is

# Alþingi samþykkti upprunalega áætlun um Icesave

Ætla má að íslensk stjórnvöld hafi upphaflega gert ráð fyrir að ábyrgjast innistæður á Icesave-reikningum. Samt var fullyrt að Íslendingar myndu ekki láta kúga sig til þess. Ingimar Karl Helgason fór yfir málið og komst að því að þótt eignir Landsbankans ytra dugi fyrir öllum skuldbindingum þurfi samt að greiða upp undir hundrað milljarða króna vegna málsins.

Alþingi samþykkti á föstudag þingsályktun sem heimilar ríkisstjórninni að ganga til samninga um Icesave-málið. Forsenda þeirra viðræðna er að Íslendingar ábyrgist innistæður á reikningum upp að 20.887 evrum á hvern reikning. Málið tengist náið efnahagsaðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ýmsum þjóðum. En sem kunnugt er fékkst sú aðstoð ekki fyrr en Icesave-málinu var landað.

**HVAÐ STÓÐ TIL?**

Fljótlega eftir bankahrunið varð ljóst að Íslendingar kynnu að þurfa að ábyrgjast innistæður á reikningum í útibúum bankanna erlendis. Glitnir, Kaupþing og Landsbankinn höfðu allir tekið við innlánum í útibúum erlendis.

Samkvæmt íslenskum lögum, sem byggð eru á tilskipun Evrópusambandsins, er starfræktur sérstakur Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en fjármálastofnanir leggja honum til fé, eftir ákveðnum reglum. Eftir því sem næst verður komist eru um nítján milljarðar króna í sjóðunum nú.

Samkvæmt þingskjölum verða innlán í Kaupþingi erlendis greidd upp með eignum bankans. Innlán hjá Glitni þykja lítil, að því er fram kemur í þingskjölum. Eftir standa innlán upp á hundruð milljarða króna á Icesave-reikningum í Landsbanka. Tekið var við innlánum í útibúum í Bretlandi og Hollandi.

Ellefta október var tilkynnt að Íslendingar og Hollendingar hefðu náð samkomulagi um lyktir vegna Icesave-reikninga þar í landi.

„Samkomulagið kveður á um að íslenska ríkið muni bæta hverjum og einum hollenskum innstæðueiganda innstæður að hámarksfjárhæð 20.887 evrur. Hollenska ríkisstjórnin mun veita Íslandi lán til að standa undir þessum greiðslum og hollenski seðlabankinn mun annast afgreiðslu krafna innstæðueigendanna,“ segir í yfirlýsingunni.

**LÁTUM EKKI KÚGA OKKUR**

Skömmu eftir að tilkynnt var um samkomulagið við Hollendinga, rituðu Stefán Már Stefánsson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, og Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður grein í Morgunblaðið. Hún fékk nokkra umfjöllun en þar færðu þeir meðal annars rök fyrir því að Tryggingasjóðurinn ætti samkvæmt lögum ekki að ábyrgjast hærri upphæðir en væru í honum hverju sinni; ríkið og þar með skattgreiðendur þyrftu ekki að borga.

Í þessu umhverfi voru jafnframt miklar umræður um væntanlega efnahagsaðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ýmissa þjóða. Það stóð fast; málið var ekki tekið fyrir í stjórn sjóðsins. Þá töldu þráspurðir ráðamenn að þau mál tengdust ekki Icesave-málinu.

Sjötta nóvember lýsti Geir H. Haarde, forsætisráðherra, þessu yfir á Alþingi: „Við munum ekki láta kúga okkur í því máli og við munum ekki láta þann svarta blett sem þessir Icesave-reikningar eru verða okkur til trafala.“

**STENST ÞAÐ?**

Síðar kemur á daginn að Íslendingar gangast undir að ábyrgjast þær innistæður á Icesave-reikningum og öðrum innlánsreikningum í útibúum bankanna erlendis sem eignir duga ekki fyrir. En hvenær varð það ljóst?

Í tillögu til þingsályktunar um lyktir Icesave-málsins, sem Alþingi samþykkti á föstudag, segir: „Íslensk stjórnvöld voru ekki tilbúin til að fallast á að íslenska ríkinu bæri að ábyrgjast greiðslur til innlánseigenda ef þær færu fram úr því sem Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta gæti staðið undir af inngreiðslum í sjóðinn.“ Tillögunni var dreift á Alþingi í lok nóvember.

Þriðja nóvember fór utan bréf til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem nefnt er „Letter of intent“. Undir það skrifuðu fyrir Íslands hönd Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Davíð Oddsson seðlabankastjóri.

Í tólfta lið bréfsins kemur fram að reiknað sé með því að vergar skuldir ríkisins nemi 109 prósentum af landsframleiðslu í lok þessa árs.

Þegar stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykkti að veita Íslendingum efnahagsaðstoð, meðal annars á þeim grunni að Íslendingar samþykktu að ábyrgjast Icesave-reikningana, var birt skýrsla starfshóps sjóðsins um íslensk efnahagsmál. Þar var meðal annars að finna sundurliðun á vergum skuldum.

Þar var gert ráð fyrir því að ábyrgðir vegna Icesave-reikninganna yrðu hátt í 50 prósent af vergri landsframleiðslu.

Það virðist því hafa legið fyrir, í síðasta lagi þriðja nóvember, og verið ein meginforsenda fyrir efnahagsaðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og forsenda fyrir mati hans á stöðu efnahagsmála hér og skuldastöðu ríkisins, að ríkið, og þar með skattgreiðendur, myndi ábyrgjast innistæður á Icesave-reikningum Landsbankans.

**BRÚTTÓ**

Mikil óvissa er enn um hversu háar fjárhæðir ríkið þarf að ábyrgjast vegna Icesave-reikninganna.

Töluverðar upphæðir, jafnvel sem nemur um 1.200 milljörðum króna, eru taldar hafa legið á Icesave-reikningunum.

Enn fremur hafa menn haldið því fram að eignir Landsbankans ytra dugi „vonandi“ fyrir þessum skuldbindingum.




**Línan** sýnir hvernig innistæður á reikningum í Landsbankanum uxu frá síðari hluta árs 2006 og fram á mitt þetta ár. Innistæður uxu jafnframt sem hlutfall af fjármögnun bankans og voru komnar yfir 60 prósent þegar bankinn féll.

**Rétt er að hafa í huga** að línan endurspeglar ekki innistæður á Icesave-reikningum eingöngu. Til að mynda var um fjórðungur innlána í bankanum hér á landi. Enn fremur eru innistæður birtar í íslenskum krónum, miðað við það gengi sem stuðst var við í fjórðungsuppgjörum bankans hverju sinni.

**Litaða svæðið** sýnir þá upphæð af heildarinnistæðunum sem Íslendingar ætla að ábyrgjast. Litbrigðin sýna hugsanleg nettóútgjöld Íslendinga þegar eignum Landsbankans ytra hefur verið komið í verð.

**Rauði borðinn** á botninum sýnir til samanburðar árlegan kostnað við allt heilbrigðis- og félagskerfið á Íslandi..






**LEIKRIT Á NETINU** Leikritasmiðjan er nýr leikritavefur Námsgagnastofnunar. Á vefnum er að finna þrjú leikrit eftir Þórunni Pálsdóttur. Sjá www.namsgagnastofnun.is.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



MOSFELL

Eigum á lager milliveggjastoðir (beinar og burðmiklar) úr Kerto límtré frá 2- til 5 metrum

TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619
MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS





GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir





Allt á einum stað

VETRARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



Íslenskt barnaefni á DVD
Fæst í öllum betri verslunum






**Íslenskar þjóðsögur og ævintýri**

Loksins eru þjóðargersemar okkar Íslendinga komnar út á DVD mynddiski. Hér er að finna fjöldann allan af þjóðsögum og ævintýrum, þar á meðal Bakkabræður, Gilitrutt og 18 barna faðir í Álfheimum.

Einvala lið leikara er að finna á disknum og má þar nefna Örn Árnason, Árna Tryggvason, Ragnheiði Steindórsdóttur, Sigurð Sigurjónsson og Þröst Leó Gunnarsson svo einhverjir séu nefndir.

**Móðurfélagið ehf.**
Hægt er að panta á modurfelagid@simnet.is eða í síma 891-6075.




Rebekka og Auður í flæðarmálinu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Á Bahama með lítið kríli

**Vinkonurnar Auður Kristín og Rebekka eru nýkomnar heim frá Grand Bahama þar sem þær dvöldu í sex vikur með tíu mánaða son Auðar sem buslaði í sundi og sjó og var hinn ánægðasti.**

Þær Auður Kristín Pálmadóttir og Rebekka Hinriksdóttir, sem báðar eru átján ára, tóku sér frí frá skólabókunum í vetur og skelltu sér til Bahamaeyja með ungan son Auðar, Elvar Má Magnússon, upp á arminn.

Faðir Auðar á íbúð á Grand Bahama og ákváðu vinkonurnar, sem hafa þekkst síðan þær voru fimm ára, að fara þangað með litla prinsinn. „Ég var eiginlega pabbinn og Auður mamman,“ segir Rebekka og skellir upp úr.

Upphaflega ætluðu þær stöllur að vera alveg fram að jólum og freista þess að finna sér vinnu. „Efnahagsástandið á Bahamaeyjum er þó svipað og hér heima og því ekki um auðugan garð að gresja. Við ákváðum því bara að slaka á,“ segir Auður.

Vinkonurnar áttu því náðugar sex vikur þrátt fyrir brösuglega byrjun. „Það munaði engu að við misstum af vélinni frá London til Miami. Við hlupum eftir flugvellinum endilöngum og rétt náðum inn í vél. Við misstum svo af fluginu frá Miami til Bahama,“ lýsir Auður. Þegar á áfangastað var komið tók þó ljúfa lífið við og buslaði Elvar litli í sundi og sjó og lét vinkonurnar stjana við sig. Hann kunni vel við sig í hitanum og var hinn ánægðasti.

En hvað þótti innfæddum um hina ungu móður? „Þeir kipptu sér nú ekki mikið upp við aldur minn enda eignast eyjaskeggjar börn á öllum aldri. Það var þó töluvert af Ameríkönum þarna sem fannst ég heldur ung enda eru barneignir sjaldan á dagskrá hjá þeim fyrr en eftir giftingu.“

Auður segir eyjaskeggja einstaklega vinalega. „Við vorum með bílstjóra sem keyrði okkur á milli staða og ef hann þekkti einhvern úti á götu hikaði hann ekki við að stoppa bílinn, hlaupa út og faðma manneskjuna að sér.“

Þær stöllur ætla nú að njóta jólanna í ró og spekt en stefna svo báðar á nám eftir áramót, endurnærðar eftir góða ferð.

*vera@frettabladid.is*


Við mætum kreppunni 25% afsláttur af öllum vörum til áramóta




Úrval af slökunarstólum
Með leðuráklæði eða taui og skemlum - Margir litir




Vandað lítalskt leðursófasett 3+1+1
Litir: Brúnt og ljóst

www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16 - Sunnudaga kl. 13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375



**ÁRAMÓT Í BÁSUM** Ferðafélagið Útivist stendur fyrir áramótaferð í Þórsmörk. Lagt verður af stað 30. desember og komið heim 2. janúar. www.utivist.is



Mikið er að gera fyrir þá sem kjósa útiveru á Tarifa. MYND/ÚR EINKASAFNI



Göturnar í Tarifa eru þröngar og heillandi.



Arna ásamt dóttur sinni Victoriu.

# Spænskunám í Andalúsíu

**Frá smáborginni Tarifa á Spáni er gott útsýni yfir til Afríku. Þar ætlar Arna Árnadóttir að stofna spænskuskóla sem verður opnaður í janúar.**

„Hér er sól og blíða og yndislegt veður,“ segir Arna Árnadóttir þegar Fréttablaðið slær á þráðinn til hennar í Tarifa á syðsta tanga Spánar. Á þessum sólríka stað, með útsýni yfir til Afríku og örskammt frá borgum á borð við Malaga, Sevilla og Cadiz, ætlar Arna að stofna spænskuskóla í janúar.

„Ég valdi Tarifa því ég vildi ekki vera í stórum túristabæ,“ segir Arna, sem hefur verið búsett á Spáni meira og minna í tólf, þrettán ár. „Ég var að vinna sem flugfreyja fyrir spænskt flugfélag og starfaði lengi sem fararstjóri bæði með Íslendinga á Spáni og Spánverja á Íslandi,“ segir Arna. Hún hefur kennt spænsku við Fjölbrautaskólann í Garðabæ og er með BA-próf í spænsku frá Háskóla Íslands og MA-próf í mannfræði frá háskóla í Madrid.

Arna hefur komið sér upp húsnæði í gamla bænum í Tarifa sem er að hennar sögn mjög heillandi. „Hér er allt lítið og sætt enda íbúarnir ekki nema sextán þúsund. Gamli bærinn býr yfir mikilli sögu með gömlum kastala og borgarmúr. Göturnar eru þröngar og við þær standa sætar búðir og barir,“ segir Arna, sem ætlar að bjóða upp á þrenns konar námskeið, byrjenda-, mið- og efsta stig og hefur fengið til liðs við sig nokkra innfædda spænskukennara.

Arna býst við að Íslendingar verði í meirihluta nemenda þótt hún stíli ekki einvörðungu inn á þá. En hefur hún áhyggjur af kreppunni? „Jú, því er ekki að neita, en maður verður bara að vona það besta og að Íslendingar nái sér upp úr þessu,“ segir hún og bætir við að ástandið á Spáni sé einnig slæmt með sextán prósenta atvinnuleysi. Hún segist samt hafa fengið góð viðbrögð við hugmynd sinni bæði frá Íslendingum og meðborgurum sínum í Tarifa, en þar hefur lengi verið þörf á fleiri spænskuskólum.

Í skólanum verður þó ekki einvörðungu lært enda ætlar Arna að reyna að höfða til sem flestra. Hún ætlar í framtíðinni að bjóða upp á námskeið þar sem kennd er spænska á morgnana og matreiðsla og myndlist síðdegis. Þá ætlar hún að fara með fólk í skoðunar- og menningarferðir til dæmis til Marokkó í Afríku en einungis tekur 45 mínútur að fara með ferju þangað frá Tarifa.

Fyrir þá sem kjósa hreyfingu hefur Tarifa upp á margt að bjóða. „Hér eru fallegar strendur og staðurinn hefur verið kallaður mekka vindsurfs og kætsurfs. Hér er mikið um útreiðar, klifur og köfun,“ segir Arna og bætir glettin við að Íslendingar geti einnig skellt sér í hvalaskoðun út á Njörvasund.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni www.alandalustarifa.com.

*solveig@frettabladid.is*


Sölkukvöld með Maxine
Miðvikudagur 10. des. kl. 18:00
Maður lifandi, Borgartún 24.
Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.
- Reikimeistarinn og metsöluhöfundurinn Maxine Gaudio kynnir lífsspeki sína og metsölubókina Ferðalagið að kjarna sjálfsins.
- Jón Ólafsson segir frá kynnum sínum af Maxine en hún hefur verið andlegur leiðbeinandi hans um skeið.
- Malín Brand, þýðandi bókarinnar, mun lesa upp úr bókinni og segja örstutt frá tengslum sínum við Maxine.
Ég gerði Max að fararstjóra á ferðalagi mínu um andlega heima. Því er þessi bók um líf hennar og starf nú komin út á íslensku. Vonandi verður hún til þess að fleiri leggja upp í ferðalag og finni sinn fararstjóra.
Jón Ólafsson
Salka www.salka.is
Gefandi og góð kvöldstund.

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR
AMNESTY INTERNATIONAL
Fögnum 60 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingarinnar. Tónleikar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu á mannréttindadaginn 10. desember 2008.
Fram koma:
Ellen Kristjánsdóttir, ásamt hljómsveit
Kristján Kristjánsson (KK)
Jónas Ingimundarson
Vadim Federov
Hjörleifur Valsson
Gissur Páll Gissurarson
Hulda Björk Garðarsdóttir
Stúlknakór Reykjavíkur
Haukur Gröndal, ásamt hljómsveitinni Bardukha
Leone Tinganelli, ásamt tríóinu Delizie Italiane
Tónleikarnir hefjast klukkan 20:00. Aðgangseyrir 1.500 krónur. Forsala aðgöngumiða í Tónastöðinni, Skipholti 50d og á skrifstofu Amnesty International, Hafnarstræti 15.

;ALLT MATUR
Alla föstudaga





Gott úrval af fóðruðum leðurstígvélum fyrir dömur.
Stærðir: 36 - 40
Verð frá 16.750.- til 21.650.
Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán-fös 10-18
lokað á sunnudögum
Á Þorláksmessu verður opið 10 - 20





Við komum pakkanum þínum til skila
Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?
Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.
Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330
Pósthúsið Ódýrari valkostur
Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



**EFNAHAGSLÍFIÐ** Gylfi Magnússon dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands heldur fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands föstudaginn 12. desember klukkan 12-13.30. Fyrirlesturinn fjallar um þær slæmu horfur sem nú eru í efnahagslífi um heim allan, hverjar skýringarnar virðast vera og hvað geti verið fram undan.

# Ýkjur en ekkert drama

**Ný námskeið í talsetningu teiknimynda eru að hefjast eftir áramótin hjá Sýrlandi. Námskeiðin eru sniðin fyrir börn og fullorðna og fá nemendur tilsögn í leiklist og tala svo inn á teiknimynd.**

Rósa Guðný Þórsdóttir og Jakob Þór Einarsson leikstjórar halda utan um námskeið í leiklist og talsetningu inn á teiknimyndir hjá Sýrlandi. Námskeiðin eru fyrir börn og unglinga og nú er einnig boðið upp á námskeið fyrir fullorðna.

„Það eru ekki mörg leiklistarnámskeið í boði fyrir fullorðna," útskýrir Jakob. „Við vorum með þau fyrir nokkrum árum en svo duttu þau upp fyrir vegna anna hjá okkur. Nú hefur mikið verið spurt eftir þeim og við vildum mæta þeirri þörf."

Á námskeiðunum fá nemendur tilsögn í grunnatriðum leiklistar, raddbeitingu og upplestri og tala svo inn á teiknimynd. Rósa og Jakob leiðbeina á námskeiðunum sem hefjast eftir áramótin en kalla til leikara til að leiðbeina eftir þörfum. En hvernig lærir maður að tala inn á teiknimynd?

„Fyrst förum við yfir almennar leiklistaræfingar til að ná stressinu úr fólki. Nemendur fá handrit og teiknimyndabút í hendurnar til að fara með heim og æfa sig að búa til persónu með röddinni. Í tímanum er svo farið yfir hvernig persónan er búin til og hvernig röddinni er beitt. Stundum er persónan eitthvert undarlegt dýr með skrítin hljóð en ekki mannsrödd þannig að það getur verið svolítið ýkt leiklist að leika inn á teiknimynd," segir Jakob.



Gunnar Ólafsson, fimmtán ára, fór líka á talsetningarnámskeið í fyrra. Hann vinnur nú við að talsetja teiknimyndina Gló magnaða fyrir sjónvarpið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann segir sviðsskrekkinn minni í þessum leik en sviðsleik því í talsetningunni megi alltaf taka upp aftur og laga. Mörgum finnist þó spennandi að koma inn í hljóðver og leika og stundum taki tíma að koma fólki af stað.

„Það getur tekið tíma að fá fólk til að ýkja röddina nóg. Þeir sem eru að gera þetta í fyrsta skipti átta sig oft ekki á því að þeir þurfa jafnvel að gefa fimmtíu prósent meira í röddina en þeim þykir eðlilegt. Teiknimyndaleikur er ýkjuleikur en ekkert stofudrama og fólk gæti til dæmis þurft að leika krókódíl sem er að róla sér."

Að námskeiðinu loknu fá allir viðurkenningarskjal og DVD-disk með efninu sem þeir talsettu. Eftir námskeiðið geta þátttakendur átt möguleika á að komast í að talsetja teiknimyndir fyrir sjónvarp eða kvikmyndahús. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.syrland.is. *heida@frettabladid.is*


LAGERÚTSALA
HÆÐASMÁRA 4, KÓPAVOGI





OPIÐ 13 - 18 MÁN - LAU
Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengs 900 kr.
Náttföt 1200 - 2500 kr.
Sloppar 2500 kr.
Sundfatnaður 1500 kr.
og margt margt fleira



VORÖNN 2009

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ STOFNAÐUR 1966

Öldungadeild MH
ævinlega í fararbroddi

**Viltu hefja nýtt nám, rifja upp eða bæta við þekkingu þína?**

Þá er Öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð lausnin. Þar starfa vel menntaðir og reyndir kennarar. Við Öldungadeildina er hægt að stunda nám til stúdentsprófs á þremur bóknámsbrautum; félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut.

Kennsla fer fram seinnipart dags, frá mánudegi til fimmtudags.

Fólk getur aðlagað tímasókn að eigin þörfum, þar sem ekki er mætingaskylda í Öldungadeildinni og námsefnið er allt sett inn á aðgengilegan námsvef.

danska
enska
norska
sænska
franska
ítalska
spænska
íslenska
saga
félagsfræði
afbrotafræði
þjóðhagfræði
myndlist
sálfræði
uppeldisfræði
eðlisfræði
jarðfræði
líffræði
stærðfræði
lögfræði
tölvufræði

Fyrir þá sem liggur á
**LOTUKERFI – Nýtt námsfyrirkomulag í Öldungadeildinni**

Á vorönn er nemendum líka gefinn kostur á að taka þrjú fög á tvöföldum hraða. Hver áfangi er kenndur tvisvar í viku, alls í 3 klst. Önninni er skipt í tvær lotur.

**Fyrri lotan 12. janúar – 1. mars**
Áfangar í boði: ÍSL203, SAG103 og STÆ403.

**Seinni lotan 5. mars – 30. apríl**
Áfangar í boði: ÍSL303, SAG203 og STÆ503.

Innritun
Innritun í deildina er í fullum gangi á vef skólans www.mh.is. Jafnframt verður innritað í MH dagana 6., 7., og 8. janúar kl. 9–12 í símum 595 5207 og 595 5200 og í skólanum kl. 12–18.30. Flestöll stéttarfélög taka þátt í menntunarkostnaði félaga sinna. Kennsla hefst mánudaginn 12. janúar. Heimsækið okkur á mh.is.




Grafika 08



**STUBBUR** og félagar úr Skemmtilegu smábarnabókunum hafa stytt mörgum íslenskum börnum stundirnar um árin. Bækurnar eru auðlesnar og ódýrar og tilvaldar í skóinn eða jólapakkann.

# Gott að grípa í prjónana

**Prjón er iðja sem á vel við unga og aldna í dag. Því fagna margir þegar ný prjónabók skýtur upp kollinum með íslenskum uppskriftum. Ein slík heitir Prjóniprjón.**

„Nú eru allir argir út af ástandinu í þjóðfélaginu og þá er gott að grípa í prjónana og róa sig niður,“ segir Ragnheiður Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur, annar höfundur bókarinnar Prjóniprjón. Hinn er Halldóra Skarphéðinsdóttir sjávareiturefnalíffræðingur við Stokkhólmsháskóla.

„Við höfum látið okkur dreyma um að gefa út bók í tvö ár. Höfum skrifað niður það sem við höfum verið að prjóna og allt í einu var komið nóg efni,“ segir Ragnheiður. Nú er líka prjón í hvers manns kjöltu, garnbúðir eru fullar flesta daga og fjölmennt er í prjónakaffi hvarvetna. Það er ekki af því að prjón sé svo ódýrt heldur fylgir því svo margt gott, meðal annars hlýja.“



Ragnheiður er alltaf með eitthvað spennandi á prjónunum og segir uppbyggjandi fyrir sjálfstraustið að taka myndir af afrakstrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bókin Prjóniprjón inniheldur 35 litríkar myndir og uppskriftir sem henta byrjendum jafnt sem lengra komnum. Getið er úr hvaða garni er prjónað og gefnir upp fleiri möguleikar. Þar er bent á garn úr Nálinni enda kveðst Ragnheiður vera í nánu samstarfi við hana og mæta í prjónakaffi þar hálfsmánaðarlega. Það næsta verður 13. desember og þá er þemað fljótlegar jólagjafir. „Við ætlum líka að vera með pakkaleik og skiptast þannig á hnotum, tölum og einhverju sem tilheyrir prjónaskapnum,“ upplýsir hún og kemur síðan með smáskýrslu um meðhöfundinn. „Halldóra býr ásamt fjölskyldu sinni í Sveppaskógi norður af Stokkhólmi í húsi fullu af garni í öllum skápum og skotum. Hún er mikil prjónakona og varð til þess að ég endurnýjaði mín kynni við prjón þegar ég bjó í Stokkhólmi. Ég lenti í bakvandamáli og hún hvatti mig til að fara að prjóna og taka svo myndir af afrakstrinum. Það er algert töfraráð því það er svo uppbyggjandi fyrir sjálfstraustið,“ segir Ragnheiður og bætir við að búið hafi verið til bæði blogg- og facebook-síða í kringum Prjóniprjón.



Ein af uppskriftunum í bókinni er af þessari einföldu og sætu kassahúfu.

Þær stöllur gefa bókina út sjálfar. Hún fæst í Nálinni á Laugavegi 8 og kostar 2.990. Einnig er hægt að panta hana á www.prjoniprjon@gmail.com.

*gun@frettabladid.is*


Í jólapakkann

Jólagjafir fyrir útivistarfólk

PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON
HÁLENDISHANDBÓKIN
Verð kr. 1.490,- m/vsk

ENN BETRA GOLF
Verð kr. 3.490,- m/vsk

Gleddu uppáhalds frændann eða frænkuna með gjöf sem nýtist allt árið!

heimur Borgartúni 23 · 105 Reykjavík · Sími: 512 7575 · www.heimur.is

jol.is

BÖRN EIGA ÞAÐ BESTA SKILIÐ

Þriðja Bínubókin er komin út og nú lærir hún undirstöðuatriði í lestri. Geysivinsælar og gagnlegar bækur fyrir krakka, kennara og foreldra.

Þegar bókin er opnuð fer allt af stað og dýrin BÓKSTAFLEGA lifna við! Ný hreyfimyndatækni sem heillar alla upp úr skónum!

VALHOPP

„Ég bara gat ekki hætt að lesa.“
*Hrafnhildur Sigrún, 11 ára.*
Bráðskemmtileg og spennandi saga eftir Hallveigu Thorlacius.

MARTRÖÐ

„ … tilvaldar til að skoða með fullorðna fólkinu og njóta saman ævintýranna sem birtast á hverri blaðsíðu.“
*- MMJ, Fréttablaðið.*

Nú eru ærslabelgirnir komnir í jólaskap – en hvað með mömmu?
Falleg bók sem jólasveinar setja í skóinn.

Yndislegar sögur á hljóðbók,
Bryndís Víglundsdóttir les.

www.salka.is Salka

Salka/GBÓ





## Vélar og verkfæri






## Til bygginga

Til sölu Spónaplötur 19mm. 120 x 300 cm. Nótaðar gólfplötur 22mm. 90 x 200 cm. Mikið magn á góðu verði. Upplýsingar í símum 659 0555 og 660 6090. E-mail orn@vidarhus.is

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Heilsuvörur

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

NUDD NUDD NUDD. BARBARA 693 4684.

Glæsilegt heilnudd. Tilboð í gangi. Uppl. í s. 662 0841.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

## Snyrting






## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## Húsgögn



**Rýmingarútsala!**
Einstök húsgögn til sölu, henta bæði úti og inni. Úthöggvin úr heilli trjárót. Opið alla daga. Uppl. í s. 821 6384.

## Heimilistæki

Til sölu ísskápur, 2 ára af gerðinni Candy, 35 þúsund. S. 615 2346.

## Dýrahald

**22.7kg af hágæða fóðri á aðeins 8.900.- (392kr pr kg) -**
**Járnbúr á frábæru verði - Bílagrind á tilboði. Gott úrval af leðurólum og taumum á góðu verði. Mikið af sérvöru fyrir hundinn þinn. Gerðu verðsamanburð.**
**Hundaheimur - Sérverslun með hunda og kattavörur. Háholti 13 Mosfellsbæ (hlið Krónunnar)**

**Regal hundafóður**
**náttúruleg, aukaefnalaus innihaldsefni**
**7,5 kg 3.890**
**15 kg 6.850**
**Dýrabær Hlíðasmára 9 & Smáralind**
**www.regalpetfoods.com**

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin

## Gisting

Glæsilegt orlofshús til leigu. Uppl. sumarbustadur.synthasite.com og s. 869 9964.

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

## Hestamennska



Hestaábreiður rauðar og bláar kr. 5.380 með belgól. Hestavörur á góðu verði Tito.is - Súðarvogi 6 - S: 511-1045 & 861-7388.

## Húsnæði í boði

**Rvk - Hfj**
**2ja - 3ja og 4ja herbergja íbúðir til leigu. Langtímaleiga.**
**Upplýsingar á www.heimahagar.is**



Room for rent with balcony, down town 101 (Bankastræti), sharing Bathroom, living room and big kitchen with washing machine. Only orderliness (reglusemi) people, no smoking or partying aloud. Available now. Information 897 7922.

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**









Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

2 herberga íbúð til leigu í 4 býli í Dofraborgun. S. 899 3011.

Til leigu 2ja herb. björt og falleg íbúð á góðum stað í 101 rvk. Laus strax. Snyrtimennska algjört skylirði. Leiguverð 97 þús. á mán. + hússjóður. Uppl. í s. 892 1967.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í síma 770 6090.

4 herb. íbúð til leigu í 101 Rvk. + 1 3ja herb. í 101 Rvk. Uppl. í s. 849 3230.

Breiðholt 3 herb 90 m2 lyftublokk fráb útsýni á 3vegu. Góð blokk Húsvörður. Verð tilb. 695 1828

Parhús í Heimalind Kópav. 165 fm 5 svefnh. leigist til 1. júlí '09. Uppl. í s. 822 0920.

Norðurbakki-Hafnarfjörður. Glæsileg 4 herb. íbúð með sjávarútsýni. Laus til langtímaleigu. 110fm auk geymslu og bílkjallara. Páll s. 696 4464.

Til leigu 3 herb. íbúð í Hraunbæ á 2 hæð í litlu fjölb., verð 110 á mán. S. 862 5578.

50fm íbúð í smáíbúðahverfinu til leigu, með þvottavél. Laus 3. jan. kr. 75.000. Uppl. í s. 898 2121.

101-Rvk 2 herb 55m2 íbúð. Langtímaleiga. Laus jan. 100 þús. + kostn. S. 690 0558.

25m2 studio apartment for rent. 25000 kr pr. month. More info in Tel. 770 0710.

Til leigu 2ja herb. íbúð í 107 Rvk. Stutt í alla þjónustu og 15 mín. gangur í HÍ. Laus frá 01.01.09. Leiga 85.000kr/mán. Nánari uppl. veitir Tryggvi í s. 897 3221.

Nýuppgerð 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

4 herb. íbúð til leigu á höfðanum með eða án húsg. Uppl. í s. 892 2722.

Lítil 2 herb. íbúð í Bústaðahverfi til leigu frá 15. des. Uppl. í s. 898 9993.

**Laust strax - 105**
Til leigu bjart og gott herbergi með sér skjólgóðum svölum, sameiginleg eldunar og baðaðstaða. Internet. Þrif á sameign innifailinn í leigu. Laust strax. S. 863 3328 & 846 0408.

Til leigu 3 herb. íbúð með húsg. Verð 110þ. á mán. Laus 1 jan. Uppl. í s. 586 2019.

4 herbergja 100fm íbúð til leigu í seljahverfi 109 rvk. Verð 150þúsund með hita/rafm og hússj. upp. í s:822-2594 Róbert

40-50 fermetra íbúðir til leigu í hverfi 101. 85 þ. per mánuð. 1 mánuður fyrirfram. Uppl. í s. 568 1848 & 896 7611.

200fm 5herb. nýstandsett einbýlishús til leigu á Álftanesi. Laus. Uppl. í s. 892 7919.

Herb. til leigu í Garðabæ.Öll aðstaða innifalin,eldhús,þvottahús og baðherbergi.Internet og Tv.Leiga 35000 á mán. Uppl 8994629

Til leigu glæsileg 120 fm, 4ra herb. íbúð við Norðurbakka í Hafnarfirði með geymslu og bílastæði í kjallara. Laus strax. Verð 135þ+hússj. Uppl. í síma 692 7936.

Rvk-109. Falleg og vel skipulögð 2ja herb kj-íbúð í einbýli fyrir reykl. og reglus einstkl. Laus 15.des. Verð 79 þús. Netf. fossar@visir.is eða 004538800045

Stúdíó 60 fermetrar Vesturberg 195 Jarðhæð útsýni yfir alla Reykjavík og út á Snæfellsnes langtíma leiga laust , hundar og kettir velkomnir 90000 tveir mánuðir fyrir fram sími 896 0242 8.oo til 16.oo en ekki á öðrum tímum.

4ra. HERB ÍBÚÐ 98fm. TIL LEIGU Í HAFNARF. SÉRINNG. V.125þ. sími 865-7101 Linda

Nice rooms for rent in 104 RVK. Uppl. í s. 697 8720.

3 herb. 109.5 fm. falleg nýstandsett íbúð með frábært útsýni til leigu í Kópavogi. Upplýsingar í síma 863 2000.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Ég er þrítug reglusöm kona og óska eftir 15-20fm herb. Greiðslug. 20-30þ. S. 864 1944.

23 ára kvk með 1 barn óskar eftir íbúð helst á sv. 112. Greiðslug. 80-100þ. S. 696 5687.

Traustir, reyklausir og reglusamir leigjendur óska eftir 3-4 herbergja íbúð á Reykjavíkursvæðinu. Húsgögn og tæki æskileg en ekki skilyrði. Upplýsingar og verðhugmyndir sendist á:

ibudoskast1@gmail.com

## Sumarbústaðir

Sumarhúsateikningar, 30 ára reynsla. Mikið úrval af stöðluðum teikningum. www.teiknivangur.is

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

## Þjónusta






## Til sölu






## Þjónusta




## Geymsluhúsnæði




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## Atvinna í boði

**Hrói Höttur**
**Hringbraut 119.**
**Óskar eftir starfsfólki í afleysingar yfir jól og áramót. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

**Ókeypis námskeið**
Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag. Ný tekjuleið! Námskeiðið fer fram á netinu, www.netvidskipti.is

Hörkuduglegur og huggulegur starfskraftur óskast í mötuneyti. Ágæt laun og góður andi. Umsóknir sendast á said@visir.is

Bergen Kallar. Óskum eftir fólki innan Málm og vélsmíði.Einnig verkfræðinga og prentara.Umsóknir sendist til jobb@bemanningssentralen.no

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

Looking for someone who can make pattern and sow womenswear. Saumakona óskast strax. Katrin 893 0575.

Vantar bílstjóra í Noregi og Svíþjóð og iðnaðarmenn og verkafólk í Noregi. Uppl. í s. 0047 93612668.

Szukamy kontaktów z Polska. Odkryj mozliwosci biznesu z Herbalife. Informacje przez telefon 863 6523.

## Atvinna óskast



Tek að mér Heimilisþrif! 1000 kr á tímann, á nokkra lausa daga Upplýsingar veitir Kristján Viggó S: 8206945

Maður um fertugt vantar vinnu, skoðar allt. Er vanur smíðavinnu. Getur byrjað strax. S. 891 9847.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

## Viðskiptatækifæri

Vantar þig vinnu? Því ekki að skapa sér vinnu sjálfur. Til sölu lítið fyrirtæki í góðum rekstri í Keflavík. Möguleg yfirtaka á hagstæðu erlendu láni. Ath ýmis skipti. S 821 5373 eða villif@gmail.com

## Einkamál

**Bezti aldurinn!**
Kona á besta aldri vill kynnast karlmanni, 55-65 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8309.

**29 ára kona**
mjög falleg hvar sem á er litið, sannkölluð gella, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8224.

**Ný upptaka**
Jæja karlmenn. Hér er frábær hljóðritun ungrar konu sem er ein með sjálfri sér í alveg makalaust nautnalegri upptöku! Njóttu vel í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, ódýrara), upptökunr. 8617.

## Fundir / Mannfagnaður



# Jólafundur Handarinnar

**Höndin heldur árlegan jólafund sinn í neðri sal Áskirkju 10. desember klukkan 20.30.**

Ása Björk Ólafsdóttir, héraðsprestur í Kjalarnesprófastsdæmi, flytur erindi um glímuna við þakklætið. Rithöfundarnir Sigmundur Ernir og Þráinn Bertelsson lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum og sr. Bjarni Karlsson, prestur í Laugarneskirkju, flytur hugvekju. Kvennakórinn Glæðurnar syngur nokkur jólalög undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur og að lokum verður fjöldasöngur.

Þá verða veittar tvær viðurkenningar.

Fundarstjóri er Ellert B. Schram alþingismaður.

**Kaffi og piparkökur. Allir velkomnir.**





## Tilkynningar

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### FRAMKVÆMDASJÓÐUR ALDRAÐRA
### Umsóknir um framlög árið 2009

Auglýst er eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2009.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar samkvæmt ákvæðum laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð um sjóðinn nr. 1033/2004. Hlutverk hans er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til félags- og tryggingarmálaráðherra um úthlutun úr honum.

Heimilt er að veita framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til eftirtalinna verkefna:

**a. Bygginga þjónustumiðstöðva aldraðra og dagvista sem starfræktar eru af sveitarfélögum.**

**b. Bygginga dvalarheimila og sambýla.**

**c. Bygginga hjúkrunarheimila eða hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum í eigu sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila.**

**d. Breytinga og endurbóta á húsnæði stofnana sbr. a - c lið. Framlög skal miða við kostnaðaráætlun og mat á nauðsyn.**

**e. Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.**

Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2009. Umsóknum skal skila til félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík, á eyðublöðum sem þar fást. Eyðublöðin má einnig nálgast á vefsíðu ráðuneytisins, www/felagsmalaraduneyti.is.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra

## Atvinna

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

# Kennara vantar!

Kennara vantar í hlutastarf á vorönn. Kennslugreinar eru spænska og jarðfræði. Áhugasamir sendi upplýsingar um starfsferil og menntun á netfangið ohj@hradbraut.is.

**Trúnaði er heitið og öllum verður svarað.**

**Flensborgarskólinn í Hafnarfirði**

### Framhaldsskólakennarar

Flensborgarskólinn óskar að ráða framhaldsskólakennara í eftirtalin hlutastörf á vorönn 2009.

Fjölmiðlagreinar 40 - 50% starf

Sálfræði 75% starf

Spænska 50% starf

Umsóknarfrestur til **24. desember 2008.**

Nánari upplýsingar á
**www.starfatorg.is**
**og www.flensborg.is**

**Skólameistari**

Skipulags stofnun

### Norðfjarðarvegur (92) um Norðfjarðargöng, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar.
## Mat á umhverfisáhrifum
### - athugun Skipulagsstofnunar

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu Norðfjarðarvegar (92) um Norðfjarðargöng, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar.

Frummatsskýrslan mun liggja frammi til kynningar frá **10. desember 2008 til 22. janúar 2009** á bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar í Neskaupsstað og á Reyðarfirði, á Bókasafni Eskifjarðar og Bókasafni Norðfjarðar. Einnig í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík. Frestur almennings til að skila athugasemdum við frummatsskýrsluna er til **22. janúar 2009.**

Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar **www.vegagerdin.is.** Vegagerðin mun standa fyrir opnu húsi og kynna framvæmdina miðvikudaginn **7. janúar 2009** í Egilsbúð, Neskaupsstað kl. 17 - 19 og fimmtudaginn **8. janúar 2009** í Valhöll, Eskifirði kl. 17 -19.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **22. janúar 2009** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

### Hraunbær 1-99, garðhús

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Árbæ-Selás vegna lóðanna að Hraunbæ 1-99, garðhús.
Í breytingunni felst m.a. að í grein tvö í gildandi skilmálum kemur eftirfarandi viðbót „Auk þess er heimilt að byggja garðstofu allt að 16m² utan byggingareits. Garðstofur skulu vera í suðvesturkverk/ horni húsanna og má hæð þeirra ekki vera meiri en húss. Leitast skal við að fella garðstofu vel að núverandi húsum".
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hallar og Hamrahlíðarlönd

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Halla og Hamrahlíðarlönd, Úlfarsárdal. Í breytingunni felst m.a. að lóð númer 128 við Úlfarsbraut, sem ætluð er fyrir aðstöðu íþróttafélags, færist út fyrir mörk deiliskipulagsins. Samtímis er samliggjandi mörkum deiliskipulags útivistarsvæðis í Úlfarsárdal breytt þannig að áðurnefnd lóð fellur undir deiliskipulag útivistarsvæðisins
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Úlfarsárdalur, útivistarsvæði

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal, útivistarsvæði, vegna stækkunar útivistarsvæðis.
Í breytingunni felst m.a. að deiliskipulagssvæðið er stækkað til norðurs og innan þess verða íþróttahús og bílastæði sem áður tilheyrðu deiliskipulagi íbúðarsvæðis. Byggingareitur stækkar og er aðlagaður tillögu að íþróttahúsi. Hámarkshæð húss hækkar úr tólf metrum í þrettán og hálfan meter, nýr byggingareitur er gerður fyrir geymslu undir grasmön, áhorfendasvæði á uppbyggðri grasmön verða með þakskýli og flóðlýsing verður með fjórum tuttugu og fjögurra metra háum möstrum
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 10. desember 2008 til og með 26. janúar 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 26. janúar 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 10. desember 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

Fram kom á dögunum í viðtali við Tryggva Þór Herbertsson, fyrrverandi efnahagsráðgjafa forsætisráðherra, að eignir Landsbankans verði tæplega seldar fyrr en eftir þrjú til fjögur ár. Menn segja enda hættu á að mun minna fengist fyrir þær en ella, yrðu þær seldar nú, á brunaútsölu.

Skilanefnd Landsbankans upplýsti fyrir utanríkismálanefnd Alþingis, fyrir helgina, að eignir Landsbankans ytra væru metnar á um 1.000 milljarða króna, að því er fram kemur í áliti fyrsta minnihluta nefndarinnar. Þar segir einnig að ríkið þurfi að ábyrgjast 628 milljarða króna, eða sem nemur um hálfri landsframleiðslu.

„Annað sem getur haft áhrif til íþyngingar ábyrgða ríkissjóðs er ef röð forgangskröfuhafa í eigur Landsbankans verður breytt, t.d. með dómi,“ segir í áliti minnihlutans. Þar er vakin athygli á þeirri staðreynd að fleiri kunni að eiga kröfur í eignir Landsbankans ytra, en innstæðueigendur. Óvíst sé að innstæðueigendur njóti þar forgangs.

**NETTÓ**

Að minnsta kosti þrenns konar mat á endanlegri ábyrgð Íslendinga vegna reikninganna liggur nú fyrir.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur rætt um að brúttófjárþörf íslenska ríkisins vegna reikninganna nemi tæplega hálfri landsframleiðslu. Nettóútgjöld, samkvæmt mati sjóðsins, nemi hins vegar um fimmtungi landsframleiðslu. Það myndi gera um 250 milljarða króna. Það er sú upphæð höfuðstóls sem greiða þyrfti, ef eignir Landsbankans úti duga fyrir öðru.

Tryggvi Þór Herbertsson gerir ráð fyrir að 423 milljarðar gætu fengist fyrir eignirnar, eða um 60 prósent af virði þeirra. Eftir standa þá um 200 milljarðar sem íslensk þjóð þyrfti að greiða úr eigin vasa.

Meirihluti utanríkismálanefndar Alþingis gerir ráð fyrir því, á grundvelli upplýsinga frá skilanefnd, að nettókostnaðurinn verði um 150 milljarðar króna.

Enn fremur sé gert ráð fyrir að eignir verði ekki seldar að svo stöddu heldur er „gert ráð fyrir að eignirnar verði varðveittar í gamla Landsbankanum í u.þ.b. þrjú ár“.

**HVAÐ ÞÝÐIR ÞETTA FYRIR MIG?**

Hugsanlegt er að aukinn kostnaður vegna aukinna skuldbindinga verði greiddur með sköttum og skertri opinberri þjónustu. Þegar heyrast fregnir af uppsögnum grunnskólakennara. Hins vegar er endurskoðað fjárlagafrumvarp næsta árs ekki komið fram. Ætla má að þar sé að finna vísbendingar um hvernig Icesave-reikningurinn hittir hvern og einn fyrir.

Endurskoðað frumvarp er nú hjá ríkisstjórninni og hefur fjárlaganefnd þingsins ekki fengið það í hendur þegar þetta er skrifað.

Þar verða væntanlega upplýsingar um upphæð erlendra lána og áætlun um hvernig og hvenær þeim kostnaði verður mætt.

**ÚT Á NÚLLI EÐA TUGUM MILLJARÐA?**

Í meirihlutaáliti utanríkismálanefndar segir að sá möguleiki sé fyrir hendi að „eignir Landsbankans dugi fyrir forgangskröfum þannig að ekkert falli á ríkissjóð“.

En enda þótt eignir Landsbankans dugi, þegar upp er staðið, þarf samt að taka lán fyrir líklega um 600 milljörðum króna, 623 heldur fyrsti minnihluti utanríkismálanefndar. Lán eru ekki gefins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins verða vextir af lánum Hollendinga og Breta til að borga fyrir Icesave á bilinu fjögur til fimm prósent.

Rétt er að halda því til haga að útreikningurinn er grófur, en sé gert ráð fyrir að upphæð á borð við 600 milljarða beri þessa vexti í þrjú ár, áður en eignirnar koma fyrir, má ætla að vaxtakostnaður vegna þessa nemi hátt í hundrað milljörðum króna.

Kostnaður íslensks almennings og fyrirtækja vegna Icesave-reikninganna getur því numið um 350 milljörðum, miðað við mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og fjármagnskostnaðurinn um 300 milljörðum króna, miðað við mat Tryggva Þórs, eða 250 milljörðum króna, miðað við mat meiri hluta utanríkismálanefndar.

**DRÁPSKLYFJAR**

Annar minnihluti utanríkismálanefndar ræddi um að ábyrgðir vegna innistæðna í erlendum útibúum myndu valda „þjóðarbúinu og skattgreiðendum komandi ára og jafnvel áratuga ómældum skaða“.

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, hafði áður sagt í samtali við Markaðinn, að hann myndi ekki greiða því atkvæði að leggja drápsklyfjar á íslenska þjóð.

Hann stóð við það.

# Miðlað af reynslu Svía

„Lærdómur Svía af fjármálakreppu tíunda áratugarins – byrðunum dreift og nýjar vonir vaktar,“ nefnist fyrirlestur sem Göran Persson fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, heldur í hátíðasal Háskóla Íslands klukkan 12 í dag. Fundurinn er í boði Samtaka fjárfesta og Viðskiptafræðideildar Háskólans.

Svíar gengu í gegnum miklar efnahagsþrengingar á tíunda áratug síðustu aldar. Þær sneru meðal annars að bönkunum og sænsku fjármálakerfi, sem gekk í gegnum verulega uppstokkun í kjölfar erfiðleikanna. Á þessum tíma gegndi Göran Persson starfi fjármálaráðherra Svía og ætlar nú að miðla hér af reynslu sinni og Svía í þessum efnum. Aðgangur að fyrirlestrinum er heimill meðan húsrúm leyfir.

- óká



**GÖRAN PERSSON** Göran var forsætisráðherra Svía frá 1996 til 2006 og var forseti Evrópuráðsins árið 2001. Á tíunda áratugnum var gegndi hann embættum fjármála- og skólaráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

# Heilræði Schraders eiga sérstakt erindi nú

Þýskættaður Bandaríkjamaður að nafni George H. F. Schrader eyddi hér síðustu þremur árum ævi sinnar áður en hann fyrirfór sér árið 1915, aðeins 57 ára gamall. Schrader bjó á Akureyri og sinnti margvíslegu menningar- og uppbyggingarstarfi. Hann skrifaði bók um hesta og aðra þar sem hann deildi fróðleik sínum úr heimi viðskiptanna í Bandaríkjunum. Sú bók heitir „Heilræði fyrir unga menn í verzlun og viðskiftum“ og er nýkomin út í þriðju útgáfu.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, skrifar nýjan inngang við þriðju útgáfu heilræðanna, en hann annast endurútgáfuna nú, sem og 2003 áður. Sú er uppseld, sem og frumútgáfan frá 1913. Texta bókar Schraders þýddi Steingrímur Matthíasson læknir, sonur Matthíasar Jochumssonar þjóðskálds.

Heilræðin eru um margt merkilegur vitnisburður um þankagang í verslun og viðskiptum á þessum tíma. „Einnig má líta á heilræði Schraders sem sönnun fyrir því að árangur í frjálsri samkeppni byggist ekki á frumskógarlögmálum heldur dugnaði, forsjálni og trausti,“ skrifar Ásgeir í inngangi bókarinnar. Þar gerir hann tilraun til að svipta hulunni af þessum dularfulla útlendingi. En eftir fall bankanna í haust lagðist Ásgeir í ítarlega rannsóknarvinnu og fann nýjar heimildir um Schrader.

„Ég lagðist yfir allt sem kom út á prenti fyrir norðan í leit að rituðum heimildum,“ segir Ásgeir, sem einnig fann upplýsingar utan landsteinanna sem ekki hafa áður komið fram. Hann segir heilræðin eina helstu perlu íslenskra viðskiptabókmennta.

Áður en Schrader birtist hér skyndilega árið 1912 hafði starfað á verðbréfamarkaðinum á Wall Street í 35 ár og stórefnast, en hingað kom hann frá Englandi. Þá þegar er hann talinn hafa verið haldinn einhverjum hrörnunarsjúkdómi, sem farinn var að herja verulega á hann undir það síðasta.

Sem dæmi um heilræði Schraders má ef til vill grípa niður í inngangi kaflans um peninga. „Borgaðu skuldir þínar á réttum tíma ef þú getur. Haltu aldrei peningum fyrir viðskiftavini þínum, því peningarnir eru hans, meðan þú ekki hefur greitt skuldir þínar. Skilvís borgun tryggir greið viðskifti og gott lánstraust. Sein borgun vekur tortrygni og óánægju,“ segir þar og undir almennu heilræðum er eftirfarandi, sem átt gæti heima í hvaða samningatæknikennslubók sem er: „Þegar þú átt í ágreiningi, sem þú vilt lagfæra, settu þig í spor þess manns, sem þú átt í ágreiningi við, og reyndu að hugleiða málið frá hans sjónarmiði, mæt honum síðan miðja vegu.“

- óká



ÁSGEIR JÓNSSON



HEILRÆÐI

FYRIR UNGA MENN

Í VERZLUN OG VIÐSKIFTUM

EFTIR

GEORGE H. F. SCHRADER

Þýtt hefur

Steingrímur Matthíasson

Akureyri

Prentari Björn Jónsson

1913

**RITIÐ MERKA** Í nýjum inngangi kemur fram að margt er líkt með viðskiptaumhverfinu fyrir fyrsta stríð og því sem heimurinn hefur búið við síðustu ár.


Melódíur minninganna




Jón Kr. Ólafsson á Bíldudal er merkisberi alþýðunnar á listasviðinu. Hann fékk tónlistargáfu og listhneigð í vöggugjöf. Þessar gáfur hefur hann varðveitt og þroskað af stakri trúmennsku.

Jón Kr. hefur verið trúr heimahögunum alla tíð og lagt drjúga hönd á margt sem komið hefur samfélaginu til góða.

Söngurinn hefur ætíð átt hug hans og verið í senn dægrastytting og hrein ástríða. Mér segir svo hugur að þegar nafn Bíldudals ber á góma í framtíðinni eigi margir eftir að tengja staðinn við nafn Jóns Kr. Ólafssonar og félaga hans í hljómsveitinni Facon, sem stimpluðu nafn Bíldudals rækilega inn á tónlistarkortið á síðari hluta 20. aldar.

Jónatan Garðarsson

Hafliði Magnússon alþýðulistamaður við ritvélina heima á Bíldudal á árum áður.



Vestfirska forlagið

Upp með Vestfirði!

Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Hugað er að valkostum til framtíðar. Flokkar móta stefnu sína í Evrópumálum. Á meðan er beðið.

## *Tíminn nýtist til að undirbúa kosningar*

**Óli Kristján Ármannsson**

Slökkviliðsstarfi á vegum ríkisins er lokið að mestu og brunavaktin tekin við. Bankarnir hafa verið teknir yfir og búið að koma á gjaldeyrishöftum sem verja krónuna frekara falli í bili. Við tekur einkennilegt tómarúm þar sem algjör óvissa virðist ríkja um hvaða stefnu skuli taka til framtíðar hjá þjóðinni. Ljóst er að ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki á einu máli í þeim efnum. Þá hafa vaknað spurningar um pólitíska framtíðarsýn bankastjórnar Seðlabankans, hversu einkennilega sem það kann að hljóma.

Eins og málum er komið þá hefur þjóðin ekki nema takmarkaðan umþóttunartíma. Þótt haftakrónan dafni þá skaða viðvarandi gjaldeyrishöft viðskiptalíf þjóðarinnar. Þá er ljóst að ekki verður áfram búið við þá togstreitu sem fyrir hendi er í samskiptum ríkisstjórnar við Seðlabanka Íslands.

Umræðan um hvaða framtíð þjóðarbúinu er búin kristallast í umræðum um framtíðarskipan gjaldeyrismála hér. Öllum má ljóst vera að krónan er og hefur verið baggi á þjóðinni. Tal um að hún hafi verið nauðsynleg til að auka sveigjanleika í hagkerfinu virðist annað hvort ranghugmyndir eða skrök. Gjaldmiðillinn hefur sjálfur verið uppspretta óstöðugleika. Þá liggur fyrir að skortur á baklandi og getuleysi ríkisins, með þennan gjaldmiðil, til að standa að baki fjármálakerfi landsins er ástæða hruns þess. Árum saman hefur verið bent á að krónan og andvaraleysi í að byggja hér upp gjaldeyrisvaraforða væri fjármálastöðugleika hér hættulegur. Stjórnmálamenn létu hjá líða að bregðast við og þeir sem stýrðu bönkunum höfðu ekki vit á að tempra vöxt þeirra í takt við skort á baklandi, eða flytja starfsemi þeirra til annarra landa.

**Einhliða upptaka er tæplega til þess fallin að auka traust á stjórnvöldum enda ekki leystur nema hluti þess vanda sem falist hefur í notkun krónunnar.**

Æ fleiri virðast gera sér grein fyrir að dagar krónunnar séu taldir. Spurningin er bara hvað við tekur. Vera má að einhliða upptaka annars gjaldmiðils sé valkostur og andlát krónunnar beri þá brátt að. Í þeirri leið felst þó algjör uppgjöf og ósigur þeirra sem hér hafa stýrt peningamálum. Einhliða upptaka er tæplega til þess fallin að auka traust á stjórnvöldum enda ekki leystur nema hluti þess vanda sem falist hefur í notkun krónunnar. Baklandið heima fyrir er eftir sem áður veikt og hér yrði að byggja upp gífurlegan gjaldeyrisforða. Þá þyrfti að velja rétta gjaldmiðilinn. Ljóst er að mikil áhætta fylgir Bandaríkjadal, hvers framtíð er óljós, og með einhliða evruupptöku kann að vera stefnt í voða samstarfi við okkar helstu markaðslönd. Þá væri dýr snúningur að þurfa að taka aftur upp krónu til þess eins að geta hafið viðræður um Evrópusambandsaðild.

Hin leiðin er að lýsa þegar yfir að stefnt sé á aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru í framhaldinu. Landið fengi þá stuðning í mótuðu regluverki sambandsins og bakland hjá Seðlabanka Evrópu sem efla myndi traust á hagstjórn hér og á krónuna þar til henni yrði skipt út fyrir evru.

Vilji stjórnmálaflokka landsins er hins vegar í sumum tilvikum á reiki í þessum efnum og tæpast tími til að bíða á meðan þeir flokkar sem í vandræðum eru með þessi mál vinna úr sínum innanmeinum. Ef hins vegar þjóðinni er gert að bíða á meðan flokkar gera upp hug sinn varðandi Evrópumál þá er allt eins ráð að nota þennan tíma til gagns og undirbúa kosningar um leið. Eðlilegast og lýðræðislegast væri þá að stefna að kosningum strax í febrúar eða mars og knýja fram skýrar línur og valkosti. Um leið gæti átt sér stað ákveðin hreinsun þar sem ráðamenn svara fyrir gjörðir sínar á kjörstað.

bjorn.ingi@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is




# Markaðsstjórar athugið!

ORÐ Í BELG

**Guðmundur Arnar Guðmundsson**
markaðsstjóri



Kauphegðun hefur breyst, fjármagn til markaðsmála hefur verið skert og hræðslukast stjórnenda skapar hættu á slæmum ákvörðunum. Þetta er sú staða sem allir markaðsstjórar eru í, en fram undan er erfiðasta ár sem þeir hafa þurft að takast á við.

Þetta verður barátta fyrirtækja upp á líf og dauða. Sagan er búin að margsanna að það eru mikil tækifæri í niðursveiflum. Rannsóknir hafa einnig sýnt að þau vörumerki sem draga ekki úr fjármagni til markaðsmála í niðursveiflu koma mun sterkari út úr þeim.

Raunveruleikinn er hins vegar sá að sennilega ekkert íslenskt fyrirtæki býr við þann munað að geta haldið sínu striki hvað varðar fjárfestingu til markaðsmála. Sala á eftir að dragast mikið saman svo hugsa þarf markaðsstarfið upp á nýtt.

**BREYTTAR ÁHERSLUR**

Um leið og Glitnir féll breyttist kauphegðun nær allra Íslendinga. Vörur, sem voru sjálfsagðar daginn fyrir fall, urðu munaðarvörur eftir fall. Þegar umhverfið breytist í þessa átt sýna rannsóknir að fólk leitar inn á heimilin og kýs að eyða mun meiri tíma með fjölskyldu og vinum. Traust og öryggi fara að skipta fólk mun meira máli og hafa djúp áhrif á kaupákvarðanir.

Algjört lykilatriði eftir þessa kúvendingu er að fyrirtæki þekki viðskiptavini sína og breytta kauphegðun þeirra vel. Allt markaðsstarf verður að taka mið af þessum breytingum, þar með talin sagan sem er sögð til að fá fólk í viðskipti. Stöð 2 hefur gert það mjög vel með herferðinni „það er ódýrara að skemmta sér heima“. Sjónvarpsstöðin hitti þar á skilaboð sem smellpössuðu við breytta hegðun fjölskyldna og áskriftarsala hefur gengið vonum framar.

Í síðustu kreppu hætti BMW að leggja sérstaka áherslu á „glamúrinn“ í auglýsingum. Með því að brydda upp á nýjungum í þjónustu (til dæmis fastan viðhaldskostnað) fékk fyrirtækið viðskiptavini til að hætta að fókusera á verðmiðann og sjá í staðinn heildarmyndina við að eiga bíl. Herferðin hitti í mark og sölutölur blómstruðu.

Stöð 2 og BMW hefðu bæði leikandi geta fallið í afsláttargryfjuna. Ef fyrirtæki fara stanslaust að keyra á afsláttum og gefa frá sér þau einu skilaboð að þau séu ódýr getur það laskað vörumerki mikið. Þegar gripið er til slíkra ráða getur það hjálpað fyrirtæki eitthvað til skamms tíma en hefur varanleg áhrif á ímynd vörumerkis til langs tíma. Með því er átt við að það festist í að vera „ódýrt“ í hugum fólks. Þegar vöxtur hefst að nýju er ekki svo auðvelt að hörfa frá því að vera ódýrasti dílllinn í bænum með litla álagningu í að standa fyrir gæði og vera með viðunandi álagningu.

**NAUÐSYN FORGANGSRÖÐUNAR**

Nú reynir á fyrirtæki að vera skapandi, fókusera á gæði og vernda ímynd vörumerkja. Verð skiptir að sjálfsögðu máli í árferði eins og nú en það gerir virði ekki síður.

Það er alveg hægt að auka virði án þess að lækka verð á vörunni sjálfri líkt og BMW gerði. Framleiðendur Poland Spring-drykkjarvatnsins sáu fram á að þurfa að skera mikið niður í einni kreppunni. Þeir gripu þá til þess ráðs að skipta um umbúðir. Þeir fóru yfir í mun ódýrari og minni umbúðir sem voru jafnframt umhverfisvænar. Með því að gera út á umhverfisþáttinn í þessum breytingum tókst fyrirtækinu að styrkja ímyndina, lækka kostnað og ýta undir sölu.

Minna fjármagn til markaðsmála þarf ekki að þýða minna áreiti í niðursveiflu. Auglýsingaplássin eru nú ódýrari því eftirspurn eftir plássunum hefur dregist mikið saman. Færri auglýsingar þýða enn fremur minni samkeppni um athygli og miðlar eru opnari fyrir frumlegri notkun á auglýsingaplássum. Nú þarf að forgangsraða, vera með markhópinn sinn á kristaltæru og velja þá miðla sem reynast árangursríkastir.

Kostanir hjá íslenskum fyrirtækjum er sá málaflokkur sem sennilega mest er hægt að taka til í. Markaðsleg sjónarmið ráða þar sjaldan ferðinni og mælingar eru sjaldgæfar. Flest fyrirtæki hafa því ekki hugmynd um hver raunábati kostananna er. Leyndur kostnaður við þær er líka mikill. Þegar kostunin sjálf er frágengin er ótalinn sá kostnaður sem fer í hönnun á markaðsefni og framleiðslu ásamt tíma frá markaðsdeild.

Í ofanálag þurfa fyrirtæki svo oft að auglýsa það sjálf að þau séu að kosta verkefni ef almenningur á að vita af því. Fyrirtæki þurfa nú að setja skýra kostunarstefnu, velja færri verkefni og styðja þau myndalega í staðinn fyrir að dreifa sér út um allt. Með þessu losnar um fjármagn og tíma til að sinna þeim góðu kostunum sem skila virkilegum ábata.

**TILFINNINGAR VÍKI FYRIR MÆLINGUM**

Til þess að komast í gegnum niðursveifluna þurfa flest fyrirtæki að vera mjög söludrifin og markaðsherferðir að vera með skammtímasölumarkið að leiðarljósi. Á sama tíma er mikilvægt að öll markaðssamskipti endurspegli ímynd og þjónustuloforð svo vörumerkið styrkist til lengri tíma. Fyrirtæki mega ekki panika og beygja af leið, það getur verið þeim dauðadómur. Nú leita neytendur sem aldrei fyrr í traust og öryggi þannig að nú reynir á að fyrirtæki uppfylli það sem þau standa fyrir.

Neytendur eru mun sneggri að skipta um vörumerki í kreppu svo það skiptir sköpum að raunveruleikinn sé í takt við þær væntingar sem viðskiptavinir gera til fyrirtækja. Tilfinningar þurfa nú að víkja fyrir mælingum og mælingar að verða grunnur ákvarðanatöku (tilfinningar mega koma til þegar gögnin liggja fyrir). Með því að vera stöðugt að endurmeta val á miðlum og skilaboðum er svo hægt að bregðast skjótt við ef árangur næst ekki. Staðreyndin er sú að minna fjármagn krefst mun meiri aga og viðbragðsflýtis.

Samkvæmt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum byrjar uppbyggingin aftur árið 2010. Ef við gefum okkur að eftir 12 til 18 mánuði verði einkaneysla farin að vaxa aftur verður þessi kreppa stutt samanborin við margra ára góðæri.

Ef fyrirtæki passa ekki að forgangsraða rétt næstu mánuði, viðhalda vörumerkjavitund og nálgast verkefni með mikilli hugmyndaauðgi gæti engu skipt hvort þau lifi næstu mánuði eða ekki. Ástæðan er sú að keppinautar þeirra verða þá búnir að éta upp alla markaðshlutdeild og vinna hjörtu viðskiptavina þess þegar betur fer að ára. Þá eru góð ráð dýr. Þá er ekki bara margfalt erfiðara að vinna markaðshlutdeild aftur, heldur mun dýrara og með öllu óvíst hvort það myndi yfirhöfuð takast.

ORÐSKÝRINGIN

## Trúnaðarupplýsingar

Trúnaðarupplýsingar fara stundum víðar en upphaflega var ætlað og rata stundum á síður dagblaða og í aðra fjölmiðla.

Trúnaðarupplýsingar hafa hins vegar skilgreinda merkingu þegar kemur að viðskiptum í kauphöll. Þá teljast til slíkra upplýsinga hverjar þær upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru um leið líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru.

„Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða,“ segir í orðskýringum á vef greiningardeildar Kaupþings.



ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# JÓLAÚTSALA

## ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR



**GÆÐA AMERÍSK HÚSGÖGN Á SANNKÖLLUÐU JÓLAVERÐI**

**ÍSLENSK EÐALHÚSGÖGN**

Við sérsmíðum íslenska hornsófa, tungusófa og sófasett eftir máli. Við bjóðum einnig mikið úrval af áklæðum.

**40% afsláttur**



## NEW YORK BORÐSTOFUSTÓLAR

Nú bjóðum við þessa vinsælu borðstofustóla á 40% afslætti.
Þetta tilboð stendur aðeins fram að jólum.

**kr. 9.540.-**

Verð áður kr.15.900.-

**KOMDU VIÐ HJÁ OKKUR OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ - VIÐ ERUM Í JÓLASKAPI**

sætir sófar | SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 534 1400 • FAX: 554 2453 • WWW.SETT.IS

OPNUNARTÍMI: MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 -16:00 • SUNNUDAGA LOKAÐ

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**560** manns voru í þeim hópi sem lenti í hópuppsögnum í nóvembermánuði samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar. Tólf tilkynningar bárust um slíkar uppsagnir á mánuðinum.

**6** prósent er meðallækkun íslensks brennivíns í verslunum ÁTVR að undanförnu. Elduris, Tindavodki og skotdrykkirnir Opal og Tópas hafa lækkað um rúm 4 prósent.

**2.302** milljarðar var hrein skuldastaða þjóðarbúsins við útlönd í lok þriðja ársfjórðungs samkvæmt bráðabirgðayfirliti Seðlabanka Íslands.

BANKAHÓLFIÐ

## Flókinn heimur

Kauphöllin, sem innanbúðar nefnist NASDAQ OMX Kauphöll, hefur formlega svipt hulunni af nýrri vefsíðu. Reyndar er talað um „nýjan vefheim“. Gamla síðan var ágæt sem slík. Eftir kaup norrænu kauphallarsamstæðunnar OMX á Kauphöllinni breyttist sviðið umtalsvert enda opnaðist þar gluggi út í stóran heim. Vefheimurinn, eins og Kauphöllin kýs að kalla síðuna, varð eftir því flókin og illskiljanleg. Byrjendur fótuðu sig þar illa í upphafi. En líkt og ungbarna er siður náðu þeir fótfestu í tímans rás. Illkvittnum varð á orði í vikunni að með nýjum „heimi“ Kauphallarinnar væri sem fótunum hefði verið kippt undan honum. Verði hann nú að kalla eftir upplýsingum úr Kauphöllinni til að fóta sig í nýjum og breyttum heimi.

## Bændur og ESB

Bændasamtökin boða til fundar í kvöld, auðvitað í Sunnusal Bændahallarinnar, þar sem ræða á íslenskan landbúnað og Evrópusambandið. Einhverjir kynnu að halda að þar með sé einhver hugarfarsbreyting að verða hjá bændum, sem margir hafa verið andsnúnir aðild að Evrópusambandinu, en þeir hinir sömu ættu að kynna sér auglýsingu fundarins aðeins betur. Frummælandinn er nefnilega enginn annar en Smedshaug frá Noregi, sérfræðingur norsku bændasamtakanna sem ætlar að fjalla um ástæður þess að norskir bændur telja sig betur setta utan sambandsins. Önnur sjónarmið verða auðvitað ekki á dagskrá; enginn mun fjalla um aðstæður bænda í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og fleiri löndum innan ESB. Var engin leið að hugsa aðeins út fyrir rammann?

## Svangur spámaður

Það fór lítið fyrir spádómum um stöðu og horfur á Nýja-Íslandi í erindi Jóns Daníelssonar, dósents í fjármálum við LSE, í hádegiserindi hans hjá Félagi viðskipta- og hagfræðinga á föstudag. Ástæðan var einföld. „Ég vil ekki spá fyrir um neitt. Síðast þegar ég spáði um eitthvað var ég í sumarvinnu í Seðlabankanum fyrir um tuttugu árum,“ sagði dósentinn og benti fundargestum á að almennt væru efnahagsspár taldar rangar. Reyndar verður að taka með í reikninginn að á sama tíma og Jón steig í pontu var matur framreiddur. Kjúklingurinn kólnaði fyrir augum hans og má því vera að þessar krefjandi aðstæður hafi kallað á styttra erindi en ella.




**Samtök fjárfesta í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ**
Miðvikudaginn 10. desember kl. 12.00
Hátíðasalur Háskóla Íslands

**Göran Persson**

**Lærdómur Svía af fjármálakreppu tíunda áratugarins – byrðunum dreift og nýjar vonir vaktar**



Göran Persson var forsætisráðherra Svíþjóðar frá 1996 til 2006. Þegar Svíþjóð fór með forsæti í Evrópusambandinu var Göran Persson jafnframt forseti ráðherraráðsins. Göran Persson var fjármálaráðherra á tímum bankakreppu í Svíþjóð.
Göran Persson hefur mikla reynslu í alþjóðastjórnmálum sem og málefnum Evrópusambandsins og málefnum tengdum loftslagsbreytingum og ekki síst þeim ógnum sem steðja að velferðarsamfélaginu nú um stundir.

**Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.**

Samtök fjárfesta

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS
www.vidskipti.hi.is

H2 hönnun

adidas®





K E N A U R E E V E S
EKKERT GETUR UNDIRBÚIÐ ÞIG FYRIR
THE DAY THE EARTH STOOD STILL
HEIMSFRUMSÝND 12 · 12 · 08
SENDU SMS ESL TBV
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR Á MYNDINA,
TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, PEPSI OG MARGT FLEIRA
WWW.SENA.IS/DAY
Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.
BÍÓMIÐI
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristmann Jónsson**
Hofslundi 4, Garðabæ,

lést 29. nóvember sl. Útför fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 12. desember. kl. 11.00.

**Sigurlaug Gísladóttir**
**Stefán Sólmundur Kristmannsson** **Johanna Engelbrecht**
**Sigurjón Kristmannsson**
**Sigrún Hrönn Kristmannsdóttir** **Peter Landvall**
**Gísli Ólafsson** **Katrín Guðrún Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreiðar Jónsson**
klæðskerameistari,
Norðurbrú 5, Garðabæ,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 12. desember kl. 13.00.

**Þórdís Jóna Sigurðardóttir**
**Sigurður Arnór Hreiðarsson** **Kristín Ragna Pálsdóttir**
**Guðrún Erna Hreiðarsdóttir**
**Valdimar Hreiðarsson** **Thanita Hreiðarsson**
**Birna Hreiðarsdóttir** **Pétur Gunnar Thorsteinsson**
**Guðlaug Dröfn Hreiðarsdóttir** **Ásgrímur Skarphéðinsson**
**Sólveig Sif Hreiðarsdóttir** **Ólafur Arnarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorbjörg G. Bjarnadóttir**
Eiríksgötu 9, Reykjavík,

sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 30. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 10. desember kl. 11.00. Jarðsett verður í Bólstaðarhlíðarkirkjugarði.

**Ríkharð B. Björnsson** **Hrafnhildur Hansdóttir**
**Helga Björnsdóttir**
**Ragnheiður E. Björnsdóttir** **Friðrik Stefánsson**
**Marinó B. Björnsson** **Guðbjörg Birkis Jónsdóttir**
**Efemía G. Björnsdóttir** **Steinar Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónheiður Björg Guðjónsdóttir**
Krummahólum 6, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 5. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Börn hinnar látnu.**



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þuríður Sigurjónsdóttir (Systa)**
Frá Bjargi, Mosfellssveit,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 26. nóvember. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Eirar fyrir frábæra umönnun og vináttu.

**Jón E. Sveinsson** **Toni Sveinsson**
**Sveinn Sveinsson** **Bergrós Þorgrímsdóttir**
**Sigríður Huld Sveinsdóttir** **Kristján L. Guðlaugsson**
**Vigdís Sveinsdóttir** **Guðjón Rudólf Guðmundsson**
**Guðmundur Ingi Sveinsson** **Þóra Einarsdóttir**
**Kristinn Már Sveinsson** **Elín Bára Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**KENNETH BRANAGH ER 48 ÁRA Í DAG.**

*„Það er furðulegt að fólkið sem þú elskar er yfirleitt einnig það fólk sem þú ert andstyggilegastur við."*

***Írski leikarinn Kenneth Branagh er þekktastur fyrir hlutverk sín í kvikmyndum á borð við Hinrik V, Much Ado About Nothing og Mary Shelley's Frankenstein.***



tímamót
timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 10. DESEMBER 1906**

## *Roosevelt fær Nóbelsverðlaun*



Theodore Roosevelt (1858-1919), 26. forseti Bandaríkjanna, hlaut friðarverðlaun Nóbels á þessum degi árið 1906 fyrir að stuðla að friði milli Rússa og Japana árið á undan.

Roosevelt reyndi sleitulaust í þrjá mánuði að fá Japana og Rússa til að semja um frið árið 1905, en þjóðirnar höfðu síðan í janúar 1904 átt í stríði sem óttast var að leitt gæti til heimsstyrjaldar.

Bandaríska forsetanum tókst loks að sannfæra þjóðirnar um að semja frið fyrir júlí árið 1905 og áttu þær fund um sumarið í Portsmouth sem varði í hvorki meira né minna en þrjátíu daga. Þar beitti Roosevelt diplómatískum áhrifum sínum til fullnustu sem varð til þess að þjóðirnar undirrituðu Portsmouth friðarsamninginn 5. september árið 1905.

Roosevelt fékk friðarverðlaun Nóbels árið eftir fyrir milligöngu sína í friðarsamningum Rússa og Japana. Hann varð þar með fyrsti Bandaríkjamaðurinn og jafnframt fyrstur þriggja Bandaríkjaforseta til að hljóta þessi verðlaun.

SÖLVI TRYGGVASON: ÞRÍTUGUR Í SLÖKUNARFERÐ Á NORÐURLANDI

# Borgarferð til Akureyrar

Sölvi Tryggvason fréttamaður í Íslandi í dag ætlar að kúpla sig frá öllu í afmælisviku sinni og skella sér í borgarferð til Akureyrar. „Ferðin er farin í tilefni afmælisins og einnig af því ég hafði kost á því. Það er ágætt að hvíla sig aðeins eftir törn síðastliðinna vikna," segir Sölvi og telur einn helsta kost Akureyrar sem áfangastaðar vera þann að ekki þarf að borga þar með evrum.

Sölvi og kærasta hans munu dvelja í húsi Blaðamannafélagsins og stefna á að gera sem minnst. „Ég verð með tærnar upp í loft, tek með mér bækur, slekk á símanum og passa að fara ekki í tölvu," segir Sölvi, sem hefur undanfarnar vikur rakið garnirnar úr ráðamönnum landsins.

En á ekki að gera eitthvað sérstakt á afmælisdaginn sjálfan? „Mig hefur lengi langað að fara á Friðrik V og ætla að reyna að borða þar," segir Sölvi, sem lítur á ferðalagið sem borgarferð. „Við ætlum að kíkja á kaffihús og reynum að fara í leikhús. Það er mjög langt síðan ég hef komið til Akureyrar og það verður gaman að kynnast bænum," segir hann.

Þrítugsafmælum fylgja oft mikil veisluhöld, er ekki von á slíku? „Ég er lítið formlegur og hugsaði ekki um þetta afmæli öðruvísi en þegar ég varð 29 ára. Síðan fór fólk að kvabba í mér að halda partý fyrir mánuði. Það getur vel verið að ég láti verða af því en það verður einhvern tíma þegar ég verð búinn að hvíla mig," segir Sölvi og telur líklegt að hann hefði skotist til útlanda á afmælinu sínu ef aðstæðurnar hefðu verið öðruvísi.

„Hins vegar fylgir þessum utanlandsferðum mikið áreiti en það sem ég þarf á að halda núna er að vakna á morgnana og finnast ég ekki þurfa að gera eitthvað. Þetta hefur verið rosaleg törn og óbeina álagið mest. Það hafa allir svo sterkar skoðanir og allir með lausn á málunum. Maður getur hvergi farið nema fólk vilji segja manni hvað maður eigi að fjalla um og hvað sé mikilvægast," segir Sölvi sem var kominn í þann vítahring að vera alltaf í vinnunni í huganum. „Það er því best að hætta þessu, slökkva á símanum og skilja fartölvuna eftir heima."

**solveig@frettabladid.is**



**AÐ HEIMAN Á AFMÆLISDAGINN** Sölvi Tryggasvon hefur staðið í ströngu undanfarið og skellir sér í slökunarferð til Akureyrar til að kúpla sig frá öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi*

**Guðmundur Rúnar Júlíusson**
tónlistarmaður og útgefandi
Skólavegi 12, Keflavík,

lést á bráðamóttöku Landspítalans föstudaginn 5. desember. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 12. desember kl. 14.00. Athöfninni verður einnig sjónvarpað í Duus-húsum, Reykjanesbæ og Fríkirkjunni í Reykjavík. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Rúnars Júlíussonar í Sparisjóðnum í Keflavík.

**María Baldursdóttir**
**Baldur Þórir Guðmundsson** **Júlíus Freyr Guðmundsson**
**Þorbjörg M. Guðnadóttir** **Guðný Kristjánsdóttir**
**Björgvin Ívar Baldursson** **Kristín Rán Júlíusdóttir**
**María Rún Baldursdóttir** **Brynja Ýr Júlíusdóttir**
**Ástþór Sindri Baldursson** **Guðmundur Rúnar Júlíusson**



*Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir*

**Friðrik Stefánsson**
skipstjóri frá Fáskrúðsfirði,
Hraunvangi 3 Hafnarfirði,

lést á hjartadeild Landspítalans föstudaginn 5. desember. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 12. desember kl. 15.00.

**Elín Aðalheiður Þorsteinsdóttir**
**Bjarni Sigmar** **Helga Kristjánsdóttir**
**Gréta** **Ingvaldur Ásgeirsson**
**Hanna Þóra** **Ómar Bjarnþórsson**
**Friðrik** **Kristborg Ingibergsdóttir**
**Árný Bára** **Ægir Kristmundsson**
**Stefán** **Berglind Hilmarsdóttir**
**Aðalsteinn** **Linda Þorvaldsdóttir**
**Ingibjörg Margrét**
**Steinunn Guðfinna**
**Bergþór**

NÚ Á 2 STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

*Jólagjafir fyrir handlagna*

**Fellsmúla** - Reykjavík
**Njarðarbraut** - Reykjanesbæ

6990
VERKFÆRASETT 125 HLUTIR

6990
VERKFÆRASETT 100 HLUTIR

2594
TOPPLYKLASETT 21 HLUTIR

4588
TOPPLYKLASETT 52 HLUTIR

995
TOPPLYKLASETT 16 HLUTIR

41 HLUTIR
1590
MULTI SKRÚFJÁRN

26 HLUTIR
34 HLUTIR
995 1814
SKRÚFJÁRNASETT M/ FYLGIHLUTUM

1/2"
4990
TOPPLYKLASETT

1/4"
2590
TOPPLYKLASET

3995
HITABLÁSARI Í TÖSKU 2000W

MEÐ BORUM OG BITUM
2990
HLEÐSLUBORVÉL 12V Í TÖSKU

6995
RAFHLÖÐUBORVÉL M/ HÖGGI 24V

1395
LÓÐBYSSA Í TÖSKU

8995
BROT/BORVÉL 850W

12 STK
3842
FRÆSITANNASETT

15 STK
4795
FRÆSITANNASETT

5995
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI

40 HLUTIR
2495
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN Í TÖSKU

995
BORASETT

795
BORASETT

12 STK
995
SKRÚFJÁRNASETT

7 STK
597
SKRÚFJÁRNASETT

3995
STANLEY SKRÚFJ. SETT

7 STK
1466
TORX SKRÚFJ.SETT

14 STK
999
SKRÚFJÁRNASETT

8 STK
1995
SKRÚFJÁRNASETT

2395
SKRÚFJÁRNA OG BITASETT 27 HLUTIR

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

Eymundsson mælir með




200.000 NAGLBÍTAR & LÚÐRASVEIT VERKALÝÐSINS

CD + DVD heimildarmynd um gerð plötunnar.

Kynningarverð til 12. des: 2.999 kr.



Tíu bestu lög naglbítanna útsett fyrir lúðrasveit. Óhætt er að fullyrða að útkoman er sérlega glæsileg enda eru útsetningarnar krefjandi og stórar.



Eymundsson

Bóksali frá 1872






NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir

# Af hetjudáðum hunda

Nú þegar okkur berst mikið af niðurdrepandi fréttum af ástandinu í samfélaginu finnst mér gaman að lesa óvenjulegar fréttir sem fá mann til að brosa. Yfirleitt eru það nú fréttir af fólki, en fyrir einhverja tilviljun rakst ég á þrjár fréttir sama daginn sem sögðu frá hetjudáðum hunda. Sú fyrsta afsannaði máltækið að „ekki sé hægt að kenna gömlum hundi að sitja“ þar sem bandarískum hundaþjálfara tókst að kenna sex ára gömlum terrier-hundi sínum á hjólabretti. Meðfylgjandi var mynd af hundinum á brettinu, sem hann hefur meira að segja lært að snúa heilhring í loftinu á hjólabrettapalli.



Önnur fréttin sagði frá hundi sem hefur gegnt lengstu herskyldunni af öllum í breska hernum í Afganistan. Hann var skilinn eftir á hundaathvarfi sem hvolpur, en í dag hefur hinn níu ára gamli springer spaniel unnið við að þefa eftir vopnum og sprengiefnum í allt að áttatíu flutningabílum á dag, síðastliðin þrjú ár.

Þriðja fréttin sagði frá því hvernig heimilislaus hundur í Chile togaði annan hund, sem hafði orðið fyrir bíl, út af hraðbraut í mikilli umferð. Atvikið var fest á filmu eftirlitsmyndavélar og er nú hægt að sjá það á Youtube. Upptakan hefur vakið mikla athygli í Chile og margir hafa boðist til að taka hundinn að sér, en enginn veit hvar hann er niðurkominn í dag.

Þessar fréttir minntu mig á að hundar eru ekki bara bestu vinir mannsins heldur sumir hverjir algjörar hetjur sem gleður mann að heyra og lesa um. Nú ber ég ósjálfrátt meiri væntingar til hundanna minna tveggja, en þangað til þeir vinna hetjudáð á heimsmælikvarða er ég meira en sátt við skilyrðislausa væntumþykju þeirra.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Fílharmónía í Langholti

Aðventutónleikar Söngsveitarinnar Fílharmóníu verða í kvöld og föstudagskvöld 12. desember í Langholtskirkju, kl. 20. Kórinn mun að venju flytja fjölbreytta og vandaða dagskrá þar sem finna má skemmtileg og hátíðleg jólalög frá ýmsum löndum í bland við klassískar perlur sem koma fólki í hátíðarskap.



**TÓNLIST** Magnús Ragnarsson stjórnandi Fílharmóníunnar á tónleikum í kvöld.

Aðventutónleikar Söngsveitarinnar eru fastur liður fjölmargra tónlistarunnenda en tónleikarnir í ár eru tuttugustu aðventutónleikar kórsins. Yfirskrift tónleikanna að þessu sinni er upphaf sálmsins „Með gleðiraust og helgum hljóm“ eftir Magnús Stephensen sem Magnús Ragnarsson kórstjóri hefur tvinnað saman við húsganginn „Ljósið kemur langt og mjótt“ í útsetningu sem hljómar nú í fyrsta sinn. Tveir efnilegir einsöngvarar af yngri kynslóðinni syngja með kórnum að þessu sinni þau Margrét Sigurðardóttir og Benedikt Ingólfsson. Organisti á tónleikunum er Steingrímur Þórhallsson. Kórstjóri og stjórnandi tónleikanna er Magnús Ragnarsson. Nú eru ríflega sjötíu virkir félagar í kórnum. Miða má nálgast hjá kórfélögum, í versluninni 12 Tónum og við innganginn.

- pbb

# Aldarafmæli Messiaen

Tónlistarmenn um heim allan minnast franska tónskáldsins, organistans og fuglafræðingsins Oliviers Messiaen 10. desember, í dag, en þá eru 100 ár liðin frá fæðingu tónskáldsins sem telst tvímælalaust til eins merkasta tónskálds 20. aldarinnar.

Á sunnudag var fluttur á rás 1 þáttur Elísabetar Indru Ragnarsdóttur, Í garðinum þar sem ástin sefur. Þar var brugðið upp svipmynd af tónskáldinu og rætt við íslenska tónlistarmenn um Messiaen. Þáttinn má heyra á vef ríkisútvarpsins ruv.is.

Í dag verða tvennir tónleikar helgaðir verkum hans: Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari efnir til hádegistónleika á vegum tónlistardeildar Listaháskóla Íslands þar



**TÓNLIST** Oliver Messiaen fæddist á þessum degi fyrir hundrað árum

sem verða fluttar tvær af Fuglabókum Messiaens, Catalogue d´Oiseaux, nr. 3 og 5 og sagt örlítið frá þeim, en Tinna kom nývierið fram á Messiaen-tónlistarhátíð í Stavanger í Noregi. Tónleikarnir hefjast kl. 12.15 og eru haldnir í Sölvhóli, tónleikasal Listaháskóla Íslands að Sölvhólsgötu 13.

Í kvöld kl. 20 verða tónleikar á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju þar sem Björn Steinar Sólbergsson leikur Níu hugleiðingar um fæðingu frelsarans, en verkið er hugleiðing um fagnaðarboðskap jólanna. Þeim verður útvarpað beint á rás 1 Ríkisútvarpsins.

Á morgun klukkan 19.30 er svo komið að frumflutningi á hljóðritun Ríkisútvarpsins á píanóeinleiksverkinu Tuttugu tillit til Jesúbarnsins eftir Messiaen. Anna Guðný Guðmundsdóttir leikur en hljóðritanir fóru fram síðastliðið haust. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur píanóleikari ræðst í flutning þessa stórvirkis. Anna Guðný lék verkið á tónleikum síðastliðið haust og hlaut frábærar viðtökur og dóma fyrir.

- pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 10. desember 2008**

### Tónleikar

**20.00 Íslandsdeild Amnesty International** stendur fyrir hátíðartónleikum í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu þar sem fjöldi tónlistarmanna kemur fram. Nánari upplýsingar www.amnesty.is.

### Leiklist

**Rétta leiðin** Barna- og unglingaleikhúsið Borgarbörn sýnir jólasöngleik í Iðnó við Vonarstræti. Í dag verða sýndar tvær sýningar sú fyrri kl. 9 en hin seinni 10.30.

### Sýningar

Í Gerðubergi standa yfir tvær sýningar. Það er ljósmyndasýning **Björns Sigurjónssonar** og sýning á olíumálverkum eftir **Halldóru Helgadóttur**. Opið virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.

**Kolbrún Hjörleifsdóttir** sýnir myndverk unnin úr íslenskri ull á Geysi bistro/bar við Aðalstræti. Opið sun.-fim. 11.30-22, föst.-lau. 11.30-22.30.

### Bækur

**20.30** Á **Catalinu**, Hamraborg 11 í Kópavogi, verða kynntar bækur sem Vestfirska forlagið á Þingeyri gefur út fyrir þessi jól. **Guðrún Jónína Magnúsdóttir, Harpa Jónsdóttir** og **Hafliði Magnússon** munu lesa upp úr bókum sínum.

### Uppákomur

**12.30 Lifandi jóladagatal í Norræna húsinu við Sturlugötu.** Í dag verður opnaður tíundi glugginn. Í gær var Kristín Mjöll fagottleikari í glugganum. Hver skyldi vera þar í dag?

### Dagskrá

**12.00 Jafnréttisstofa, Háskólinn á Akureyri** og **Akureyrarbær** standa fyrir fjölbreyttri dagskrá í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti, í tilefni af 60 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

„…fyrst á visir.is“
visir.is
…ég sá það á visir.is

Starfsfólk Glitnis svarar fyrirspurnum í dag milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000

Starfsfólk Eignastýringar Glitnis, Almenna lífeyrissjóðsins og Glitnis Fjármögnunar svara spurningum viðskiptavina ásamt ráðgjöfum Glitnis.

Á glitnir.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-2387

GLITNIR

Jóladagatal Norræna hússins
www.nordice.is
alla dagakl. 12:34
Í gær var Kristín Mjöll
Hver verður í dag?



Mjúka gjöfin fyrir börnin
Hjá Lín Design færðu mjúku íslensku sængurverin fyrir börnin.
Í barnarúmfatnaðinum sameinast íslensk hönnun, gæðalín og litríkt mynstur. Einstaklega falleg og lífleg rúmfatalína fyrir íslensk börn.
Lín DESIGN
Íslensk hönnun er jólagjöfin í ár
Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is




## > Blur í Hyde Park

Hljómsveitin Blur heldur stórtónleika í Hyde Park í London þriðja júlí, níu árum eftir að sveitin spilaði síðast saman í upprunalegri mynd. Þá spilaði sveitin í Royal Festival Hall í London þegar gítarleikarinn Graham Coxon var enn innanborðs. Nú snýr hann aftur. Þá eiga Damon Albarn og félagar í viðræðum um að spila á ýmsum tónlistarhátíðum næsta sumar.



**Fólk**
folk@frettabladid.is

# Eyfi selur grimmt

„Ég er rosalega ánægður með þetta. Það eru þrjú þúsund eintök farin og ég er búinn að panta þrjú þúsund í viðbót,“ segir Eyjólfur Kristjánsson um plötuna Sýnir sem hann gaf út fyrr á árinu með lögum Bergþóru Árnadóttur.

„Geisladiskar eru svolítið vinsælir í kreppunni. Það eru svona tuttugu þúsund Íslendingar sem eru ekki á leið til útlanda í verslunarferðir. Fólk leyfir sér frekar að kaupa eitthvað hérna heima í staðinn,“ segir Eyfi, sem nýlega samdi lagið Aldrei verða án hans haldin jól fyrir jólaplötuna Rauð jól. „Þetta er „tribute“ til jólasveinsins,“ segir hann. - fb



**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON** Selur grimmt af plötum þessa dagana.

# Frægð, fangelsi og fíkniefni

**Boy George, fyrrverandi söngvari Culture Club, má muna sinn fífil fegurri. Þessi mikla stjarna níunda áratugarins á yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi.**



**Í TÓMU TJÓNI** Boy George hefur oft komist í kast við lögin á undanförnum árum. Hann á yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Boy George hefur verið fundinn sekur um að hafa haldið vændismanni föngnum í handjárnum og lamið hann á heimili sínu í austurhluta London. Maðurinn heitir Auden Carlsen og er 29 ára Norðmaður. Þegar hann reyndi að yfirgefa heimili George eftir að hafa setið fyrir hjá honum nakinn í „ljósmyndatöku“ um miðja nótt gerði George sér lítið fyrir og lamdi hann með stálkeðju. Dómur í málinu verður kveðinn upp sextánda janúar.

### Sópaði götur í New York

Boy George heitir réttu nafni George O´Dowd og er 47 ára. Eftir að hafa slegið í gegn með Culture Club og lögum á borð við Karma Chameleon og Do You Really Want to Hurt Me? hefur hann marga fjöruna sopið. Fíkniefni hafa átt þar stóran hlut að máli auk þess sem glíma við laganna verði hefur verið fyrirferðarmikil.

Fyrir tveimur árum var George handtekinn fyrir að hafa sóað tíma lögreglunnar þegar hann laug því að brotist hafi verið inn íbúð sína í New York. Er lögreglan mætti á vettvang vildi ekki betur til en svo að hún fann þar kókaín og handtók George. Hann slapp við að vera ákærður fyrir fíkniefnavörslu en af því hann hafði sóað tíma lögreglunnar var hann dæmdur til að sópa götur borgarinnar í fimm daga. Jók það mjög á niðurlægingu George að blaðaljósmyndarar létu hann ekki í friði allan þann tíma.



**Á HÁTINDI FRÆGÐARINNAR** Boy George fyrir mörgum hárum og kílóum á hátindi frægðar sinnar með hljómsveitinni Culture Club.

### Í stanslausri neyslu

Á hátindi frægðar sinnar á níunda áratugnum var George orðinn forfallinn eiturlyfjasjúklingur. Heróínið var allsráðandi í lífi hans og lést hljómborðsleikari Culture Club, Michael Rudetski, einmitt af völdum of stórs heróínskammts á heimili George. Það varð þó ekki til þess að söngvarinn gæfi neysluna upp á bátinn.

Árið 1995 lýsti hann baráttu sinni við fíkniefnadjöfulinn í sjálfsævisögunni Take It Like A Man og fyrr á þessu ári sagði hann þetta í viðtali við tímaritið Q: „Ég hef verið útúrdópaður undanfarin fimm ár. En núna er ég laus við dópið. Ég vil ekki deyja.“ Þrátt fyrir þessi ummæli var kókaín á borðstólum við „myndatökuna“ á heimili hans á dögunum og greinilegt að dópið er enn stór þáttur í lífi Boy George.

### Endurkoman í súginn

Áætlarnir Boy George um að endurvekja fyrri frægð eru nú farnar í súginn, í bili að minnsta kosti. Hann gaf út smáskífulagið Yes We Can í október síðastliðnum og ætlaði síðan í umfangsmikla tónleikaferð með sín bestu lög í farteskinu. Ekki galin hugmynd, því einhver hlýtur áhuginn að vera á manni sem hefur átt sjö lög á toppi breska vinsældarlistans, níu á þeim bandaríska og selt hvorki meira né minna en 50 milljónir platna.

Endurkoman verður þó að bíða betri tíma því fyrst þarf að hann að borga fyrir syndir sínar með fangelsisvist á sama tíma og hann þarf að finna leið til að losna við fíkniefnadjöfulinn í eitt skipti fyrir öll.



**KINGS OF LEON** Bandarísku rokkararnir eru strax farnir að undirbúa nýja plötu.

# Undirbúa nýja plötu

Rokkararnir í Kings of Leon eru þegar búnir að semja fjögur til fimm lög fyrir næstu plötu sína þrátt fyrir að aðeins nokkrir mánuðir séu liðnir síðan sú síðasta, Only By the Night, kom út.

Að sögn trommarans Nathans Followill er léttara yfir þessum nýju lögum heldur en þeim sem hljóma á síðustu plötu.

„Þau hljóma meira eins og við séum í miklu stuði, bara að spila og skemmta okkur,“ sagði hann.




DAGVAKTIN
JÓN GNARR
PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON
JÖRUNDUR RAGNARSSON
AUKAEFNI
• Yfirlestur (commentary) • Gerð þáttanna
• Úr spuna í atriði • Litahönnun og myndbrellur • Ljósmyndir
MEÐ ENSKUM OG ÍSLENSKUM TEXTA
LEIKSTJÓRN RAGNAR BRAGASON
DAGVAKTIN
FYLGIST MEÐ FREKARI FEILSPORUM ÞEIRRA KUMPÁNA GEORGS BJARNFREÐARSONAR, ÓLAFS RAGNARS OG DANÍELS.
DAGVAKTIN HLAUT EDDUVERÐLAUNIN 2008 Í FLOKKNUM LEIKIÐ SJÓNVARPSEFNI ÁRSINS.
NÆTURVAKTIN
EINNIG FÁANLEG
skemmtilegri
sagafilm
sena

# Jay Leno í nýjum spjallþætti

Talið er að bandaríska sjónvarpsstöðin NBC hafi samið við Jay Leno um að hann taki við stjórninni í nýjum spjallþætti sem verður sýndur á undan Tonight Show alla virka daga.

Conan O´Brien tekur við af Jay Leno sem stjórnandi Tonight Show í júní næstkomandi og hefur framtíð Leno í sjónvarpi legið í lausu lofti í þó nokkurn tíma. Með samningnum er ljóst að Leno mun ekki flytja sig yfir til annarrar sjónvarpsstöðvar og hugsanlega keppa við O´Brien í öðrum kvöldþætti.



**JAY LENO** Leno mun að öllum líkindum halda áfram hjá NBC með nýjan spjallþátt.

Einnig vonast NBC til að draga úr kostnaði með því að framleiða nýjan spjallþátt með Leno því slíkir þættir eru mun ódýrari í framleiðslu en leiknir þættir. Stöðin hefur átt við fjárhagsörðugleika að stríða og þurfti að segja upp fimm hundruð manns í síðustu viku.

Leno tók við af Johnny Carson árið 1992 og hefur alla tíð notið mikilla vinsælda. Fjögur ár eru síðan NBC tilkynnti að O´Brien, sem hefur stjórnað öðrum kvöldþætti á stöðinni, myndi taka við af Leno. Með því vildi stöðin tryggja sér áframhaldandi þjónustu O´Briens.

# Ungir tónlistarmenn íhuga stofnun nýrra samtaka

**Stór hópur ungra tónlistarmanna íhugar að stofna ný samtök sem myndu hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi.**

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur lengi gætt óánægju meðal yngri kynslóðarinnar varðandi hagsmuni hennar innan tónlistarbransans. Viðbrögð Jakobs Frímanns Magnússonar, formanns Samtóns, við ákvörðun útgáfufyrirtækisins Kimi Records um að taka ekki þátt í Íslensku tónlistarverðlaununum virðast hafa virkað sem olía á þann eld. Jakob skrifaði grein í Morgunblaðið um helgina þar sem hann skaut föstum skotum á unga tónlistarmenn. Í gær birtust í sama blaði svargreinar frá Svavari Pétri Eysteinssyni og Gylfa Blöndal þar sem þeir lýsa óánægju með viðbrögð Jakobs.

„Ég myndi fyrir mína parta styðja það fullkomlega,“ segir tónlistarmaðurinn Gylfi Blöndal um stofnun nýrra samtaka. „Umræðan hefur snúist svolítið um tónlistarverðlaunin en þetta er bara partur af stærra máli. Það gengur út á það að dyrnar hafa ekkert alltaf staðið opnar fyrir okkur yngri tónlistarmennina í þessu flókna kerfi sem STEF og FTT er,“ segir hann og á þar við Samtök tónskálda og eigenda flutningsréttar og Félag tónskálda og textahöfunda. „Þótt Kimi-hópurinn hafi opnað umræðuna nær hún langt út fyrir þann hóp. En það væri óskandi að það væri hægt að setjast niður og sameina sjónarmið allra aðila.“



**GYLFI BLÖNDAL** Gylfi styður stofnun nýrra samtaka tónlistaramanna. Vonast hann þó til að hægt verði að sameina sjónarmið allra aðila í tónlistarbransanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er það einmitt stefnan, ungir tónlistarmenn ætli sér að halda fund innan tíðar og skoða hvort þeir telji rétt að stofna eigin samtök.

Jakob Frímann segir að öllum sé frjálst að stofna ný samtök en minnir á að Samtónn hafi barist fyrir hagsmunum tónlistarmanna í mörg ár og að ungir tónlistarmenn hafi fyrst og fremst notið góðs af þeirri baráttu. „Það er búin að vera viðvarandi barátta í mörg ár á þessum vettvangi sem hefur m.a. leitt til lækkunar virðisaukaskatts á hljómplötum, leitt til varna fyrir dómstólum gegn ólöglegri notkun á tónlistarefni, til stofnunar útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar og til stofnunar Reykjavíkur Loftbrúar,“ segir Jakob. „Það verkefni sem hefur kannski skort upp á er að kynna það almennilega fyrir fólki hvaðan eldsneytið kemur sem hefur verið að knýja þessa vagna.“

**freyr@frettabladid.is**


SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HOW TO LOSE FRIENDS.. | kl. 5:50 - 8:10 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:30 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 6D - 8D - 10:30D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30D | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:30 | 16 |
| W | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 6 Síð sýn | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | SÝND LAU. OG SUN. | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| NICK AND NORAH´S | kl. 8 | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| PASSENGERS | kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 | 16 |
| QUARANTINE | kl. 10:20 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| FOUR CHRISTMASES LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 8 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 10 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 6 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10.15 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| RELIGULOUS | kl. 5.50 - 8 -10.10 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| PRIDE & GLORY | kl. 10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 | 12 |
| TRAITOR | kl. 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45, 8 og 10 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 7.45 og 10.15 | 16 |

Traustur íslenskur ferðafélagi



JÓLAGJÖFIN SEM FLÝGUR ÚT

JÓLAPAKKAR ICELANDAIR

VERÐ FRÁ 26.900 KR.

- EF ÞÚ BORGAR JÓLAPAKKANN MEÐ VILDARKORTI VISA OG ICELANDAIR FÆRÐU 5.000 AUKA VILDARPUNKTA.
- ATHUGIÐ AÐ HÆGT ER AÐ GREIÐA FYRIR HÓTELGISTINGU MEÐ VILDARPUNKTUM, FRÁ 14.000 PUNKTUM Á NÓTT FYRIR TVO.

+ Ferðatímabil er frá 10. janúar til og með 31. mars 2009.
+ Eftir að ferðatímabili lýkur gildir jólagjafabréfið sem inneign upp í fargjöld með Icelandair.
+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktum VISA

WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 44391 11/08

* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2008 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. desember til og með 23. jan. 2009.
Jólapakkatilboð gildir til Boston, New York, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Oslóar, London, Manchester, Frankfurt, Parísar og Amsterdam.
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 750–11.200 Vildarpunkta.


GLERBÚRIÐ
...þar sem villidýrin verða villtari!!!
Komdu, við lokum þig inni í búrinu og
hleypum þér út þegar þú ert tilbúin(n)!
Búrið er vopnað skærum, greiðum, hárblásurum
og öflugum efnavopnum frá Paul Mitchell.
GLERBÚRIÐ ER NÝ HÁRGREIÐSLUSTOFA Í HÁTÚNI 12
...OG VERÐSKRÁIN HJÁ OKKUR ER EKKERT RUGL!
SÍMI 571 0025
WWW.GEIMUR.IS
PAUL MITCHELL®
LUXURY HAIR CARE
Geimur
HEILDVERSLUN
HAIRCARE AND
FASHION PRODUCTS

## > Bragi rekinn frá Stjörnunni

Stjórn körfuknattleiksdeildar Stjörnunnar hefur ákveðið að segja upp samningi við Braga Magnússon þjálfara meistaraflokks. Eyjólfur Örn Jónsson, sem var aðstoðarþjálfari Braga, stýrir liðinu á meðan leitað er að nýjum þjálfara og mun Jón Kr. Gíslason aðstoða Eyjólf Örn. Gunnar Kr. Sigurðsson, formaður körfuknattleiksdeildar Stjörnunnar, staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að nokkrar umsóknir væru nú þegar búnar að berast um starfið en stjórnin muni taka sér sinn tíma til þess fara vel og vandlega yfir stöðuna og vanda valið á eftirmanni Braga í starfi.



**sport**
sport@frettabladid.is

**MARKÚS MÁNI OG DAGUR SIGURÐSSON:** VORU TIL TAKS HJÁ VALSMÖNNUM GEGN FRAM Í BIKARNUM

# *Dagur var sjóðheitur í að byrja leikinn gegn Fram*



Valsmenn brugðu á það ráð að kalla á tvær reyndar kempur fyrir bikarleikinn gegn Fram á mánudag. Það voru þeir Dagur Sigurðsson og Markús Máni Michaelsson. Báðir eru hættir handboltaiðkun; Markús lagði skóna á hilluna fyrir einu og hálfu ári en Dagur þegar hann kom heim úr atvinnumennsku. Dagur hafði því ekki leikið með Val síðan árið 1996.

Markús Máni kom við sögu í leiknum, stóð vaktina vel í vörninni en var ansi ryðgaður í sókninni. Dagur var til taks í æfingagallanum en fór ekki á skýrslu enda varð hann fyrir meiðslum í hálfleik að sögn þjálfarans.

„Ég veit ekkert hvað Óskar er að tala um. Ég var þess utan að reyna að segja honum að ég hefði verið sjóðheitur í hálfleiknum. Var tólf af tólf í skotum. Allt inni,“ sagði Dagur léttur en hann viðurkenndi að gamall fiðringur hefði tekið sig upp fyrir leikinn. „Ég var orðinn mjög heitur fyrir leik og miklu meira en til í að byrja leikinn ef ég hefði verið beðinn um það. Þegar líða tók á leikinn tók skynsemin við og þeir þurftu heldur ekkert á mér að halda.“

Dagur æfði með liðinu í gær og æfir aftur í dag og því aldrei að vita nema hann verði með liðinu gegn FH á fimmtudag. „Við sjáum bara til. Ég er bara í biðstöðu þar sem menn eru tæpir,“ sagði Dagur sem segir ekki auðvelt að byrja á nýjan leik. „Ég hafði ekki snert handbolta í tvö ár og er með blöðrur á puttunum og svona eftir æfingarnar.“

Markús Máni neitar því ekki að hafa haft gaman af því að spila á ný. „Þetta var virkilega gaman og það kom mér pínu á óvart. Það hefði reyndar mátt ganga betur. Langt síðan ég klúðraði öllum fimm skotum mínum í leik. Blaðamenn voru samt góðir við mig en ég hef fengið að heyra það í vinnunni og frá félögunum,“ sagði Markús kátur og segist ekki hafa tekið neina ákvörðun um framhaldið.

„Ef ég verð með þá er það á fullu. Ég held ég geti ekki verið 50 prósenta maður, þá yrði ég bara ósáttur. Ég ætla að melta þetta áfram.“

## ÚRSLIT

### *Meistaradeild Evrópu*

**A-riðill:**
Chelsea-CFR Cluj 2-1
1-0 Salomon Kalou (40.), 1-1 Yssouf Kone (55.), 2-1 Didier Drogba (71.).
Roma-Bordeaux 2-0
1-0 Matteo Brighi (61.), 2-0 Francesco Totti (79.).
***Roma og Chelsea áfram í 16-liða úrslit**
***Bordeaux í næstu umferð UEFA-bikarsins**

**B-riðill:**
Panathinaikos-Anorthosis Famagusta 1-0
1-0 Georgios Karagounis (69.).
Werder Bremen-Inter 2-1
1-0 Claudio Pizarro (63.), 2-0 Markus Rosenberg (81.), 2-1 Zlatan Ibrahimovic (88.).
***Inter og Panathinaikos áfram í 16-liða úrslit**
***W. Bremen í næstu umferð UEFA-bikarsins**

**C-riðill:**
Basel-Sporting 0-1
0-1 Yanick Djalo (19.).
Barcelona-Shakhtar Donetsk 2-3
0-1 Oleksandr Gladkyy (31.), 0-2 Oleksandr Gladkyy (58.), 1-2 Sylvinho (59.), 1-3 Luis Fernandinho (76.), 2-3 Sergi Busquets (83.). Eiður Smári Guðjohnsen kom inná á 77. mín.
***Barcelona og Sporting áfram í 16-liða úrslit**
***Shakhtar í næstu umferð UEFA-bikarsins**

**D-riðill:**
PSV-Liverpool 1-3
1-0 Danko Lazovic (36.), 1-1 Ryan Babel (45.), 1-2 Albert Riera (69.), 1-3 David N'Gog (77.).
Marseille-Atletico Madrid 0-0

***Liverpool og A. Madrid áfram í 16-liða úrslit**
**Marseille í næstu umferð UEFA-bikarsins**

### *Coca-Cola Championship*

Burnley-Cardiff 2-2
Charlton-Coventry 1-2
Sheff. Wed.-QPR 1-0
Reading-Blackpool 1-0
Ívar Ingimarsson skoraði mark Reading í leiknum.

# Síðustu farseðlarnir klárir

## Roma, Chelsea og Panathinaikos tryggðu sér síðustu þrjá farseðlana í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu þegar lokaumferð riðlakeppninnar hófst.

**FÓTBOLTI** Roma og Chelsea tryggðu sér áframhaldandi þátttöku í Meistaradeild Evrópu með sigrum í gær líkt og Panathinaikos.

Það var ekki fyrr en á 40. mínútu að Chelsea náði að skora á Brúnni þegar Salomon Kalou var einn auðum sjó og skoraði með skoti af stuttu færi eftir aukaspyrnu frá Deco.

Öllum að óvörum náðu Rúmenarnir svo að jafna snemma í seinni hálfleik með skallamarki hjá Yssouf Kone eftir glæsilega sókn en Didier Drogba kom hins vegar inn á sem varamaður á 65. mínútu og stuttu síðar skoraði hann sigurmarkið.

Chelsea þarf hins vegar að sætta sig við annað sæti A-riðils þar sem Roma hélt toppsætinu með 2-0 sigri gegn Bordeaux.

Það var algjör úrslitaleikur í Grikklandi í gær þegar heimamenn í Panathinaikos tóku á móti Kýpverjunum í Anorthosis Famagusta um laust sæti í 16-liða úrslitunum. Gamla brýnið Georgios Karagounis skoraði sigurmarkið á 69. mínútu og tryggði Panathinaikos áfram í 16-liða úrslitin og Grikkirnir fara þangað sem toppliðið B-riðils en Inter tapaði 2-1 fyrir Werder Bremen.

Í C-riðli tapaði Barcelona 2-3 á Nývangi fyrir Shakhtar Donetsk en Börsungar hvíldu marga lykilmenn. Eiður Smári Guðjohsen kom inná á 77. mínútu í leiknum.



**SIGURMARKIÐ** Framherjinn Didier Drogba skoraði sigurmarkinu gegn rúmenska félaginu CFR Cluj í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

Liverpool og Atletico Madrid kepptu um toppsæti D-riðil en Liverpool hirti það með 1-3 sigri á PSV á Philips Stadion í Eindhoven á meðan Atletico Madrid gerði aðeins markalaust jafntefli gegn Marseille í Frakklandi.

**omar@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *N1-deild kvenna*

Fram-Valur 21-29 (9-13)
**Mörk Fram (skot):** Pavla Nevarilova 6 (7), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 6/2 (19/5), Þórey Rósa Stefánsdóttir 4 (7), Ásta Birna Gunnarsdóttir 2 (11/2), Elísa Viðarsdóttir 1 (2), Hildur Knútsdóttir 1 (4), Marthe Sördal 1 (5), Karen Knútsdóttir (1)
**Varin skot:** Sunneva Einarsdóttir 14 (43/1) 33%
**Mörk Vals (skot):** Eva Barna 8 (10), Íris Ásta Pétursdóttir 7 (8), Kristín Guðmundsdóttir 4 (10/1), Dagný Skúladóttir 4 (5), Hildigunnur Einarsdóttir 3 (4), Hrafnhildur Skúladóttir 3/1 (5/1), Drífa Skúladóttir (2), Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir (2), Berglind Íris Hansdóttir (1)
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 25/3 (46/5) 54%

Breytingar hjá Real Madrid:

# Schuster rekinn, Ramos ráðinn

**FÓTBOLTI** Spænska stórliðið Real Madrid tilkynnti í gær að knattspyrnustjóranum Bernd Schuster hefði verið vikið úr starfi og í hans stað ráðinn Juande Ramos.

Real Madrid hefur ekki gengið sem skyldi það sem af er keppnistímabili og eftir 3-4 tap gegn Sevilla um helgina er félagið í fimmta sæti spænsku úrvalsdeildarinnar, níu stigum á eftir toppliði Barcelona en erkifjendurnir mætast einmitt í „El Clásico“ um helgina.

Ramos var sem kunnugt er rekinn frá Tottenham fyrr í vetur eftir afleita byrjun liðsins í ensku úrvalsdeildinni en hann stýrir Real Madrid í fyrsta skipti í kvöld gegn Zenit á heimavelli. **- óþ**


Jólatilboð
20% afsláttur
af öllum bókahillum
og geisladiskastöndum



Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is


Valsstúlkur áttu ekki í miklum erfiðleikum með stöllur sínar í Fram í gærkvöld:

# Auðveldur sigur Valsstúlkna

**HANDBOLTI** Í gærkvöldi áttust við lið Fram og Vals í N1-deild kvenna í handknattleik. Fyrir leikinn voru Valsstúlkur með 12 stig í þriðja sæti en Fram í því fjórða með 8 stig. Það var þó aldrei eins mikil spenna í leiknum og við mátti búast því Valsstúlkur höfðu nokkuð öruggan sigur og fóru um leið upp að hlið Stjörnunnar í öðru sæti deildarinnar.

„Ég er hálf hissa hversu öruggur sigurinn var miðað við hvað við erum að gera mikið af mistökum og í raun ekki að spila það vel. Þær voru með stemninguna með sér á meðan það var hálfdauft yfir þessu hjá okkur. Við getum spilað miklu betur og við ætlum okkur að sýna það eftir áramótin. Mótið er galopið og ef við vinnum okkar leiki gegn Haukum og Stjörnunni þá erum við á góðu róli,“ sagði landsliðskonan Hrafnhildur Skúladóttir sem átti ágætan leik fyrir Val í gær.



**ÁTÖK** Það var hart tekist á í Framhúsinu í gærkvöld þar sem erkifjendurnir Fram og Valur áttust við. Hér reynir Valsstúlkan Hildigunnur Einarsdóttir afbrigði af sniðglímu á lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikurinn fór frekar rólega af stað en fljótlega náðu Valsstúlkur yfirhöndinni og náðu fjögurra marka forystu. Berglind Hansdóttir fór hamförum í marki Vals í fyrri hálfleiknum, varði 14 skot og var helsta ástæðan fyrir 13-9 forystu Vals í leikhléi.

Fram hóf svo seinni hálfleikinn af krafti og náði að minnka muninn í 16-15. En þá tók Eva Barna til sinna ráða, skoraði fjögur mörk í röð og eftir það litu Valsstúlkur aldrei um öxl. Framstúlkur misstu móðinn á meðan Valur jók forskotið jafnt og þétt og unnu að lokum góðan sigur, lokatölur 29-21. Landsliðsmarkvörðurinn Berglind Hansdóttir átti eins og áður segir frábæran leik í liði Vals og hún ásamt Evu Barna var besti leikmaðurinn á vellinum í gær.

Hrafnhildur Skúladóttir hrósaði Berglindi í hástert í leikslok. „Hún er búin að vera stórkostleg undanfarið og heldur í raun áfram þar sem frá var horfið með landsliðinu. Hún var frábær í mótinu úti og lokaði markinu í dag.“

**- sjj**



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR







## 19" LCD

**Philips 19PFL3403**
- 19" LCD BREIÐTJALD
- 1440x900 punkta upplausn
- Crystal Clear III og Progressive Scan
- 1000:1 skerpa
- Anti Reflection ofl.

**TILBOÐ 79.995**
FULLT VERÐ 84.995

**Philips 3403/32"/37"/42"**
- LCD BREIÐTJALD
- 1366x768 punkta upplausn
- LCD WXGA Active Matrix TFT
- HD-READY(720p/1080i)
- Crystal Clear III og Progressive Scan
- 24000:1 skerpa
- Digital Crystal Clear ofl.

## 22" LCD

**Philips 22PFL3403**
- 22" LCD BREIÐTJALD
- 1680x1050 punkta upplausn
- Crystal Clear III og Progressive Scan
- 1000:1 skerpa
- Anti Reflection ofl.

**VERÐ 89.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## 26" LCD

**Philips 26PFL3403**
- 26" LCD BREIÐTJALD
- 1366x768p punkta upplausn
- Digital Crystal Clear
- HD-READY(720p/1080i)
- Anti Reflection ofl.

**TILBOÐ 124.995**
FULLT VERÐ 129.995

## 32" LCD

**Philips 32PFL3403**

**VERÐ 149.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## 37" LCD

**Philips 37PFL3403**

**VERÐ 199.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## 42" LCD

**Philips 42PFL3403**

**VERÐ 239.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Panasonic TX26LE7F**
26" V-Real LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**VERÐ 109.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Panasonic TX32LE7F**
32" HD 16:9 LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi ofl.

**VERÐ 119.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Panasonic TH42PV70F**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 p.uppl., V-Real 2 Engine, 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI ofl.

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY PLASMA-TV
Panasonic TH-42PV/PX70

**TILBOÐ 199.995**
FULLT VERÐ 219.995




**Panasonic TX37LZD70F**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p.uppl., V-Real Pro 2 Engine, IPS Alpha skjá, Advanced 3D Colour, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Comp., SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textav. ofl.

**TILBOÐ 219.995**
FULLT VERÐ 249.995




**Panasonic TH42PY70F**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro2 Engine, Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 10.000:1 skerpa, SDHC korta-lesari, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi, textavarp ofl.

**TILBOÐ 249.995**
FULLT VERÐ 269.995




BEST 40/42IN WHAT TV AWARDS 2008

**TH42PX80EA**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., V-Real Pro3 Engine, Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, DVB-T stafrænn móttakari, Progressive Scan, Real Black Drive 15.000:1 skerpa, SDHC kortalesari, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround, 2 x Scart (með RGB), 3 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi, textavarp ofl.

**VERÐ 279.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

**Heimilistæki** ht.is

EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** SÍMI 480 3700 · GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1600 · GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** SÍMI 460 3380 · SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** SÍMI 569 1500

## > Jonny Lee Miller

Miller kynntist Angelinu Jolie við gerð myndarinnar Hackers árið 1995 og þau giftu sig ári seinna. Hjónabandið entist í fjögur ár en Miller hefur fengið meiri umfjöllun fyrir það að vera fyrsti eiginmaður Jolie heldur en að vera leikari. Hann leikur í þættinum Eli Stone sem Sjónvarpið byrjar að sýna í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON ER ORÐINN ÞREYTTUR Á THE BACHELOR

# *Árangurslaus leit að ástinni*

Einn ein þáttaröðin af The Bachelor er farin í loftið á Skjá einum og það verður að segjast alveg eins og er að nýjabrumið er löngu farið af þáttunum.

Hér á árum áður fylgdist maður spenntur með vel tenntum og brosfríðum piparsveinunum velja úr hverri fegurðardísinni á fætur annarri. Sjálfar börðust þær innbyrðis um athygli hjartaknúsaranna og beittu til þess öllum brögðum, eins og kvenfólki er stundum siður. Vissulega getur verið gaman að fylgjast með föngulegu kvenfólki takast á um einn mann og þessir þættir hafa á köflum ýtt undir fantasíur tengdar því. Samt sem áður verður það með hverju árinu sífellt erfiðara að halda athyglinni og nú er svo komið að hvíld er nauðsynleg. Best væri ef The Bachelor færi núna í frí og kæmi síðan sterkur og ferskur inn einhvern tímann á næsta áratug.



**THE BACHELOR** Enn ein þáttaröðin af The Bachelor er hafin þar sem föngulegur piparsveinn velur úr fjölda yngismeyja.

Ein tálsýnin við The Bachelor er að verið er að leiða fólk saman í von um að búa til hið fullkomna par. Aldrei í sögu þáttanna, nema hugsanlega einu sinni, hefur niðurstaðan orðið traust samband sem hefur staðið tímans tönn. Íslenski Bachelor-þátturinn var þar engin undantekning. Þetta er auðvitað ekkert sem kemur framleiðendunum sjálfum við. Þeir hugsa fyrst og fremst um áhorf og á meðan það er fyrir hendi kemur Bachelorinn alltaf aftur og aftur, sama þótt ástarsorgin banki alltaf á dyrnar að loknu hverju ævintýri.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30 Porto - Arsenal, BEINT** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 What I Like About You** SKJÁREINN



▶ **20.25 Project Runway** STÖÐ 2



▶ **20.30 Smallville** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.25 Kiljan** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.45 Gurra grís** (66:104)
**17.50 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Bráðavaktin** (ER) (6:19)
**20.50 Eli Stone** (1:13) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Í framhaldi af því endurskoðar hann líf sitt og breytni. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber og Natasha Henstridge.
**21.35 Bílfélagar** (1:13) (Carpoolers)
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 Kiljan**
**23.15 Síðasti fyrirlesturinn** (The Last Lecture) Bandarísk heimildamynd. Í september 2006 komst prófessor Randy Pausch að því að hann væri með krabbamein í brisi. Í myndinni segja hann og fjölskylda hans sjónvarpskonunni Diane Sawyer frá sjúkdómnum og síðasta fyrirlestrinum sem hann hélt og bar yfirskriftina Látum æskudraumana rætast.
**23.55 Kastljós** (e)
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Bride & Prejudice**
**10.00 Garfield 2**
**12.00 Accepted**
**14.00 Bride & Prejudice**
**16.00 Garfield 2**
**18.00 Accepted**
**20.00 Bad News Bears** Morris Buttermaker er fyrrverandi atvinnumaður í hafnabolta en nú er hann drykkfelldur meindýraeyðir. Hann er fenginn til að þjálfa skólalið sem er að falla úr deildinni.
**22.00 Puff,Puff, Pass**
**00.00 Lucky Number Slevin**
**02.00 Blind Flight**
**04.00 Puff,Puff, Pass**
**06.00 Blue Sky**

## STÖÐ 2

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**
**07.25 Jesús og Jósefína** (10:24)
**07.50 Galdrabókin** (10:24)
**08.00 Lalli**
**08.05 Ruff's Patch**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (210:300)
**10.15 Las Vegas** (11:19)
**10.55 America's Got Talent** (5:12)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Sisters** (18:28)
**13.55 E.R.** (14:25)
**14.40 Ghost Whisperer** (47:62)
**15.35 The New Adventures of Old Christine** (7:22)
**16.00 Skrímslaspilið**
**16.23 BeyBlade**
**16.48 Ofurhundurinn Krypto**
**17.13 Ruff's Patch**
**17.23 Galdrabókin** (10:24)
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Veður**
**19.30 The Simpsons** (17:25)
**19.55 Dagvaktin** (3:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna úr Næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun.
▶**20.25 Project Runway** (15:15) Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna tískuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta hönnuð í heimi hátískunnar.
**21.15 Grey's Anatomy** (8:24)
**22.05 Ghost Whisperer** (55:62)
**22.50 Oprah**
**23.35 Dagvaktin** (12:12)
**00.25 E.R.** (14:25)
**01.10 Psycho**
**02.50 Sally Lockhart Mysteries 2**
**04.25 Laws of Attraction**
**05.55 The Simpsons** (17:25)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**15.40 NBA-tilþrif** Í þessum þætti verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**16.10 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**17.50 Meistaradeild Evrópu. Meistaramörk**
**18.30 Spænsku mörkin**
**19.00 Meistaradeild Evrópu - Upphitun**
▶**19.30 Meistaradeild Evrópu** Bein útsending frá leik Porto og Arsenal Sport 3. Lyon - Bayern München Sport 4. Man. Utd - Álaborg
**21.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**22.20 Meistaradeild** Evrópu Lyon - Bayern München.
**00.10 Meistaradeild Evrópu** Man Utd.- Alaborg
**02.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Middlesbrough.
**18.30 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.00 Coca Cola-mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**19.30 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**21.35 Leikur vikunnar**
**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Fulham og Man. City.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.40 Vörutorg**
**17.40 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki við að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.25 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (16:27) (e)
**19.15 Innlit / Útlit** (12:14) (e)
▶**20.10 What I Like About You** (21:22) Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Holly er búin að fá nóg af stressinu sem fylgir lokaballinu, ástarflækjunum með Vince og Henry og flutningunum til Parísar og ákveður að halda stresslaust partí. Val reynir að komast að því hvort hún fékk boðskort í brúðkaup fyrrverandi kærasta fyrir mistök.
**20.35 Frasier** (21:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.
**21.00 America's Next Top Model** (11:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Það eru aðeins fimm stúlkur eftir og þær sigla hraðbyri að næsta verkefni og Tyra stýrir sjálf myndatökunni.
**21.50 CSI:Miami** (11:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Stórhættuleg og ólögleg vélbyssa gjöreyðir þremur vopnasmyglurum og rannsóknardeildin verður að finna morðingjann áður en hann notar vopnið aftur.
**22.55 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.45 Law & Order** (11:24) (e)
**00.35 Vörutorg**
**01.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

Hafðu það huggulegt um jólin. Arineldstæði með 50% afslætti.

50% AFSLÁTTUR



PARIS VEGGARINN
69.900 KR.
VERÐ ÁÐUR 150.000
Sérstakt tilboðsverð á meðan birgðir endast

SOLO VEGGARINN
49.900 KR.
VERÐ ÁÐUR 99.900
Sérstakt tilboðsverð á meðan birgðir endast



50% AFSLÁTTUR

Rúm Gott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · 200 Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

**Grey's Anatomy**

Í kvöld sýnir Stöð 2 áttunda þáttinn í fimmtu seríu Grey's Anatomy. Gömul vinkona Meredith verður nemi á Seattle Grace en aðrir vinir hennar eru ekkert sérstaklega velkomnir þar. Nýi skurðlæknirinn kemur á röð og reglu í skurðstofunni en Lexie fer með nemana í frekar óhefðbundna og leynilega kennslustund.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Bílfélagar (Carpoolers), NÝTT**

**Sjónvarpið kl. 21.35**

Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg, og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Aðalhlutverk: Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller, Jerry O'Connell, Allison Munn, Jerry Minor og Tim Peper.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Heimur óperunnar
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**19.00** Leynifélagið
**19.30** Smásaga: Spunameistarinn mikli
**20.00** Olivier Messiaen - aldarminning
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bókaþing
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (77:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (78:260)
**17.00 Seinfeld** (17:24)
**17.30 Smallville** (15:20)
**18.10 How I Met Your Mother** (13:22)
**18.35 How I Met Your Mother** (14:22)
**19.00 Hollyoaks** (77:260)
**19.30 Hollyoaks** (78:260)
**20.00 Seinfeld** (17:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma. Þess má geta að höfundur þáttanna ásamt Jerry Seinfeld er Larry David úr Curb Your Enthusiasm.
▶**20.30 Smallville** (15:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**21.10 How I Met Your Mother** (13:22) Þættir um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn.
**21.35 How I Met Your Mother** (14:22)
**22.00 Burn Notice** (2:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.
**22.45 Rescue Me** (3:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta.
**21.00 Kolfinna** Umræðuþáttur um stjórnmál og efnahag í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur.
**21.30 Borgarmál** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gesti sínum

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Testen - den farlige skønhed **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Spiderman **15.55** Tom og Jerry i Neapel **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Nissernes Ø **19.00** Historien om Nik & Jay **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.40** Onsdags Lotto **22.45** OBS **22.50** Snaphaner

## NRK 1

**11.50** Nobels fredsprisutdeling 2008 **13.30** Fra Wien og ut i verden **14.00** NRK nyheter **14.03** Utfordringen **14.30** Absalons hemmelighet **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Vår aktive hjerne **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Detektivklubben **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.50** The Wire **23.45** Spekter. Nobels fredspris

## SVT 1

**11.50** Nobelpriset 2008 - fredsprisutdelningen **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.25** Nobelpriset 2008 - prisutdelningen **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Nobelpriset 2008 - banketten **22.30** Livet i Fagervik **23.15** Robins **23.45** Sändningar från SVT24




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## MORGUNMATURINN



*„Ég borða morgunmat eins og grönnu konurnar, Special K og Cheerios, blanda þessu saman.“*

Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur.

# Stefán Karl með nokkur tilboð á borðinu

„Það eru nokkur tilboð sem liggja á borðinu. Ég er hins vegar ekkert að pæla í því núna. Ég fer bara yfir málin með umboðsmanni í janúar og við leggjum upp árið í sameiningu,“ segir Stefán Karl Stefánsson. Leikaranum hefur verið hrósað í hástert fyrir leik sinn í söngleiknum um Trölla sem nú er sýndur fyrir fullu húsi í Boston. Stefán sagðist ekki hafa hugmynd um hvort þetta væru áframhaldandi verk í leikhúsi eða jafnvel kvikmyndahlutverk frá Hollywood. „Umboðsmaðurinn vill ekkert segja mér og það er líka bara gott. Ég ætla bara að einbeita mér að þessu verkefni og klára það með stæl.“

Stefán segir það ekki hafa komið sér á óvart hversu mikla athygli verkið hafi fengið. Athyglin sem hann hafi sjálfur fengið hafi hins vegar komið honum í opna skjöldu. „Þetta er náttúrulega afrakstur af margra ára vinnu og þolinmæði. Þetta var eitthvað sem stefnt var að og það er gaman að sjá markmiðin sín rætast,“ segir Stefán og bætir við að nú þurfi bara að hamra járnið á meðan það er heitt.

Dómar sem hafa birst í bandarískum blöðum eru eiginlega allir á sömu lund. Stefán sé stjarna sýningarinnar og beri hana nánast uppi.„Frammistaða Stefáns Karls sem Trölli er næg ástæða til að fara með börnin á þessa sýningu,“ skrifar Jenna Schere, gagnrýnandi hjá Boston Herald. Gagnrýnanda Boston Globe, Louise Kennedy, tekst að halda sér á jörðinni hvað sýninguna varðar. Segir hana of langa. Kennedy bætir því hins vegar við að Stefán Karl fari á kostum og að nærvera hans standi upp úr í þær níutíu mínútur sem sýningin standi yfir. - fgg



**FER Á KOSTUM** Stefáni Karli er hrósað í hástert af bandarískum gagnrýnendum fyrir frammistöðu sína sem Trölli.



**LÁRÉTT**
**2.** hluta sólahrings, **6.** pfn., **8.** ról, **9.** kóf, **11.** tveir eins, **12.** sveigur, **14.** morðs, **16.** ætíð, **17.** skammst., **18.** umhyggja, **20.** tveir eins, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eignaðist, **3.** samtök, **4.** fugl, **5.** skjön, **7.** gluggatjald, **10.** skip, **13.** lærdómur, **15.** harmur, **16.** afbrot, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dags, **6.** ég, **8.** ark, **9.** kaf, **11.** áá, **12.** krans, **14.** dráps, **16.** sí, **17.** möo, **18.** önn, **20.** rr, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT: 1.** fékk, **3.** aa, **4.** gráspör, **5.** ská, **7.** gardína, **10.** far, **13.** nám, **15.** sorg, **16.** sök, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Össur Skarphéðinsson.
2. 18 mánuði.
3. Toyota Land Cruiser.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR: Í HÓP MEÐ NÓBELSHAFA OG MURAKAMI

# Þýskir útgefendur slógust um Skapara Guðrúnar Evu

„Þetta er einhver harðvítugasti slagur sem við höfum orðið vitni að um íslenska bók,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi hjá Forlaginu. Bók Guðrúnar Evu Mínervudóttur, Skaparinn, var slegin hæstbjóðanda á mánudaginn eftir mikinn slag þýskra útgefanda. Jóhann Páll upplýsir að þrjú stór og virt forlög hafi sýnt bókinni mikinn áhuga og lagt fram tilboð. „Og þegar þannig er þá er bara haldið uppboð. Menn fengu frest til hádegis á föstudag til að skila inn tilboði og því besta var einfaldlega tekið.“

Sá sem hreppti hnossið var bdb-forlagið sem er að hluta til í eigu Random House en Jóhann Páll skaut á að bókin yrði gefin út 2010. Meðal rithöfunda sem gefa út í Þýskalandi undir merkjum þess má nefna nóbelsverðlaunahafann J.M.G Le Clézio og Haruki Murakami. Höfundarlaun Guðrúnar Evu eru rúmlega fimm milljónir króna.



**FJÁRFESTIR Í REIÐHJÓLI** Guðrún sagðist ætla að fjárfesta í nýju reiðhjóli af þessu tilefni en því gamla var stolið fyrir nokkrum dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Jóhann tengir þennan áhuga ekki við efnahagsástandið heldur bendir einfaldlega á að það sé mikill áhugi á Íslandi og íslenskum bókmenntum í Þýskalandi. „Þetta hefur náttúrulega aðallega gilt um krimmana og það hefur ekki verið sama eftirspurn eftir annars konar bókmenntum. Útgefendurnir mátu það hins vegar þannig að bók Guðrúnar væri hágæðabókmenntir samfara því að vera söluvænleg og ætti í raun skilið að seljast í gámavís.“ Jóhann viðurkenndi jafnframt að það hefði ekki spillt fyrir að Guðrún Eva væri sjálf mjög söluvæn. „Það er draumur sérhvers útgefanda að sameina sölubók og „góða bók“ og bdb-forlaginu þykir Skaparinn falla fyllilega undir þau skilyrði.“



**HARÐUR SLAGUR** Jóhann Páll Valdimarsson segir slaginn meðal þýskra um bók Guðrúnar Evu hafa verið með þeim harðari sem hann hafi orðið vitni að.

Guðrún Eva var að vonum ákaflega ánægð með tíðindin en þetta verður í fyrsta skipti sem bók úr hennar smiðju er gefin út á þýska tungu. Hún sagðist af þessu tilefni ætla að fjárfesta í nýju reiðhjóli enda hefði því gamla verið stolið fyrir nokkrum dögum. „Ég er náttúrulega alveg ótrúlega sátt með þetta. Ég gerði mér auðvitað vonir um að hún færi eitthvað á flakk út fyrir landsteinana en að slagurinn yrði svona harður var ekki eitthvað sem ég hafði búist við,“ segir Guðrún sem getur ekki annað en verið glöð með afraksturinn í jólabókaflóðinu, stór útgáfusamningur og tilnefning til hinna íslensku bókmenntaverðlauna. freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrsta plata **Svölu Björgvins** og krakkanna í Steed Lord er komin út. Platan kallast Truth Serum og meðal gesta á henni eru Krummi Björgvinsson, bróðir Svölu, og Egill Eðvarðsson, pabbi strákanna í sveitinni. Á ýmsu hefur gengið við gerð plötu Steed Lord og skemmst er að minnast að meðlimir sveitarinnar lentu í alvarlegu umferðarslysi fyrr á þessu ári þegar þeir voru á leið út á flugvöll. Krakkarnir hafa ekki gleymt fólkinu sem hjálpaði þeim á erfiðum tímum í kjölfarið. Á kápu plötuumslagsins segir: „A very special thank you to all the doctors, nurses and good people who helped us through hard times, we will never forget you.“



Íslenska kvikmyndin Duggholufólkið kom, sá og sigraði á alþjóðlegu barna-og unglingakvikmyndahátíðinni í Olympiu sem haldin var í Grikklandi um síðustu helgi. Myndin vann til þrennra verðlauna; Bergþór Þorvaldsson var valinn besti leikarinn, **Ari Kristinsson** besti leikstjórinn auk þess sem myndin var valin sú besta af dómnefnd barna og unglinga. Frá þessu er greint á vefsíðunni logs.is.



**Jóhanna Vilhjálmsdóttir** Kastljósskona og eiginmaður hennar, Geir Sveinsson, eignuðust son á mánudaginn. Frá þessu var greint á Vísi.is. Allt gekk að óskum og fengu mæðginin að fara heim sama dag. Svo skemmtilega vill til að Jóhanna átti afmæli um helgina og því gat hún varla hugsað sér betri afmælisgjöf en fæðingu sonarins. -hdm, fgg



FULL BÚÐ AF VÖRUM



RUMPU TUSKI

# Bogi smælar framan í gjaldþrotið

Bogi Jónsson húsráðandi á Hliði á Álftanesi vakti athygli fyrir nokkru þegar hann var kominn með 200 milljón króna Ebay-tilboð (1,4 milljón dali) í veitingastaðinn og húseignina. „Nei, þetta seldist ekki,“ segir Bogi. „Þegar fjölmiðlaathyglin skall á hvarf nú bara tilboðið, sem var frá Íslendingi. Ég hélt það væri ekki hægt að taka tilboð til baka en við nánari athugun er það víst hægt á meðan uppboðið er enn í gangi.“

Bogi hafði hugsað sér að borga upp skuldir og hefja nýtt líf í Taílandi með eiginkonu sinni Nok. „Ég var byrjaður að kíkja á sólarvörn og allar græjur,“ segir Bogi og hlær. „En maður bítur bara í það súra.“

Að Hliði hafa Bogi og Nok rekið rómað heimaveitingahús um árabil. „Það er enn þá mjög góður bisness í því og nóg að gera, pantað marga mánuði fram í tímann. Það var bara þetta hryllilega óstöðuga efnahagsástand sem fór með mig.“



**200 MILLJÓNA TILBOÐ HVARF** Bogi og Nok á Hliði ekki á leið til Tailands í bráð. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Bogi hafði ráðist í framkvæmdir, byggt torfbæ og komið upp baðhúsi og nuddstofu fyrir gesti. „Fjármögnunin við það fór langleiðina upp að rauða strikinu, en við óbreytt ástand hefði það sloppið. Þegar óðaverðbólgan byrjaði og gengið féll náðu endar einfaldlega ekki saman, enda lánin bæði á myntkörfu og með verðbótum. Ég sé ekki fram á annað en að bankinn taki þetta bara.“

Þótt Bogi sé eitt af mörgum fórnarlömbum kreppunnar er hann ekkert að væla. „Maður ræður kannski ekki mörgu en maður ræður allavega hvort maður fer í gegnum lífið smælandi eða skælandi,“ segir hann. „Og auðvitað er kreppan ekki alslæm. Við sjáum hvað skiptir mestu máli eftir þetta. Auðvitað voru allir komnir á alltof mikinn sprett. Og það sem við erum að gera hérna er að hægja á fólki, þótt það sé ekki nema í hálftíma.“

Og þar til annað kemur í ljós munu Bogi og Nok halda áfram að hægja á fólki. Bogi er meira að segja langt kominn með friðarkúlu sem hann vígir á næstunni. Nánar um það síðar. - drg

# „Guðrún Eva er einn af okkar bestu rithöfundum.“

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / DV






ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING 2008

„Skyldulesning“
Páll Baldvin Baldvinsson
Fréttablaðið

„**Á eftir að vekja alþjóðlega athygli** ...
grípur lesandann allt frá fyrstu síðu.“
SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„**Afbragðsvel byggð saga**.“
GAUTI KRISTMANNSSON / VÍÐSJÁ

„**Gríðarlega flott skáldsaga** ... **feikilega vel skrifuð**.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

„**Mjög vel skrifuð bók**.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Guðrún er svo **ofboðslega klár og skemmtilegur höfundur** að maður roðnar eiginlega bara við að hugsa um hæfileika hennar.“
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON / NÝTT LÍF

„Fersk efnistök ... **skemmtileg flétta**.“
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON / MANNAMÁL

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI
GLEÐILEG BÓKAJÓL

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is




**BAKÞANKAR**
Páls Baldvins Baldvinssonar

## *Áttu nóg, áttu afgang?*

Landsins fjölsóttasti bloggari viðurkenndi það á mánudag: honum var þorrinn allur þróttur – svartsýnin sótti hann heim og settist upp í hans sálarranni. Í kjölfarið spýttust inn á færsluna hans sams konar játningar og á móti hughreystingar: einstaklingur vertu hraustur! Dugar það til, mun stjórnvöldum úr háum ráðuneytum og þingsölum til næturlýstra herbergja bankastofnana takast að murka vonina úr sálarkirnum þjóðarinnar? Þjappa þýlyndinu svo rækilega í geðslagið að mannfellir verði af? Mannfellir af mannavöldum?

**VIKURNAR** við skemmstan dag hafa svo lengi sem elstu menn muna verið annatími neysluveislunnar. Þessar vikur mun Ísland vera eina landið í norðurhluta Evrópu þar sem ekki sér enn högg á vatni, viðskipti ganga fram eins og ekkert hafi í skorist hér á landi þótt kaupmenn merki hægari þunga í sölu til þeirra sem á annað borð telja sig hafa auraráð. Hinir sem heima sitja og eiga ekki fyrir skuldum, húsnæði, nauðþurftum verða æ fleiri og til þeirra spyrst ekki. Ekki enn. En þeir eru þarna samt. Frá nálægum löndum berast aftur fréttir að þar fari kaupendur sér hægar og dragi úr kaupæðinu það sem af er.

**ER SÁ TÍMI** ekki kominn að við förum að hugsa okkur um: er sá tími kominn að við ættum að gjalda tíund í samhjálp fyrir þá sem horfa fram á nauð um þessar hátíðir, jól og áramótin? Nógar hendur vilja fúsar létta undir með hjálparstofnunum, ætla þær að hnykkja á um að nú sé tími kominn til að gefa, ekki þiggja? Rétta þeim sem standa höllum fæti fúsa hjálparhönd? Standa við þau kristilegu gildi sem þorri þjóðarinnar hefur játað í hundruð ára, standa við stóru orðin?

**ÞAÐ** skyldi þó ekki vera eftir þá dýrðartíma hégóma og gjálífis sem við höfum lifað undanfarin misseri, þá tignun auðs sem hér hefur þrifist og efnt var til í nafni frelsis að við verðum að lokum þess umkomin í fyrirsjáanlegum þrengingum sem framundan eru að gefa það sem aukreitis er og jafnvel betur þeim sem hafa minnst að bíta og brenna, sigrum dýrkun auðsins með því að gjalda þá tíund glöð og fús.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 10. desember, 345. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.08 | 13.20 | 15.33 |
| Akureyri | 11.22 | 13.05 | 14.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Glæsilegt jólatilboð:

# 3 fyrir 1



SAMSUNG U900 SOUL

Símalán - útborgun:

1.900 kr.

Aðeins 4.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð: 49.900

Samsung Soul er frábær 3G sími með 5Mp myndavél, myndbandsupptöku, útvarpi og tónlistarspilara. Þunnur, glæsilegur og aðeins 112 g.

Fáðu þér fullkominn Samsung U900 Soul á frábæru jólatilboði*. Með honum færðu tvo létta og lipra Samsung samlokusíma í kaupbæti! Með símunum fylgir M sem er vefur Símans í farsímanum. M getur þú notað til afþreyingar þegar þér hentar, farið á m.siminn.is og opnað Facebook, spjallað á MSN, skoðað tölvupóstinn eða kíkt á nýjasta nýtt á YouTube.

* Tilboðin gilda meðan birgðir endast.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn